# FRÉTTABLAÐIÐ

210. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 9. SEPTEMBER 2015




Nýtt þing Forseti Íslands, biskup Íslands, ráðherrar og alþingismenn gengu fylktu liði til Dómkirkjunnar við setningu Alþingis í gær. Séra Toshiki Toma, prestur innflytjenda, prédikaði. „Ég er þakklátur fyrir tækifærið til að tala beint við fulltrúa þjóðarinnar um flóttamannamál,“ segir séra Toshiki sem vill virkja þjóðkirkjuna til að fjalla meira um málefni flóttamanna. Fréttablaðið/GVA

## Þingmenn í sparifötunum

**LÍFIÐ** Við þingsetningu Alþingis í gær mættu þingmenn til vinnu eftir sumarfrí og voru sumir búnir að kaupa ný föt fyrir haustið. Fréttablaðið rýndi í dressin.

Sumir tóku meiri áhættu en aðrir en þeir sem hafa ætlað sér að vera öruggir gerðu það vel.

Það var ekki mikil fjölbreytni í jakkafatavali karlanna en það voru nokkrir sem skáru sig úr hópnum með skemmtilegum bindum og öðruvísi jökkum. Fatnaður kvennanna var mun fjölbreyttari. Þær léku sér með liti og snið.

Það verður spennandi að fylgjast með tískunni á Alþingi í vetur enda er greinilegt að tískan spyr ekki um stjórnmálaflokk. – gj / sjá síðu 52



Eygló Harðardóttir og Guðmundur Steingrímsson við þingsetningu gær.

# Ferðaþjónustan tapar milljarði á seinagangi

**Verja á 149 milljónum á fjárlögum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Þar liggur fé óhreyft frá fyrra ári vegna seinagangs framkvæmdaaðila og því óþarft að veita meira fé að sinni. Ráðherra telur þurfa milljarð árlega til uppbyggingar.**

**STJÓRNMÁL** Ekki er gert ráð fyrir þeim milljarði í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða í fjárlögum næsta árs, líkt og Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferðamála, hefur ítrekað talað um að vanti í málaflokkinn til uppbyggingar ferðamannastaða og til verndar viðkvæmri náttúru Íslands. Ástæðan er seinagangur framkvæmdaaðila.

Í fjárlögum ríkisstjórnarinnar, sem kynnt voru í gær, er áformað að veita 149 milljónir króna á næsta ári til uppbyggingar ferðamannastaða. Ástæður þess að ekki er veitt meira fé til málaflokksins nú er að ekki hefur gengið að útdeila því fé sem sjóðurinn fékk og átti að nýtast í sumar til uppbyggingar. Samkvæmt atvinnuvegaráðuneytinu er umtalsvert fé, um 1,2 milljarðar króna, óhreyft í sjóðnum. Ekki hafi verið ráðstafað í þau verkefni sem úthlutað hafði verið til. Ástæður þessa samkvæmt ráðuneytinu eru seinagangur framkvæmdaaðila og tafir við undirbúning. Þetta staðfestir Albína Thordarson, formaður Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Grímur Sæmundsen, formaður SAF, segir þetta vera hárrétt hjá ráðherra og að greiningarvinna hafi farið fram um hvar skórinn kreppir. Nú þurfi allir að leggjast á eitt um að ryðja hindrunum úr vegi uppbyggingar ferðamannastaða.



Erfiðlega hefur gengið að hefja framkvæmdir við ferðamannastaði. Fréttablaðið/GVA

> Við erum í kapphlaupi við tímann. Vöxturinn hefur verið það mikill að við þurfum að sameinast um að leysa málið í stað þess að leita að sökudólgum.
>
> Grímur Sæmundsen, formaður SAF



„Ég tek undir yfirlýsingu ráðherra og lýsi yfir áhyggjum af því að séu aðrir þættir en fjárskortur sem hamla uppbyggingu ferðamannastaða á Íslandi,“ segir Grímur. „Á meðan gjalda allir fyrir og við erum í kapphlaupi við tímann. Vöxturinn hefur verið það mikill að við þurfum að sameinast um að leysa málið í stað þess að leita að sökudólgum.“

Ragnheiður Elín Árnadóttir sagði í Fréttablaðinu 30. apríl síðastliðinn fjögur ráðuneyti hafa hafið vinnu að áætlun um fjármögnun ferðamannastaða. Milljarð þyrfti árlega á næstu árum og yrði uppbyggingin fjármögnuð á fjárlögum. „Og hún verður tryggð, við munum axla okkar ábyrgð,“ sagði ráðherrann. – sa / sjá síðu 8-12

## Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN** Vond stjórnsýsla Flókið regluverk og vinnubrögð í stjórnsýslunni bitna á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, segir hagfræðingur Viðskiptaráðs.

**SKOÐUN** Heiða Kristín Helgadóttir skrifar um flóttamenn. 15

**SPORT** Skellur gegn Serbum. 16

**MENNING** Ófullnægjandi Móðurharðindi. 24

**LÍFIÐ** Hver er þessi fuccboi? 34

**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **MARKAÐUR** ● **RAKI OG MYGLA**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Í nótt gekk suðaustanstormur yfir sunnan- og vestanvert landið með tilheyrandi rigningu, en síðan fer að lægja smám saman. Áfram verður þó vætusamt sunnanlands, en fremur hlýtt. Í kvöld kemur síðan næsta lægð og hvessir þá aftur.

## Fólki verði hjálpað skjótt

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Við viljum að þessu fólki verði hjálpað sem fyrst og ákváðum í anda sátta að gera málamiðlun,“ segir Ása Richardsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingar í Kópavogi.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti einróma á fundi bæjarstjórnar síðdegis í gær að taka á móti flóttafólki og var bæjarstjóra falið að koma afstöðu bæjarins á framfæri við velferðarráðuneytið.

Fundur bæjarstjórnar stóð yfir í þrjár og hálfa klukkustund.

Í ályktun bæjarstjórnar kemur fram að Kópavogsbær telur eðlilegt að bærinn, sem næststærsta sveitarfélag landsins, bjóði flóttafólki aðstoð, í hlutfalli við stærð sína. **– kbg**

## Staðið í stórræðum




**Unnið var við niðurrif á húsi á Hafnarstræti sem áður hýsti verslun Rammagerðarinnar. Icelandair Hotels mun í framhaldinu reisa lúxushótel á reitnum.** Fréttablaðið/Vilhelm



**Lúpínan er ekki óumdeild.** Fréttablaðið/Pjetur

## Vill samtök fyrir vini Höfðans

**UMHVERFISMÁL** „Ég vil koma í veg fyrir að Höfðinn fari undir lúpínuna, það er ósköp einfalt mál,“ segir Steindór Haraldsson, sveitarstjórnarmaður á Skagaströnd, sem íhugar að stofna samtök vina Spákonufellshöfða.

„Höfðinn er okkar perla hérna, sjálfur fer ég mjög mikið um hann. Ég ólst nánast upp á honum og þekki þar hvern stein,“ segir Steinþór sem er ósáttur við uppgang lúpínu á staðnum.

„Mér sárnar þetta mjög. Það er verið að reyna af veikum mætti að sporna við henni en hún er skaðræði og hefur numið þarna land. Það þarf almennt átak bæjarbúa til að koma í veg fyrir að hún eyðileggi þessa náttúruperlu,“ segir Steindór.

„Lúpínan er búin að gera okkur og mörgum hrikalega skráveifu. Menn heldu að hún myndi vaxa upp og búa til góðan jarðveg og deyja svo út en annað hefur komið í ljós. Hún er bara skaðræði.“ **– þea**




# Sýrlenskur flóttamaður settur í fangelsi á Íslandi

**Systkinin Lina og Yassar Ashouri eru frá Aleppo í Sýrlandi og flúðu stríðsátök til Íslands. Þau eru þakklát Íslendingum en hafa þó lent í nokkrum erfiðleikum hér á landi. Fyrstu fimmtán dögum sínum á Íslandi eyddi Yassar í fangelsi.**

**FLÓTTAMENN** Yassar og Lina Ashouri bjóða blaðamanni og ljósmyndara upp á arabískt kaffi sem angar af kardimommum. Kaffiilmurinn og fjölskyldumyndir frá fjölskyldubúgarði þeirra systkina í Aleppo í gluggakistunni eru það eina sem minnir á heimahaga þeirra í Sýrlandi í blokkaríbúðinni sem þau búa í við Kleppsveg í Reykjavík.

Þótt íbúðin sé sæmilega stór er hún tómleg og í henni eru afar fáir persónulegir munir. Systkinin skýra það út að þau hafi tekið sáralítið með sér á flóttanum. Aðeins fáeinar myndir, muni og fatnað.

Þau eru bæði afar þakklát stjórnvöldum fyrir að hafa fengið griðastað hér á landi og taka það skýrt fram að Rauði krossinn hafi reynst þeim hjálplegur. Þau séu reglulega spurð hvort þau skorti föt, fæði eða aðra aðstoð.

Lina hefur dvalið á landinu í nokkra mánuði og kom hingað með aðstoð Sameinuðu þjóðanna. Ferðalag Yassars var erfiðara, hann hefur dvalið hér á landi síðan í sumar, nærri því í tvo mánuði. Hann flúði frá Sýrlandi til Tyrklands, komst þaðan á fölsuðum pappírum til Grikklands og þaðan til Íslands. Við komuna til landsins var hann handtekinn og fangelsaður. Hann sat í fangelsi í fimmtán daga. Yassar er lögfræðimenntaður og Lina er tannlæknir, með þeim búa tveir táningssynir Linu.

Hún hafði beðið komu bróður síns og það var henni afar erfitt þegar hann var fangelsaður við komuna til Íslands. „Ég varð reið, mér fannst mjög erfitt að skilja hvers vegna hann var fangelsaður og fékk það í gegn að heimsækja hann.“„Þetta er í fyrsta skipti sem ég hef verið í fangelsi,“ segir hann.

Yassar bendir á að hann hefði ekki komist langt á sínum eigin skilríkjum. „Ég ferðaðist með litlum plastbát frá Tyrklandi til Grikklands, hann rúmaði tuttugu manns en í honum voru fjörutíu og tveir flóttamenn. Sýrlendingum er vísað frá, þeir geta ekki ferðast með flugi á sínum eigin skilríkjum. Að refsa flóttamönnum fyrir þetta er brot á Genfarsáttmálanum, það er brot á alþjóðalögum.“



**Systkinin Lina og Yassar lýsa hversdegi sem bíður flóttamanna sem koma til landsins.** Fréttablaðið/Stefán

Það er ekkert sjónvarp í íbúðinni. Þau fara reglulega á netið til að fylgjast með fréttum af straumi flóttamanna um heiminn og stríðsástandi í heimalandinu. „Það er erfitt að fylgjast með fréttum. Heimili okkar í Aleppo er eyðilagt, þetta hús hér,“ segir hann og bendir á mynd af föður sínum með syni Linu. „Gereyðilagt.“

Yassar lenti í frekari erfiðleikum við komuna til landsins. Hann er fráskilinn og var beðinn um að framvísa pappírum um skilnaðinn og stöðu sína.

„Við getum ekki endilega framvísað öllum þeim pappírum sem við viljum, það örlar á skilningsleysi hvað þetta varðar. Þó að við höfum fengið mikla aðstoð þá vantar okkur kannski aðstoð við að vera í samskiptum við félagsyfirvöld og útlendingastofnun. Þá er lögfræðikostnaður vegna komunnar til landsins orðinn mjög hár. Ég hef ekki efni á honum, hann er meira en hundrað þúsund krónur.“ **kristjanabjorg@frettabladid.is**

> **Sýrlendingum er vísað frá, þeir geta ekki ferðast með flugi á sínum eigin skilríkjum. Að refsa flóttamönnum fyrir þetta er brot á Genfarsáttmálanum.**
>
> Yassar Ashouri




## Nýr Golf Metan fer lengra og lengra og lengra ...

Ef þú ert að leita að bíl sem fer vel með umhverfið, fær frítt í stæði og er ódýr í rekstri er Golf Metan bíllinn fyrir þig. Hann gengur bæði fyrir metani og bensíni og kemur þér allt að 1.300 km á áfyllingunni. Skiptu yfir í Golf Metan og leyfðu honum að spara þér krónurnar.

**Golf Trendline 1.4 TGI Metan beinskiptur:**

**3.090.000 kr.**

**Das Auto.**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Andlýðræðslegt að tengja stjórnarskrármálið við forsetakosningar

**STJÓRNMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, ræddi í setningarræðu sinni á Alþingi í gær um breytingar á stjórnarskránni og gagnrýndi það að breytingar á stjórnarskrá yrðu gerðar fyrir forsetakosningar næsta vor af, að því er hann telur, sparnaðarhvöt.

„Ég hef lengi talið að greinar um þjóðareign og atkvæðagreiðslur ættu erindi í stjórnarskrá en jafnframt ítrekað, bæði áður og aftur nú, að samning þeirra er vandaverk og hvorki þröng tímamörk né sparnaðarhvöt mega stofna gæðum verksins í hættu,“ sagði Ólafur Ragnar og bætti því við að tenging við forsetakosningar skipti litlu máli og væri andlýðræðisleg í eðli sínu. Nauðsynlegt væri að stjórnskipun landsins væri ekki í uppnámi þegar þjóðin veldi sér forseta að vori.

„Uppnámi vegna óvissu um ákvæði sem beint eða óbeint breyta valdi og sessi forsetans,“ sagði Ólafur Ragnar og ítrekaði sömu varnaðarorð og við þingsetningu fyrir fjórum árum. „Að Alþingi tryggi að þjóðin viti með vissu hver staða forsetans sé í stjórnskipun landsins þegar hún gengur að kjörborðinu; annars gætu forsetakosningar orðið efni í óvissuferð.“

Forsetinn sagðist setja þing í síðasta sinn í því umboði sem honum var falið af þjóðinni, hann hefur setið í fimm kjörtímabil þegar forsetakosningar fara fram næsta vor, eða tuttugu ár. Hann sagði í lok júlí á sjónvarpsstöðinni Hringbraut að hann hefði ekki ákveðið hvort hann byði sig fram til forseta. Hann myndi tilkynna um það í nýársávarpi sínu. **– kbg**



**Ólafur Ragnar Grímsson ræddi um breytingar á stjórnarskrá við þingsetningu í gær.** Fréttablaðið/Vilhelm

# Lofaði auknu fé til velferðarkerfisins

## Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði Ísland hafa náð sér óvenju hratt á strik efnahagslega og kallaði eftir alþjóðasamstarfi um móttöku flóttamanna í stefnuræðu á Alþingi. Birgitta Jónsdóttir sagði ekki vera stoð fyrir fallegum fyrirheitum ríkisstjórnarinnar.

**STJÓRNMÁL** „Ísland er gott land. Það er betra í dag en í gær og verður enn betra á morgun. Lífskjör batna hratt,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í stefnuræðu sinni þegar Alþingi var sett í gærkvöldi.

Forsætisráðherrann lofaði efnahagsbata síðustu ára og aukin fjárframlög til velferðarkerfisins í ræðu sinni og kallaði eftir alþjóðasamstarfi við móttöku flóttamanna.

„Fá dæmi eru um að lönd hafi náð sér jafn hratt á strik efnahagslega og Ísland á síðustu tveimur árum. Það hefur gerst á sama tíma og nágrannaþjóðirnar, í viðskiptalöndum okkar, glíma áfram við miklar efnahagsþrengingar sem ekki sér fyrir endann á.“

„Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2016, sem fjármálaráðherra kynnti fyrr í dag, verður íslenska ríkið rekið með afgangi þriðja árið í röð,“ sagði forsætisráðherrann. Hann bætti því við að þótt ríkið sé rekið með afgangi sé ríkisstjórnin að auka framlög til „allra mikilvægustu málaflokkanna“.

Að mati forsætisráðherra skara Íslendingar sérstaklega fram úr á tveimur sviðum þar sem þeir gætu veitt öðrum þjóðum leiðsögn. Annars vegar í umhverfismálum og hins vegar sjávarútvegi. Sigmundur Davíð sagði nær alla íslenska orku framleidda með endurnýjanlegum orkugjöfum og að unnið sé að því að fjölga rafmagnsbílum. Þá sagði hann hafa tekist hér á landi að haga málum þannig að sjávarútvegur skili þjóðarbúinu verulegum tekjum.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, fjallaði um fylgistap



**Þingmenn mættu aftur í Alþingishúsið í gær eftir sumarfrí.** Fréttablaðið/Vilhelm

Samfylkingarinnar í ræðu sinni og sagði þörf á að breyta starfsháttum Alþingis. „Ég held að stjórnmálaflokkarnir allir séu á síðasta séns hjá þjóðinni,“ sagði hann.

Bjarni Benediktsson kallaði eftir því að ríkið myndi treysta fólki til að ráða sér sjálft og vill hann færa vald til fólksins. „Það eru röng skilaboð frá þinginu að treysta ekki fólki til þess að sækja áfengi í verslanir.“

Þá kallaði Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, eftir því að langtímasjónarmið yrðu höfð að leiðarljósi. „Núverandi ríkisstjórn hefur lagt ofurkapp á að snúa öllu við sem sú síðasta gjörði án neinnar hugsunar um langtímasjónarmið.“

Óttarr Proppé, nýkjörinn formaður Bjartrar framtíðar, sagði tíma hafa verið sóað á síðasta þingi. „Við höfum líka sóað miklum tíma og óendanlegum kröftum í mál sem hafa komið inn án samráðs,“ sagði Óttarr og tók slit aðildarviðræðna við Evrópusambandið sem dæmi.

Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, sagði fullt af fallegum fyrirheitum hjá ríkisstjórninni sem ekki væri að sjá stoð fyrir í fjárlögum.

**thorgnyr@frettabladid.is**

**Núverandi ríkisstjórn hefur lagt ofurkapp á að snúa öllu við sem sú síðasta gjörði án neinnar hugsunar um langtímasjónarmið.**

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna



**Viðurkennum að Ísland stendur sig vel á sviðum umhverfismála og sjávarútvegsmála og látum það verða okkur hvatningu til að gera enn betur.**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra








# Stefnir í metár hælisumsókna á árinu

**STJÓRNSÝSLA** „Allt útlit er fyrir að árið 2015 verði metár í hælisumsóknum á Íslandi,“ segir í umfjöllun á vef Útlendingastofnunar. Frá ársbyrjun og til ágústloka höfðu 154 einstaklingar sótt hér um hæli, sem er sagt 66 prósenta aukning frá fyrra ári. Þá höfðu á sama tíma borist 93 hælisumsóknir.

„Í ágúst sóttu 49 manns um hæli á Íslandi en það eru jafn margir og sóttu um samtals síðustu þrjá mánuðina á undan,“ segir á vef stofnunarinnar og einnig bent á að árið 2009 hafi 35 manns sótt hér um hæli.

Umsækjendur eru af 32 þjóðernum og einn ríkisfangslaus. „Albanar eru langfjölmennastir og telja 51 umsækjanda, rétt tæplega þriðjung allra umsókna.“ Í öðru sæti eru Sýrlendingar, 18 talsins eða 12 prósent umsókna, en í Sýrlandi geisar borgarastyrjöld.

Útlendingastofnun áréttar að í ljósi borgarastyrjaldarinnar í Sýrlandi komi ekki til greina að vísa Sýrlendingum aftur þangað. „Sé hætta á að sýrlenskum umsækjendum sé vísað þangað, verði þeim snúið til annars Evrópuríkis, kemur ekki til greina að senda þá til viðkomandi ríkis.“

Í lok ágúst hafði Útlendingastofnun veitt 48 manns hæli eða aðra vernd á árinu. Fimmtíu var synjað um vernd en öðrum málum er sagt hafa lokið með öðrum hætti.

„Af þeim málum sem lauk með ákvörðun – þar sem umsækjandi dró umsókn ekki til baka eða lét sig hverfa – var veitt vernd í 35 prósentum tilfella. 36 prósentum mála lauk með synjun um hæli og ræður hið háa hlutfall umsækjenda frá Balkanskaga miklu þar um.“ Í 29 prósentum tilvika var fólk sent aftur til annars Evrópuríkis, ýmist samkvæmt Dyflinnarreglugerðinni eða á grundvelli þess að umsækjandi hafði þegar fengið þar veitta vernd. **– óká**



**Múslimskar konur kæla sig í Jónahafi nærri Saranda í Albaníu.** Fréttablaðið/EPA

### Þjóðerni hælisleitenda

| Land | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Albanía | 51 | 33% |
| Sýrland | 18 | 12% |
| Makedónía | 9 | 6% |
| Kósóvó | 6 | 4% |
| Hvíta-Rússland | 5 | 3% |
| Íran | 5 | 3% |
| Pakistan | 5 | 3% |
| Palestína | 5 | 3% |
| Úsbekistan | 5 | 3% |
| Annað | 46 | 30% |

Heimild: Útlendingastofnun

SUZUKI BÍLAR HF.
25
ÁRA 1990-2015

SUZUKI
Way of Life!

# ÞETTA ER YNDISLEGT LÍF

# NÝR VITARA! BREYTTUR OG ÓTRÚLEGA SPENNANDI

VITARA er nú enn betri! Hann hefur fengið einróma lof um allan heim í prófunum. Sérstaklega þykir hann með góða aksturseiginleika auk þess sem hann er mun léttari en hann var, sem skilar sér í mun sparneytnari bíl.

VERÐ FRÁ KR.
**4.480.000**

KOMDU Í REYNSLU-AKSTUR!




DYNAMO REYKJAVIK

Suzuki einsetti sér að búa til bíl sem væri fremstur í sínum flokki. Bíl sem fólk gæti notið að eiga og aka. Það er óhætt að fullyrða að vel hafi tekist til. Hinn nýji Vitara uppfyllir allar þessar kröfur - og meira til.

Suzuki Vitara verður fáanlegur í lok sumars sjálfskiptur og beinskiptur, bæði með diesel- og bensínvél.

ALLGRIP

All-Grip skapar aksturseiginleika í sérflokki og gerir Suzuki Vitara að alvöru jeppa þegar á reynir. Þú kemst alla leið!

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

## Vilja hjálpa flóttamönnum

**FLÓTTAMENN** „Við viljum kanna alla möguleika, hvernig við getum komið að þessu,“ segir Lovísa Rósa Bjarnadóttir, varaformaður bæjarráðs sveitarfélagsins Hornafjarðar, en bæjarráð samþykkti í vikunni að það kæmi í hlut félagsmálastjóra sveitarfélagsins að vera í sambandi við velferðarráðuneytið um hvernig Hornafjörður geti hjálpað og mögulega tekið á móti flóttamönnum.

„Það er reyndar húsnæðisskortur á Hornafirði eins er. Ef það er eitthvað sem við getum gert fyrir flóttamenn og fáum mögulega eitthvað frá ríkinu á móti, til dæmis til að geta byggt, er þetta möguleiki,“ segir Lovísa.

Sveitarfélagið tekur málið alvarlega en það er enn á frumstigi og hefur bæjarráð ekki velt fyrir sér hversu mörgum hægt væri að taka á móti enn. Málið var tekið fyrir á bæjarráðsfundi eftir áskorun ungmennaráðs Hornafjarðar en Lovísa segir það einnig hafa verið rætt á bæjarstjórnarfundi í síðustu viku.

„Nú þarf Hornafjörður að koma saman sem öflugt samfélag og sýna hvað við getum gert fyrir þá sem þurfa á okkar hjálp að halda,“ segir í áskorun ungmennaráðsins. Vonar ráðið því að allir Hornfirðingar, ungir sem aldnir, séu tilbúnir að taka höndum saman til þess að hægt sé að bjarga þessum mannslífum.“

Lovísa segir Hornafjörð áður hafa tekið á móti flóttamönnum.

„Árið 1997 tókum við á móti fjölskyldum frá Júgóslavíu. Við höfum reynslu af þessu þannig að við getum nýtt hana,“ segir Lovísa. **– þea**

## Jörðin gleypir í Amsterdam



Vatnsleiðsla sprakk í Amsterdam í gær með þeim afleiðingum að stór hola myndaðist. Þessi bifreið sökk ofan í holuna. Þá þurfti að rýma sjúkrahús í nágrenninu. Fréttablaðið/EPA

# Refsiaðgerðir ef ríki hunsa flóttamenn

**Svíar og Þjóðverjar hvetja önnur ESB-lönd til að taka við fleiri flóttamönnum. Varakanslari Þýskalands segir Þjóðverja geta tekið við hálfri milljón manna árlega. Það væri sambærilegt við tvö þúsund manns hér á landi. Svíar og Þjóðverjar segja refsiaðgerðir mögulegar.**

**DANMÖRK** „Öll lönd verða að taka fulla ábyrgð á að hjálpa fólki á flótta,“ sagði Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, að loknum fundi með Angelu Merkel Þýskalandskanslara í Berlín í gær.

Bæði sögðu þau refsiaðgerðir vel hugsanlegar gagnvart þeim aðildarlöndum Evrópusambandsins sem ekki vilja taka við flóttafólki í eðlilegu hlutfalli við fólksfjölda og efnahagsástand hvers lands. Fyrst eigi þó að fara samningaleiðina.

„Til að byrja með ætlum við ekki að óska eftir refsingu eða gagnrýna hin aðildarríkin án þess að leita fyrst eftir samkomulagi,“ sagði Löfven.

Svíar hafa á síðustu sólarhringum tekið við hundruðum flóttamanna, sem komu frá Þýskalandi til Danmerkur og vildu halda áfram til Svíþjóðar. Dönsk stjórnvöld hafa meinað þeim það, en sumir hafa komist með leynd yfir til Svíþjóðar og fengið góðar móttökur þar.

Á blaðamannafundi í gærmorgun sagði Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, stjórn sína eiga í viðræðum við bæði sænsk og þýsk stjórnvöld. Mögulega væri hægt að semja um að senda þá áfram til Svíþjóðar, sem það vilja.

Sjálfur sagðist hann hins vegar ekki sjá ástæðu til þess að Danir tækju við mikið fleiri flóttamönnum í ár, enda hafi Danir tekið við ansi mörgum í tíð fyrri ríkisstjórnar, þegar hann sjálfur var í stjórnarandstöðu.

„Á síðasta ári vorum við í fimmta sæti yfir þau lönd sem tóku við flestum flóttamönnum. Og hvað varðar sýrlenska flóttamenn, þá vorum við í þeirri stöðu að einungis eitt Evrópuland tók við fleirum en við. Þannig að við erum með siðferðið okkar megin,“ sagði hann.

Rasmussen fékk gagnrýni úr ýmsum áttum í gær fyrir að notfæra sér þessar tölur til að réttlæta stefnu sína í málefnum flóttamanna. Hann hafi notað þessar sömu tölur í kosningabaráttunni í júní til þess að gagnrýna þáverandi ríkisstjórn Helle Thorning-Schmidt.

Annað hljóð er í bæði Svíum og Þjóðverjum, sem eru fúsir til að taka við mun fleiri flóttamönnum.

„Ég tel að við gætum örugglega tekið við hálfri milljón eða svo í nokkur ár,“ sagði Sigmar Gabriel, varakanslari Þýskalands, í sjónvarpsviðtali. „Ég efast ekkert um það, jafnvel fleirum,“ bætti hann við.

Þjóðverjar eru rúmlega 80 milljónir, þannig að hálf milljón manns á ári jafngildir ríflega 0,6 prósentum mannfjöldans. Hér á landi væri sambærileg tala 2.000 manns, árlega.

Stríðsátökin í Sýrlandi, sem nú hafa staðið yfir í fjögur og hálft ár, hafa kostað meira en 250 þúsund manns lífið. Hálf sýrlenska þjóðin, um tólf milljónir manna, hefur hrakist frá heimilum sínum. Innan við 200 þúsund þeirra eru komnir til Evrópu.

**gudsteinn@frettabladid.is**

**250**

**þúsund manns hafa látið lífið vegna styrjaldarinnar í Sýrlandi.**



**Þýskir lögreglumenn stöðva för flóttafólks á lestarstöð í Lübeck, en fólkið hugðist fara þaðan með lest til Danmerkur.** Fréttablaðið/EPA

**Ég tel að við gætum örugglega tekið við hálfri milljón eða svo í nokkur ár.**

Sigmar Gabriel, varakanslari Þýskalands









**BMW X5 30d xDrive. Verð frá 11.790.000 kr.:** Steptronic 8 þrepa sjálfskipting – 18" álfelgur
lykillaus gangsetning – rafdrifinn afturhleri – rafdrifin framsæti með minni fyrir ökumann – nálgunarvarar
bakkmyndavél – handfrjáls Bluetooth símabúnaður – 6,5" litaskjár.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# FJÁRLAGAFRUMVARP 2016

**681 MILLJARÐUR**

Útgjöld ríkissjóðs. Útgjöld aukast um 31 milljarð.

**15,3 MILLJARÐAR**

Afgangur boðaður af rekstri ríkissjóðs árið 2016.

**13,6 milljarða hækkun**

Bætur almannatrygginga hækka um 9,4%.

**2 MILLJARÐAR**

Lækkun tekna vegna afnáms tolla.

**149 MILLJÓNIR**

Framlag til framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

**-0,14%**

Lækkun tryggingargjalds.

**66,5%**

Hækkun framlaga vegna málefna hælisleitenda. Heildarútgjöldin verða **476 milljónir króna.**

**12.000 krónur**

Hækkun ráðstöfunartekna einstaklinga með 700 þúsund krónur á mánuði.

**6.000 krónur**

Hækkun ráðstöfunartekna einstaklinga með 500 þúsund krónur á mánuði.

# Fjárlögin hallalaus í þriðja sinn í röð

**Áhersla er lögð á niðurgreiðslu erlendra skulda til að draga úr vaxtakostnaði ríkisins, segir fjármálaráðherra. Tekjuskattur einstaklinga lækkar um leið og tollar falla niður af fötum og skóm. Ýta á undir langtímaleigu með því að lækka skatta á leigutekjur einstaklinga.**

„Ef hagspár ganga eftir erum við að ganga í gegnum eitt lengsta samfellda hagvaxtarskeið í nútímahagsögu Íslands,“ benti Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra á við kynningu á fjárlagafrumvarpi næsta árs í gær. Fjárlög ársins 2015 eru þriðja frumvarpið í röð þar sem gert er ráð fyrir afgangi á fjárlögum.

Gert er ráð fyrir afnámi tolla á fatnað og skó frá áramótum og áframhaldandi afnámi tolla á sérvöru aðra en valda matvöru á árinu 2017. Þá lækkar tekjuskattur einstaklinga í tveimur áföngum og tekjuskattsþrepum er fækkað. Í frumvarpinu er svo gert ráð fyrir þriggja prósenta hækkun fjárhæða barnabóta og 9,4 prósenta hækkun á bótum elli- og örorkulífeyrisþega og atvinnuleysisbótum.

Þá er gert ráð fyrir því að frítekjumark fjármagnstekjuskatts af leigutekjum einstaklinga af íbúðarhúsnæði fari úr 30 í 50 prósent. Er það sagt gert til að hvetja til langtímaleigu, en við breytinguna fer virk skattbyrði leigutekna úr 14 prósentum í 10 prósent.

Að þessu sinni gera fjárlögin ráð fyrir 15,3 milljarða króna afgangi. Þá kom fram í kynningu Bjarna að afkoman á yfirstandandi ári yrði umtalsvert betri en áætlanir hefðu gert ráð fyrir. Gert var ráð fyrir 3,5 milljarða króna afgangi af heildarjöfnuði, en niðurstaðan stefni í 21,1 milljarðs króna afgang.

Í umfjöllun um afkomu ársins 2015 í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að ástæða betri afkomu liggi að stórum hluta í um 15 milljarða króna hækkun á óreglulegum arðgreiðslum frá fjármálastofnunum, auk þess sem skatttekjur og aðrar rekstrartekjur ríkisins hafi aukist um liðlega 11 milljarða króna. „Þar gætir meðal annars áhrifa af miklum launahækkunum í kjarasamningum á árinu,“ segir í frumvarpinu.




**Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra kynnti fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2016 á blaðamannafundi í Hörpu í hádeginu í gær.** Fréttablaðið/GVA

## Fagna afnámi tolla

Afnám tolla af fötum og skóm í fjárlagafrumvarpi næsta árs er fagnaðarefni að mati Félags atvinnurekenda (FA). „Tollalækkunaráform stjórnvalda eru mikilvægt framhald þess afnáms vörugjalda sem hófst um síðustu áramót og stórt skref í átt til þess að efla frjálsa milliríkjaverslun. FA hvetur til þess að þessi áform nái til alls innflutnings,“ segir í ályktun stjórnar FA, sem skorar á ríkisstjórnina að endurskoða þá afstöðu sína að viðhalda tollum á ýmsar innfluttar matvörur. Matartollarnir hækki vöruverð og verndi óhagkvæmar búgreinar fyrir erlendri samkeppni, sem myndi hvetja til hagræðingar og vöruþróunar.

Þá gerir stjórnin athugasemd við að tryggingargjald lækki ekki meira en áður hafi verið ráðgert. Það gera Samtök atvinnulífsins líka og benda á að tekjur ríkisins af tryggingargjaldinu séu 18 milljörðum meiri en greiðslur til atvinnuleysisbóta gefi tilefni til.

Bjarni benti á að hér hefði kaupmáttur aukist hratt með lítilli verðbólgu, hækkandi launum, niðurfærslu verðtryggða húsnæðisskulda og lækkun skatta og gjalda. Fjárlagafrumvarpið nú sé í takt við áætlun í ríkisfjármálum sem kynnt var í vor og samþykkt á Alþingi í sumar. „Öll aðalatriði þessarar áætlunar eru óbreytt í fjárlagafrumvarpinu,“ sagði Bjarni. Lykilatriði sé að áfram verði unnið að því að draga úr vaxtakostnaði ríkissjóðs með áframhaldi niðurgreiðslu erlendra skulda. Þá komi framgangur áætlunar um losun hafta til með að ýta undir bætt lánakjör ríkisins.

Í kynningu ráðherra á frumvarpinu benti hann á að hér væru heildarskuldir hins opinbera lægri en hjá þeim löndum Evrópusambandsins sem barist hefðu við hvað mestar þrengingar. Ísland er á milli Bretlands og Þýskalands hvað skuldahlutfall varðar og undir meðaltali Evrópusambandsins. Vaxtakostnaður landsins sem hlutfall af landsframleiðslu er engu að síður sá mesti í Evrópu.

Samkvæmt frumvarpinu verða erlendar skuldir hins opinbera 1.177 milljarðar króna í árslok 2016. Að sögn fjármálaráðherra er svigrúm til að lækka þær verulega, svo sem með endurfjármögnun á skuldabréfi ríkisins í Seðlabanka Íslands upp á 145 milljarða króna og mögulegri sölu Landsbankans. Bókfært virði eignarhlutar ríkisins í honum segir Bjarni vera 71 milljarð króna. Ætlanir geri hvergi ráð fyrir hagnaði af sölunni, þótt ekki sé útilokað að meira fáist fyrir eignarhlutinn. Þá séu allar líkur á að hægt verði að nýta svigrúm vegna uppgjörs við kröfuhafa bankanna til að lækka erlendar skuldir enn frekar. „En á þessu stigi er þó of mikil óvissa um útkomu slíkra aðgerða til að gera ráð fyrir þeim í áætlunum,“ sagði fjármálaráðherra í gær. **olikr@frettabladid.is**




Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn – lægra verð

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®

TILBOÐ

## TOPPLYKLASETT 28 STK

1/2" 8 - 32mm
Skrall
Framlengingar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2801

**8.900** m/vsk
Fullt verð 12.258



## PLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

**15.900** m/vsk
Fullt verð 22.663





7 SKÚFFUR

## SÁ VINSÆLI

283 verkfæri 177.750 m/vsk

## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

**21.900** m/vsk
Fullt verð 33.361





7 SKÚFFUR

## PRO PLUS SERIA

282 verkfæri 197.511 m/vsk

## VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

**26.900** m/vsk
Fullt verð 38.048



## VERKFÆRASETT 150 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Fastir lyklar 6 - 24mm,
Skrúfjárn, tangir, sexkantasett
Slaghamar, krafttöng
Nippillyklar og fl.

vnr IBTGCAI150R

**34.900** m/vsk
Fullt verð 53.600





## VERKFÆRASKÁPUR

7 skúffur - Tómur skápur

**64.900** m/vsk
Okkar besta verð

TILBOÐ



3.900 m/vsk
16.900 m/vsk
8.900 m/vsk




## NÝ VERSLUN

Skútuvogi 1, Reykjavík

# FJÁRLAGAFRUMVARP 2016

# Hvað þýðir fjárlagafrumvarpið fyrir þig?



## Hið jákvæða fyrir heimilisbókhaldið

### Afnám tolla á fatnaði og skóm

Nokkur dæmi um fatnað sem tollar lækka á

**Jakkar**

BARNAÚLPA
10.590 kr. → 9.209 kr.

13%
lækkun

**Vinnufatnaður og vinnuskór**

GÚMMÍSTÍGVÉL
10.849 → 9.434

13%
lækkun

**Hlífðarfatnaður**

SNJÓGALLI
25.000 í 21.739

13%

Alls er áformað að bein lækkun álagningar af hálfu ríkisins nemi um 4,4 milljörðum króna.

### Breytingar á skattkerfi

- Lægra tekjuskattsþrep verður lækkað úr 22,86% í 22,68%
- Greiðslur barnabóta hækka um 3% frá því sem nú er
- Greiðslur elli- og örorkulífeyris hækka um 9,4%
- Frítekjumark fjármagnstekjuskatts af leigutekjum einstaklinga af íbúðarhúsnæði verði hækkað úr 30% í 50%

## Hið neikvæða fyrir heimilisbókhaldið

### Hækkun sóknargjalda

**Sóknargjöld til íslensku þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga**
810 kr. → 898 kr. á mánuði

9%

**Sóknargjöld voru einnig hækkuð í síðustu fjárlagagerð**
750 kr. → 810 kr. á mánuði

8%

### Framkvæmdasjóður aldraðra

Gert er ráð fyrir að gjöld til Framkvæmdasjóðs aldraðra hækki um 3% á milli ára

10.159 kr. → 10.464 kr.

3%

### Olíugjald hækkað

Lagt er til að olíugjald, kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald hækki árið 2016 í samræmi við verðlagsbreytingar

### Fæðingarorlofsgreiðslur

Fæðingarorlofsgreiðslur standa í stað frá fyrra ári og er ekki áformað að hækka framlög til málaflokksins




PIPAR\TBWA • SÍA • 153139



Arnór Sigurjónsson, skrifstofustjóri á skrifstofu varnarmála í utanríkisráðuneytinu, heilsar Bob Work, aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna, á Keflavíkurflugvelli í vikunni. Mynd/Glenn Fawcett (DoD)

# Varnarmálin aftur á dagskrá

Farið er fram á 1.042,2 milljónir króna undir liðnum „varnarmál“ í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár.

„Málefnaflokkurinn Varnarmál féll brott úr ráðuneytiskafla utanríkisráðuneytisins í fjárlögum 2011 er fjárheimildir hans voru millifærðar frá ráðuneytinu,“ segir í frumvarpinu. Verkefnin voru flutt til innanríkisráðuneytisins að mestu, auk smærri tilfærslna yfir á aðra liði utanríkisráðuneytis og til Alþingis.

Lagt er til að 793,1 milljónar króna fjárheimild vegna varnartengdra verkefna verði flutt frá innanríkisráðuneyti yfir á varnarmál hjá utanríkisráðuneyti. Vísað er til samnings utanríkisráðuneytis og innanríkisráðuneytis frá 30. júlí 2014 um að ríkislögreglustjóri og Landhelgisgæsla Íslands annist tiltekin verkefni samkvæmt varnarmálalögum. „Með þessum samningi er fest í sessi formlegt samskipta- og samráðsferli milli forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis og innanríkisráðuneytis um öryggis- og varnarmál. Utanríkisráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins,“ segir í fjárlagafrumvarpinu.

Þá er lagt til að framlög Íslands til öryggis- og varnarmála verði aukin um 213 milljónir króna. „Rík áhersla hefur verið á að bandalagsríki NATO auki framlög sín til sameiginlegra varna bandalagsins, sérstaklega í ljósi þróunar í öryggismálum í Evrópu,“ segir í frumvarpinu, en að auki er svo lagt til að 21 milljón króna fari í að styðja við sjóði sem verið sé að setja upp til að styrkja uppbygginguna í Úkraínu og ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um konur, frið og öryggi. – óká

**1.042,2**

**milljónir króna eru undir liðnum „varnarmál“ í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár.**


## Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 10. september gefur Íslandspóstur út tvær frímerkjaraðir og eina smáörk. Myndefni frímerkjanna eru Elliðaeyjar- og Æðeyjarvitar og gamlar byggingar. Myndefni smáarkarinnar er tileinkað alþjóðlegu jarðvegsári Sameinuðu þjóðanna 2015 og sýnir gróður- og jarðvegseyðingu.




Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum.
Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni. Sími: 580 1050.
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is
facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN







Jensen hægindastóll / Minotti



Anderson Quilt / Minotti



Perry sófaborð / Minotti

ÍTÖLSK GÆÐAHÖNNUN FRÁ MINOTTI

Í rúm 60 ár hefur Minotti staðið í fremstu röð ítalskra húsgagnaframleiðenda og á þeim tíma átt stóran þátt í að móta og auka veg ítalskrar hönnunar og tísku. Gríðarleg tæknikunnátta og ómæld virðing fyrir handverki er galdurinn á bak við tímalausa hönnun Minotti þar sem listfengi, þægindi og gæði mynda eina heild.

MÓDERN
ÞITT HEIMILI – ÞÍN STUND

HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGUR • 534 7777 • modern.is

# FJÁRLAGAFRUMVARP 2016

# Á þriðja milljarð í húsnæðismál

**Ríkisstjórnin ætlar að setja 1,5 milljarða í stofnframlög vegna uppbyggingar á félagslegu húsnæði og 1,1 milljarð í húsnæði. Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra segir að ríkisstjórnin sé að efna loforð sem gefin voru vegna kjarasamninga.**

Gert er ráð fyrir að 2,6 milljörðum króna verði varið til húsnæðismála, samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár. Þar af fara 1,5 milljarðar í stofnframlög vegna uppbyggingar á félagslegu leiguhúsnæði, en 1,1 milljarður í húsaleigubætur. Í frumvarpinu kemur fram að þetta sé í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í lok maí í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. „Í henni lýstum við yfir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að byggja allt að 2.300 leiguíbúðir á næstu fjórum árum sem yrði þá fjármagnað með stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga og beinum vaxtagreiðslum líka,“ segir Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, í samtali við Fréttablaðið. Miðað er við að hægt verði að hefja þetta átak strax á næsta ári og byggja þá eða kaupa allt að 400 leiguíbúðir.

Spurð hvort leiguhúsnæðið verði byggt upp í Reykjavík eða annars staðar á landinu segir Eygló að það muni ráðast af þörfinni. „Þörfin hefur verið mest á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Eygló. En hún bætir því við að aukinn ferðamannastraumur víða utan höfuðborgarsvæðisins og viðleitni sveitarfélaga til að snúa við byggðaþróun hafi valdið því að mikill skortur á leiguhúsnæði hafi myndast þar líka.

Í fjárlagafrumvarpinu er einnig lagt til að frítekjumark fjármagnstekjuskatts af leigutekjum einstaklinga af íbúðarhúsnæði verði hækkað úr 30 prósentum í 50 prósent. Virk skattbyrði leigutekna mun þar með lækka úr 14 prósentum í 10 prósent. Markmiðið með þessu er að hvetja til langtímaleigu íbúðarhúsnæðis. En hætta er á að skammtímaleiga húsnæðis, til dæmis í gegnum vefsíður á borð við Airbnb, sé til þess fallin að draga úr framboði á leiguhúsnæði til langs tíma og þrýsta þar með upp leiguverði.

„Þetta er í samræmi við tillögur sem komu frá verkefnastjórn um framtíðarskipan húsnæðismála og við lofuðum líka í samræmi við kjarasamninga,“ segir Eygló og vísar í fyrrgreinda yfirlýsingu sem gefin var út í vor. Þar hét ríkisstjórnin því að hvatt yrði til aukins framboðs á íbúðum og að menn væru þá meira tilbúnir til þess að leigja til almennra heimila.

Eygló telur að með þessu sé ríkisstjórnin að efna þau fyrirheit sem gefin voru í vor. „Þetta er það sem við lofuðum. Við erum síðan að vinna að ýmsum öðrum tillögum sem hafa ekki bein fjárútlát í för með sér. En þetta eru stóru tillögurnar sem snúa að fjárlagafrumvarpinu og mjög stórt skref í breytingum á húsnæðismarkaði,“ segir hún.

Eygló segist að öðru leyti vera mjög sátt við áhersluna sem endurspeglast í frumvarpinu. Í því felist auknar fjárveitingar til velferðarmála og húsnæðismála. Og að ekki sé gerð aðhaldskrafa á almannatryggingar og atvinnuleysisbætur. „Þannig að ég er mjög sátt.“

jonhakon@frettabladid.is

**Þetta er það sem við lofuðum. Við erum síðan að vinna að ýmsum öðrum tillögum sem hafa ekki bein fjárútlát í för með sér ...**



Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra segir að ríkisstjórnin sé að efna fyrirheit sem gefin voru í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VIILHELM



## Lækkun tolla eykur viðskiptafrelsið

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, segir að sér lítist vel á fjárlögin fyrir árið 2016. „Þau eru hallalaus þriðja árið í röð. Skattkerfið er einfaldað og skattar lækkaðir. Viðskiptafrelsið er stóraukið með lækkun tolla í kjölfar afnáms vörugjalda og aukin framlög í grunnþjónustu,“ segir Guðlaugur Þór þegar hann er spurður út í mikilvægustu þættina í frumvarpinu. Á fésbókarsíðu sinni bætir Guðlaugur Þór því við að frumvarpið feli í sér góð tíðindi fyrir landsmenn.



## Finnur engin merki um velferð í fjárlögunum

„Þau kalla þetta velferðarfjárlög og þá fer maður að leita eftir því hvar merkin um það eru. Og ég finn þau merki ekki,“ segir Oddný Harðardóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd. „Mér finnst mjög alvarlegt að bætur almannatrygginga hækka ekki í samræmi við lágmarkslaun og ekki afturvirkt,“ bætir hún við. Þeim sem þurfa að reiða sig á bætur sé haldið á vondum stað. „Síðan get ég ekki sé að tekið sé tillit til aukins kostnaðar í heilbrigðiskerfinu vegna þess að þjóðin er að eldast. Það virðist ekki vera horft í augu við það.“ Oddný dregur líka í efa að þær aðgerðir sem boðaðar eru í húsnæðismálum nægi til þess að svara þeirri þörf sem er.



## Ekki gert ráð fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu

„Það er kannski helst að segja að það eru vonbrigði með hversu þetta á að vera einkaneysludrifið í fjárfestingum,“ segir Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, fulltrúi VG í fjárlaganefnd. Hún gerir líka athugasemd við skattapólitíkina sem birtist í frumvarpinu með fækkun tekjuskattsþrepa. „Það er ennþá verið að styðja við þá betur launuðu en ekki þá sem eru lægst launaðir,“ segir Bjarkey. Hún bætir við að ekki sé gert ráð fyrir uppbyggingu í innviðum fyrir ferðaþjónustu og jafnframt sé engin uppbygging í vegamálum. „Hitt er kunnuglegt. Það hefur ekkert breyst varðandi heilbrigðisþjónustuna og Landspítalann,“ segir Bjarkey.



## Embætti umboðsmanns Alþingis styrkt

„Það litla sem ég hef náð að skoða og hef flett upp á í snatri eru almannatryggingar, umboðsmaður Alþingis og Fangelsismálastofnun,“ segir Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata. Hann segist ekki sjá í kaflanum um almannatryggingar að þar sé nógu miklu bætt við vegna þeirra skerðinga sem hafa átt sér stað áður. „Ég er ánægður með að það virðast vera aukin fjárframlög til Fangelsismálastofnunar og umboðsmanns Alþingis, enda verulega mikilvægar stofnanir ekki bara fyrir öryggi fanga og fangavarða og alls samfélagsins, heldur þegar kemur að eftirliti og aðhaldi með yfirvöldum.“



## Efast um breytingar á tekjuskattinum

„Við fögnum þessu með afnám tolla á fatnað,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, fulltrúi Bjartrar framtíðar í fjárlaganefnd. Hún segist þó vilja skoða betur breytingar á tekjuskattskerfinu. Það sé ekki víst að þær séu til bóta. „Það teljum við að þurfi að skoða alveg ofan í kjölinn,“ segir hún. Hún segir frumvarpið annars mjög hefðbundið og það þurfi ef til vill að stokka meira upp. „Þetta eru oft plástrar í stað lausna. Mér finnst vanta stefnumótun í almennum málaflokkum,“ segir hún. Þar nefnir hún sem dæmi framhaldsskólana og heilbrigðiskerfið.


ÍSLENSKUR CHEDDAR

LAGLEGUR

Cheddar er framleiddur á Sauðarkróki og kinkar kumpánlega kolli til bróður síns sem nefndur er eftir samnefndum bæ í Somerset Englandi. Vinsældir Cheddars-osts eru slíkar að í dag er hann mest seldi ostur í heimi. Óðals Cheddar er þéttur, kornóttur, eilítið þurr í munni en mildur, með votti af beikon- og kryddjurtabragði og ferskri, eilítið sýrði, ávaxtasætu í lokin. Cheddar er skemmtilegur í matargerðina, sérstaklega í baksturinn og á ostabakkann með kjötmeti.



ÓÐALS CHEDDAR

www.odalsostar.is

## Svigrúm er til að gera betur



Óli Kr. Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Frumvarp til fjárlaga næsta árs endurspeglar betri afkomu ríkisins en margur hefði talið von á miðað við stöðuna í heilbrigðiskerfinu og orðræðu tengda kjarasamningum. Um leið þarf að hafa í huga að skuldir ríkisins eru miklar og langtímahagsmunir af því að greiða niður skuldir og draga úr vaxtakostnaði.

Tölur um afgang eru hins vegar af slíkri stærðargráðu að vekur vonir um að gera megi betur á ýmsum sviðum. Til dæmis kom fram á kynningu fjármálaráðherra á frumvarpinu í gær að líkur væru á að afgangur af fjárlögum þessa árs yrði ekki þrír og hálfur milljarður eins og gert var ráð fyrir heldur ríflega 21 milljarður króna. Á næsta ári er svo gert ráð fyrir 15,3 milljarða króna afgangi.

Þá er ábati af uppgjöri við erlenda kröfuhafa þrotabúa bankanna tekinn alveg út fyrir sviga. „Á þessu stigi er þó of mikil óvissa um útkomu slíkra aðgerða til að gera ráð fyrir þeim í áætlunum,“ sagði fjármálaráðherra í gær.

Ljóst má vera að svigrúmið er eitthvað. Og þótt víða kunni að vera pottur brotinn hér heima þá virðist hljómgrunnur vera fyrir því að landið láti til sín taka í aðkallandi verkefnum sem tengjast flótta fólks frá borgarastríðinu í Sýrlandi. Það vekur því ákveðin vonbrigði hversu lítið fer fyrir því í fjárlögunum að fjármunir séu ætlaðir til að taka á móti flóttafólki.

Útlendingastofnun fær aukaframlag vegna aukins straums hælisleitenda (175 milljónir, sem eru tæplega tveir þriðju þeirrar fjárhæðar sem sett er í að mæta kostnaði við forsetakosningarnar), en liðurinn „Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna“ hjá velferðarráðuneytinu fær bara 56,7 milljónir króna.

Hér hafa verið uppi ráðagerðir um að taka á móti 50 flóttamönnum á næstu tveimur árum. Ef horft er á höfðatöluhlutfallið gerum við þar heldur betur en Bretar sem ætla sér fimm ár í að taka á móti 20 þúsund manns. Sú tala jafngildir því að hér yrði tekið á móti 21 flóttamanni á ári.

Bretar hafa hins vegar sætt ámæli fyrir hraksmánarlega frammistöðu og hefur dr. Alexandria Innes, sérfræðingur í málefnum flóttafólks við East Anglia-háskóla, bent á að miðað við alþjóðlegar skuldbindingar sem Bretar hafi undirgengist eftir seinna stríð þá ættu þeir að taka á móti fjölda sem væri nær 100 þúsund manns. Hér myndi sá fjöldi jafngilda 105 miðað við höfðatölu.

Ef við ætluðum að miða okkur við þá sem best hafa staðið sig þá ættum við að taka hér á móti 2.000 manns árlega. Þjóðverjar sem eru rúmar 82 milljónir hafa á þessu ári tekið á móti 800 þúsund manns og segjast árlega geta tekið á móti 500 þúsundum til viðbótar næstu ár.

Er þá rétt að hafa í huga að þarna er fólk sem er þess nauðugur einn kostur að yfirgefa heimahagana til að bjarga lífi og limum. Oft er þetta vel menntað fólk og engir þurfalingar sem með réttum stuðningi gæti fljótlega orðið hér að dugmiklum þjóðfélagsþegnum.

Svigrúm fjárlaga sýnir að við getum gert miklu betur en þegar hefur verið áætlað.

**Ef við ætluðum að miða okkur við þá sem best hafa staðið sig þá ættum við að taka hér á móti 2.000 manns árlega.**

Skipulagsstofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á **www.skipulagsstofnun.is**. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **8. október 2015.**

- **Breyting á rekstri Kratusar á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit**
- **Fiskeldisstöðin Fellsmúla, breyting á framleiðslu, Rangárþingi Ytra**
- **Vatnsaflsvirkjun við Kaldá í Önundarfirði, Ísafjarðarbæ**
- **Vatnsaflsvirkjun við Þverá í Önundarfirði, Ísafjarðarbæ**

### Halldór




## Frá degi til dags

**Að vera eða ekki vera**

**„Þegar ég nú, samkvæmt umboðinu sem þjóðin fól mér, set Alþingi í síðasta sinn.“ Til marks um einskæran áhuga forsetans á óljósu orðalagi þurftu margir hverjir að velta upp hvort forsetinn væri að fara eða ekki. Þessi ummæli gera ekkert annað en að búa til sirkus um það hvað forsetinn átti við með orðum sínum. Það umboð sem þjóðin fól honum árið 2012 er senn á enda. Svo efinn er enn til staðar um hvort hann sæki aftur umboð sitt til þjóðarinnar. Er til of mikils mælst af hr. Ólafi Ragnari Grímssyni að hann tali tæpitungulaust til þeirrar þjóðar sem veitti honum téð umboð?**

**Dýrð sé Guði í upphæðum**

**Lagt er til að sóknargjöld stórhækki í fjárlagafrumvarpi Bjarna Benediktssonar fyrir árið 2016. Íslensk þjóðkirkja mun fá um 400 milljónum króna meira í sinn vasa en í ár. Hvert einasta sóknarbarn eldra en 16 ára greiðir um 11 þúsund krónur á ári til kirkjunnar. Ljóst má vera af þessu stefnumarkandi plaggi ríkisstjórnarinnar að vel á að gera við kirkjuna okkar allra því í síðustu fjárlögum voru sóknargjöld einnig hækkuð. Hún er víst ekki ókeypis fyrir landsmenn, trúin á son guðs sem dó víst á Golgata fyrir um tvö þúsund árum, fyrir okkar syndir.**

**sveinn@frettabladid.is**

## Eldvarnir í brennidepli



Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri



Garðar H. Guðjónsson
verkefnastjóri Eldvarnabandal.

Eldvarnir eru í brennidepli hjá Akraneskaupstað og starfsfólki hans um þessar mundir. Í samræmi við samkomulag Akraneskaupstaðar og Eldvarnabandalagsins um eflingu eldvarna fær allt starfsfólk bæjarins nú fræðslu um eldvarnir bæði á vinnustað og heima. Fyrir dyrum stendur jafnframt innleiðing eigin eldvarnaeftirlits hjá stofnunum bæjarins. Þar gegna eldvarnafulltrúar lykilhlutverki. Vaskur hópur karla og kvenna hefur þegar tekið að sér hlutverk eldvarnafulltrúa og munu Eldvarnabandalagið og Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar veita þeim nauðsynlega fræðslu og þjálfun.

Í innleiðingu eigin eldvarnaeftirlits felst skýr yfirlýsing um að efla eldvarnir með reglulegu eftirliti og viðhaldi. Markmiðið er að auka öryggi starfsfólks, nemenda og viðskiptavina og draga úr líkum á tjóni á rekstri og eignum.

Innleiðing eigin eldvarnaeftirlits hjá fyrirtækjum og stofnunum er eitt af áhersluverkefnum Eldvarnabandalagsins. Eldvarnabandalagið hefur útbúið fræðsluefni um eldvarnir heimilisins og eigið eldvarnaeftirlit og er stuðst við það í samstarfinu við Akraneskaupstað.

Rannsóknir Eldvarnabandalagsins og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sýna að eldvarnir í leiguhúsnæði eru almennt lakari en hjá þeim sem búa í eigin húsnæði. Liður í samstarfi Akraneskaupstaðar og Eldvarnabandalagsins er að efla sérstaklega eldvarnir hjá þeim sem búa í leiguhúsnæði. Það verður gert með hvatningu og fræðslu í tengslum við umsóknir um húsaleigubætur hjá Akraneskaupstað í byrjun næsta árs. Megináhersla er í því sambandi lögð á að hafa nægilega marga virka reykskynjara svo íbúar geti sem fyrst orðið varir við eld og gert viðeigandi ráðstafanir til að vernda líf, heilsu og eignir.

Eldvarnir hjá Akraneskaupstað verða ekki óaðfinnanlegar á einni nóttu. Við bindum hins vegar miklar vonir við að með réttu hugarfari og samstilltu átaki stjórnenda og starfsmanna Akraneskaupstaðar, Eldvarnabandalagsins og Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar megi efla eldvarnir til muna á næstu mánuðum og misserum. Jafnframt væntum við þess að reynslan af samstarfinu á Skaganum geti nýst öðrum sveitarfélögum og fyrirtækjum við innleiðingu eigin eldvarnaeftirlits og í því skyni að auka vitund starfsmanna og annarra um mikilvægi eldvarna á heimilum og vinnustöðum.

**Liður í samstarfi Akraneskaupstaðar og Eldvarnabandalagsins er að efla sérstaklega eldvarnir hjá þeim sem búa í leiguhúsnæði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Komið fagnandi



Heiða Kristín Helgadóttir
varaþingkona Bjartrar framtíðar

> Við getum ekki haldið uppi þeim lífsgæðum sem margir telja okkur ekki geta deilt með öðrum nema fá þessa sömu aðra til liðs við okkur.

Samkvæmt alþjóðlegum samanburði raðast Ísland misjafnlega ofarlega á lista yfir topp tuttugu ríkustu lönd í heimi. Að halda því fram að við getum ekki boðið fólk velkomið hingað vegna þess að það sé svo dýrt eða að hér sé ekki pláss er ekki rétt. Helstu veikleikar Íslands, samanborið við önnur lönd, er einsleitni samfélagsins, léleg nýting á landsvæði og smæð hagkerfisins. Til þess að snúa þessari stöðu við skiptir höfuðmáli að styrkja eðlilega borgarþróun á höfuðborgarsvæðinu, þétta þar byggð og skipuleggja borg sem er samkeppnishæf við aðrar borgir í heiminum. Einungis þannig getum við átt möguleika á því að laða til okkar fólk víðs vegar að úr heiminum og halda í fólk sem fæðist hér eða á eftir að fæðast hér.

Borgarþróun á Íslandi er að mörgu leyti skammt á veg komin en með því að opna landamæri okkar, og þéttbýlið sérstaklega, fyrir fólki sem pakkar örfáum eigum í bakpoka og leggur líf sitt og barnanna sinna að veði í von um betra líf, gætum við auðgað samfélag okkar á ótal vegu og gert það enn sterkara. Eitt helsta einkenni lifandi borga sem draga til sín mikið af hæfileikaríku og framtakssömu fólki eru glögg ummerki þeirra menningarheima sem þar blandast saman og mynda sterka heild. Vel skipulagðar, sterkar og mannvænar borgir tengja fólk saman og rífa upp lífsgæði þjóða.

**Fast í hryllilegum raunveruleika**

Fólk með langanir, þrár, vonir, væntingar og nýjar hugmyndir situr fast í hryllilegum raunveruleika á sama tíma og okkur vantar fólk og fjölbreytni. Á næstu áratugum mun Íslendingum eldri en 50 ára fjölga um 44%, meðan þeim sem eru 49 ára og yngri mun fjölga um 4%. Það gefur augaleið að við þurfum að taka fólki fagnandi sem hingað vill koma, eða kemur hingað í neyð. Ekki bara vegna þess að það gera almennilegar manneskjur, heldur líka vegna þess að við verðum að gera það sjálfra okkar vegna. Við getum ekki haldið uppi þeim lífsgæðum sem margir telja okkur ekki geta deilt með öðrum nema fá þessa sömu aðra til liðs við okkur. Því við eigum það sameiginlegt með þeim að vilja lifa í friði og eiga okkur framtíð. Það besta sem gæti komið fyrir Ísland væri að fá til okkar mikið af fólki sem hefur í sér slíkan frumkraft og baráttuvilja fyrir sjálft sig og fjölskyldu sína að það sest um borð í illa útbúin skip og siglir af stað út í óvissuna. Það gefur augaleið að slíkar manneskjur verða ekki byrði á samfélaginu heldur breyta því til hins betra.

Í borgum verða til tengingar milli fólks sem annars hefði ekki hist og úr því verða til verðmæti sem annars hefðu ekki orðið til. Hér er vísir að góðu borgarsamfélagi, en það er mjög smátt, einsleitt og viðkvæmt fyrir því að hvernig haldið verður utan um framþróun þess næstu áratugina. Það myndi ekki bara styrkja okkur sem land og þjóð að fá til okkar fleira fólk sem veit ekkert hver Ólafur Ragnar er heldur myndi það leysa okkur undan því oki að vera öll innbyrðis tengd og háð áliti hvert annars. Sjálf er ég fædd í Bandaríkjunum og veit meira um Thomas Jefferson en Jón Sigurðsson og tel mig ekki síðri Íslending fyrir vikið.

# Sjávarútvegur og þöggunin



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Ef þetta gengur ekki fram mun ég persónulega sjá til þess að að þér verði ólíft á Íslandi það sem eftir er.“ Þessi tilvitnun í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, höfð eftir einum helsta ráðamanni landsins í garð manns sem dirfðist að vera honum ósammála, eru þau ummæli sem hvað best lýsa ástandi opinberrar umræðu á Íslandi á árunum frá því fyrir aldamót og fram að hruni. (7. bindi, bls. 31) Viðleitnin til að þagga niður í fólki tók jafnt til þeirra sem vildu tjá sig um stjórnmál eða þeirra sem tjáðu sig um fjármál og viðskipti. Hver sem þorði að andmæla ráðandi öflum átti útskúfun á hættu.

Þöggun viðgengst enn. Eðli þöggunar er að þeir sem vilja tjá sig um menn og málefni eru ekki reiðubúnir að koma fram og segja það sem þeim býr í hug af ótta við aðgerðir gegn þeim. Hvergi er þetta augljósara nú en í málefnum sjávarútvegsins. Sá sem verður fyrir þöggun treystir sér ekki til að greina frá þögguninni opinberlega. Hún getur birst sem beinar hótanir eða sjálfsritskoðun á því sem menn setja fram á opinberum vettvangi. Einfaldast er sjá fyrir sér sjómenn í eftirsóttu skiprúmi eða þingmenn Norðausturkjördæmis sem augljós fórnarlömb sjávarútvegsþöggunarinnar þó fórnarlömbin séu miklu fjölbreyttari hópur.

**Útboðsleið stuðlar að nýliðun**

Ánægjulegt er að Píratar skuli komnir í hóp þeirra stjórnmálahreyfinga sem hafa mótað sér stefnu um að aflaheimildir skuli boðnar út svo tryggt sé að þjóðin, eigandi fiskimiðanna, fái fullt afgjald fyrir afnot af þessari eign sinni. Gamalkunnur áróður er þegar farinn í gang um



> Þöggun viðgengst enn. Eðli þöggunar er að þeir sem vilja tjá sig um menn og málefni eru ekki reiðubúnir að koma fram og segja það sem þeim býr í hug af ótta við aðgerðir gegn þeim. Hvergi er þetta augljósara nú en í málefnum sjávarútvegsins.

að þetta komi minni útgerðum verr og eru þær fullyrðingar iðulega settar fram án rökstuðnings.

Gera má ráð fyrir, ef rétt er að útboðum staðið, að miklu líklegra sé að útboðin stuðli að aukinni fjölbreytni og nýliðun í sjávarútvegi. Þannig gætu t.d. Djúpivogur og Tálknafjörður sem nú eiga í erfiðleikum með að verða sér úti um kvóta séð fram á betri tíð verði útboðsleiðin farin. Mestu máli hlýtur að skipta að gætt sé heildarhagsmuna þjóðarinnar allrar en ekki ímyndaðra sérhagsmuna einstaka jaðarhópa.

Baráttan fyrir réttlátri skiptingu á arðinum af fiskveiðiauðlindinni er rétt að hefjast og á eftir að harðna. Mestu skiptir að þeir sem vilja berjast fyrir réttlátri skiptingu sameinist um hagsmuni þjóðarheildarinnar og láti ekki núverandi kvótahafa afvegaleiða umræðuna. Allir sem vilja að þjóðin fái að njóta afraksturs eignar sinnar verða að gæta sín á að efna ekki til Þórðargleði andstæðinganna. Til þess hafa kvótahafarnir ógrynni fjár og munu einskis svífast.

NISSAN
Innovation that excites

NISSAN MICRA
NETTUR, ÓDÝR OG HLAÐINN BÚNAÐI



NISSAN MICRA VISIA
ELDSNEYTISNOTKUN 5,0 L/100 KM*
VERÐ FRÁ: 1.990.000 KR.

Staðalbúnaður er meðal annars: Handfrjáls Bluetooth símabúnaður, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, rafknúið léttstýri, ESP stöðugleikastýring og AUX tengi fyrir iPod o.fl.

ENNEMM / SÍA / NM70682 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Hef ennþá hraðann, sem betur fer

Logi Gunnarsson bætti í gær met Herberts Arnarsonar yfir flesta leiki fyrir íslenska karlalandsliðið í Evrópukeppni. Logi var langstigahæstur í stóru tapi á móti sterku liði Serba í gær og var stoltur af liðinu þrátt fyrir skellinn.



Logi Gunnarsson var stigahæstur í íslenska liðinu gegn Serbum með 18 stig. Fréttablaðið/Vvalli

**KÖRFUBOLTI** Logi Gunnarsson lék í gær sinn 49. Evrópuleik fyrir íslenska körfuboltalandsliðið og mun spila fimmtugasta leikinn fyrstur allra á móti Spánverjum í dag. Logi bætti met Herberts Arnarsonar í gær og hélt upp á tímamótin með mjög flottum leik. Það gekk ekki eins vel hjá liðinu sem fékk sinn fyrsta skell á Evrópumótinu. Eftir að hafa tapað fyrstu tveimur leikjunum með samtals 13 stigum tapaði liðið með 29 stigum á móti Serbum í Berlín í gær.

„Ég var rosalega hreykinn af okkur í fyrri hálfleik, hvað við spiluðum góða vörn á þá. Það var bara tíu stiga munur og við vorum ekki að hitta vel. Þjálfarinn okkar sagði við okkur í hálfleik að þeir hafi verið heppnir að vera yfir í leiknum,“ segir Logi. Íslenska liðið hitti aðeins úr 32 prósentum skota sinna en var samt bara 10 stigum undir, 42-32.

„Við fengum þá til að tapa fimmtán boltum í fyrri hálfleiknum sem er frábært. Það eru ekki margir sem gera það við Serbana. Seinni hálfleikurinn var bara of erfiður. Ef þú átt ekki toppleik á móti þeim þá áttu ekki möguleika því þeir koma bara með jafn góða leikmenn inn af bekknum,“ segir Logi um seinni hálfleikinn sem tapaðist 51-32.

„Ég var ánægður með það hvernig við börðumst þó að við höfum tapað með miklum mun. Ég er stoltur af okkur og við förum í næsta leik alveg eins og við förum í fyrri hálfleikinn á móti Serbunum. Kannski náum við tveimur góðum svoleiðis hálfleikjum og þá veit maður ekki hvað gerist, sérstaklega ef við hittum vel,“ segir Logi.

Íslenska liðið á eftir tvo leiki í mótinu á móti Spáni í kvöld og svo á móti Tyrklandi á fimmudaginn.

„Það er nóg eftir og við ætlum að njóta þess að vera hérna. Við ætlum ekki bara að vera með því við ætlum að fara í þessa leiki til að vinna þá. Við förum bara kokhraustir á móti Spánverjunum á morgun (í dag),“ sagði Logi.

Margir eldri leikmenn íslenska liðsins voru þreytulegir í gær en Logi var léttur á fæti þrátt fyrir að vera elsti maður liðsins. „Þetta er rosalega erfitt og mikið álag en þá þarf maður bara að hugsa vel um líkama sinn og borða vel. Fara í sjúkraþjálfun og teygja,“ segir Logi en lykilmenn eins og Hlynur Bæringsson og Jón Arnór Stefánsson eru líka komnir vel inn á fertugsaldurinn.

„Við þurfum að passa þetta allt saman því það er mikið álag á okkur. Við erum ekki 25 ára lengur en við kannski lítum ágætlega út,“ segir Logi í léttum tón.

Logi var áræðinn í gær og hitti einnig vel úr þriggja stiga skotunum. „Ég ákvað að fara inn í leikinn eins og ég gerði í fyrstu tveimur leikjunum sem var að vaða á hringinn og nota hraðann sem ég hef ennþá. Þó að ég sé orðinn 34 ára þá hef ég ennþá hraðann, sem betur fer. Ég ætla að njóta þess á meðan ég hef hann ennþá. Maður veit víst aldrei hvenær fer að hægjast á manni,“ segir hann.

Logi náði metinu hans Herberts í gær og komst líka fram úr Teiti Örlygssyni. Hann fer síðan fram úr Jóni Sigurðssyni á fimmtudaginn og verður þá orðinn sjötti leikjahæsti landsliðsmaður Íslands frá upphafi. „Það er ekki amalegt að fara fram úr þeim,“ segir Logi að lokum. **ooj@frettabladid.is**

> **Ég er stoltur af okkur og við förum í næsta leik alveg eins og við förum í fyrri hálfleikinn á móti Serbum.**
>
> Logi Gunnarsso, landsliðsmaður

## Flestir leikir fyrir Ísland í Evrópukeppni:

| | |
|---|---|
| Logi Gunnarsson | 49 |
| Herbert Arnarson | 48 |
| Friðrik Stefánsson | 47 |
| Guðmundur Bragason | 45 |
| Jón Arnór Stefánsson | 43 |
| Falur Harðarson | 41 |
| Teitur Örlygsson | 37 |
| Helgi Már Magnússon | 36 |
| Hlynur Bæringsson | 35 |
| Jakob Örn Sigurðarson | 32 |
| Páll Axel Vilbergsson | 32 |
| Guðjón Skúlason | 32 |

# Við erum ekkert saddir



Jón Arnór Stefánsson

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson hefur ekki áhyggjur af hnénu þótt hann hafi lítið geta beitt sér í gær. Hann segir líka mikilvægt að íslenska liðið klári mótið af krafti og láti skellinn á móti Serbum í gær ekki trufla sig. „Við náum orkunni upp aftur og fáum lappirnar undir okkur,“ segir Jón Arnór sem þarf mögulega að láta að tappa af hnénu. „Við verðum að gíra okkur upp fyrir morgundaginn [daginn í dag] og halda áfram. Við erum ekkert saddir eftir að hafa spilað tvo góða leiki. Við verðum að halda áfram og klára þetta með stæl,“ segir Jón Arnór.

Íslenska liðið tapaði tveimur fyrstu leikjunum með samtals 13 stigum en tapaði með 29 stigum á móti Serbíu í gær.

„Við verðum að halda áfram að reyna að fá eins mikið út úr þessu og við getum. Við erum hér til þess og eigum að fara út úr þessu móti með góða tilfinningu að við gerðum okkar besta og fengum þessa reynslu,“ segir Jón Arnór. – **óój**


FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Naustabryggja 54

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45

4ra herbergja útsýnisíbúð með stórum svölum.

Glæsileg 130,5 fm. íbúð á 2. hæð að meðtaldri geymslu á þessum frábæra stað niður við smábátahöfnina í Grafarvoginum. Um 22 fm. hornsvalir með allri íbúðinni með frábæru útsýni yfir voginn og víðar og er útgengt á þær úr einu herberginu og úr stofu. Falleg gróin lóð og snyrtileg aðkoma. Íbúðin er einstaklega vel skipulögð með stóru hjónaherbergi með fataherbergi og baðherbergi innaf. Tvö barnaherbergi með sér baðherbergi með sturtu.
Verð 46,5 millj. Íbúð merkt 0204. Verið velkomin.





## Nýjast

### STRÁKARNIR GERÐU JAFNTEFLI

Strákarnir í U-21 árs landsliði Íslands í fótbolta þurftu að sætta sig við jafntefli gegn Norður-Írlandi í undankeppni EM 2017 í gær. Ísland sat í toppsæti riðilsins með fullt hús stiga eftir tvo leiki á meðan Norður-Írland var stigalaust eftir tap gegn Skotlandi.

Hefur íslenska liðið farið vel af stað en liðið fylgdi eftir 3-0 sigri á Makedóníu með 3-2 sigri á Frakklandi á laugardaginn. Norður-Írarnir fengu sannkallaða draumabyrjun en þeir komust yfir þegar rúmlega mínúta var búin af fyrri hálfleik. Skallaði þá Ryan Johnson hornspyrnu Darren McKnight í netið af stuttu færi, óverjandi fyrir Frederik Schram í marki íslenska liðsins.

Elías Már Ómarsson fékk góð færi í fyrri hálfeik, annað þegar hann komst framhjá markmanni gestanna og reyndi skot af 25 metra færi í autt netið þrátt fyrir að vera með Aron Elís Þrándarson með sér í betri stöðu. Íslenska liðinu tókst illa að skapa sér færi í seinni hálfleik en hættulegustu tilraun seinni hálfleiks átti Elías Már er skot hans fyrir utan vítateiginn fór hárfínt framhjá.

Reyndu þeir að færa sig framar á völlinn síðustu tíu mínútur leiksins eftir sóknarsinnaðar skiptingar en þrátt fyrir það tókst liðinu ekki að skapa sér almennileg færi og lauk leiknum með 1-1 jafntefli.

### MEISTARARNIR BYRJA Í VÍKINNI

Olís-deild karla í handbolta hefst í kvöld með tveimur leikjum. Í Víkinni taka nýliðar Víkings á móti Íslandsmeisturum Hauka. Þessum liðum var spáð misjöfnu gengi í árlegri spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna liðanna sem kynnt var á kynningarfundi deildarinnar í gær; Haukum var spáð 3. sæti á eftir ÍBV og Val en Víkingum 10. og neðsta sæti. Í hinum leik kvöldsins mætast FH og Fram í Kaplakrika. Þeim var spáð svipuðu gengi, eða 5. og 6. sæti.

> **Ekki annað hægt en að hrífast með landsliðinu í basket. #Eurobasket #kki**
>
> Hilmar Þórlindsson
> **@biginjapan8**

### GRÓTTA BYRJAR VEL

Grótta bar sigurorð af Val, 27-19, í Meistarakeppni HSÍ í gær en leikurinn fór fram í Hertz-höllinni á Seltjarnarnesi. Grótta varð deildar-, bikarmeistari og Íslandsmeistari í fyrra og Seltirningum var spáð efsta sætinu í Olís-deild kvenna í árlegri spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna liðanna sem kynnt var á kynningarfundi deildarinnar í gær. Laufey Ásta Guðmundsdóttir var markahæst í liði Gróttu með sjö mörk en Sunna María Einarsdóttir og Unnur Ómarsdóttir komu næstar með fimm mörk hvor. Morgan Marie Þorkelsdóttir skoraði mest fyrir Val, eða fjögur mörk.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | Ísland - Spánn | Berlín |
| 19.30 | FH - Fram | Kaplakriki |
| 19.30 | Víkingur - Haukar | Víkin |




## Olís-deildin í handbolta hefst í kvöld

Olís er aðalstyrktaraðili Íslandsmóts karla og kvenna í handbolta þriðja árið í röð.
Deildin hefst í kvöld með fyrstu leikjum hjá körlum en konurnar hefja leik á föstudag.
Fylgstu með Íslandsmótinu frá byrjun, komdu á völlinn **og gríptu gleðina!**

PIPAR\TBWA • SÍA • 154148

**FYRSTA UMFERÐ Í OLÍS-DEILD KARLA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **FH – Fram** | 9. sept. | 19.30 | Kaplakriki |
| **Víkingur – Haukar** | 9. sept. | 19.30 | Víkin |
| **ÍBV – Valur** | 10. sept. | 18.30 | Vestmannaeyjar |
| **ÍR – Akureyri** | 10. sept. | 19.00 | Austurberg |
| **Afturelding – Grótta** | 10. sept. | 19.30 | N1-höllin |

**FYRSTA UMFERÐ Í OLÍS-DEILD KVENNA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Stjarnan – Fylkir** | 11. sept. | 19.30 | TM-höllin |
| **ÍR – Grótta** | 12. sept. | 13.30 | Austurberg |
| **Fram – ÍBV** | 12. sept. | 14.00 | Framhús |
| **Afturelding – Valur** | 12. sept. | 15.00 | N1-höllin |
| **Fjölnir – HK** | 12. sept. | 15.00 | ÍM Grafarvogi |
| **FH – KA/Þór** | 12. sept. | 15.00 | Kaplakriki |
| **Haukar – Selfoss** | 12. sept. | 16.00 | Schenker-höllin |

olís

olís DEILDIN
GRÍPTU GLEÐINA!

# Sjá núna hverjum þeir köstuðu frá sér

Lars Lagerbäck er aftur orðinn elskaður og dáður eins og hann var í Svíþjóð þegar allt lék í lyndi þar. Sænskur blaðamaður segir Svía vera búna að átta sig á því að það var ekki rétt að láta hann fara. Allt hefur verið fyrirgefið og hefur Lars fengið algjöra uppreisn æru.



**FÓTBOLTI** „Lars elskar Ísland. Ég hef aldrei séð hann svona ánægðan,“ segir sænski blaðamaðurinn Robert Börjesson, einn helsti fótboltaskríbent Svía sem starfar á Expressen, um landsliðsþjálfarann í fótbolta, Lars Lagerbäck. Robert var, eins og fleiri sænskir blaðamenn, staddur á Laugardalsvellinum þegar Ísland tryggði sér sæti á EM 2016.

Sænska pressan, sem var vægast sagt óvægin í garð Lars undir það síðasta þegar hann stýrði sænska landsliðinu, hefur fylgt árangri hans eftir á Íslandi. Börjesson segir Lars vera vinsælli í dag en hann var á hátindinum með Svíþjóð.

„Honum leið ekki illa undir það síðasta,“ segir Börjesson. „Svíar eru bara kröfuharðir og ef ég á að vera alveg heiðarlegur urðum við einfaldlega gráðugir. Okkur fannst það orðið sjálfsagður hlutur að við spiluðum á HM og EM.“

### Svíþjóð er með Zlatan

Lars, fyrst ásamt Tommy Söderberg og síðar einn, kom sænska liðinu á fimm stórmót í röð frá 2000-2008; tvær heimsmeistarakeppnir og þrjú Evrópumót.

„Fólk var farið að heimta að við kæmumst í undanúrslit eða úrslit á stórmótum. Svíþjóð er bara lítið land og við stöðum okkur ágætlega. Þetta var mjög ósanngjörn krafa og gagnrýni á Lars. Flestir átta sig á því núna hversu ósanngjarnt þetta var eins og árangurinn hefur verið eftir að Lars hætti,“ segir Börjesson.

Hann segir að allir hafi verið meðvitaðir um að Lars væri góður þjálfari, en þeir vildu meira. Þeir vildu nýtt andlit sem gæti farið með liðið lengra á stórmótunum. Erik Hamrén tók við liðinu og mistókst að koma því á HM.

„Ísland var með Svíum í umspili um sæti á HM. Og núna er Lars búinn að koma Íslandi á EM í september þegar Svíþjóð er enn í basli í sínum riðli. Ég vil benda á að Erik Hamrén er með Zlatan Ibrahimovic í sínu liði. Ég vil samt ítreka að fólk áttaði sig á hversu flottur þjálfari Lars er, það hélt bara að Hamrén væri maðurinn sem gæti jafnvel unnið stórmót,“ segir Börjesson.

### Aftur elskaður og dáður

Samband Lars við sænska blaðamenn hefur batnað til muna á undanförnum árum en samband hans við þá var stirt lengi vel þegar hann stýrði sænska liðinu. Börjesson vill þó meina að hann hafi átt sína sök á því.

„Sænska pressan var óvægin í hans garð. Sérstaklega undir lokin þegar mikið var um skoðanagreinar þar sem menn vildu hann burt. Hann vill helst bara tala um fótbolta en þegar þú ert með stjörnur eins og Zlatan og Freddy Ljungberg í liðinu sem allir vita að þola ekki hvor annan verður þú að geta svarað spurningum um það,“ segir Börjesson.

Eftir að hafa verið í kringum Lars með íslenska liðið segir Börjesson að þessi 67 ára gamli Svíi hafi fundið fullkominn samastað. „Þetta er fullkomið lið fyrir hann og ég held í alvöru að Ísland geti farið ágætlega langt á EM,“ segir hann og heldur áfram:

„Lars er með svo mikla reynslu og hún í bland við þennan leikmannhóp sem gerir allt sem hann biður um er fullkomin blanda. Leikmennirnir sjá hann sem sigurvegara og hann býr til sigurviðhorf innan hópsins. Við sjáum alveg þetta viðhorf vanta í liðinu okkar í dag miðað við liðin sem Lars stýrði hérna. Þetta er áberandi.“

Eins og frægt er orðið var Lars Lagerbäck einu sinni kosinn leiðinlegasti maður Svíþjóðar. Sama hversu mikil alvara var á bak við það sýnir það á hvaða stað hann var á sínum tíma. Þrátt fyrir góðan árangur með sænska liðið kvaddi hann sína heimaþjóð að einhverju leyti í sárum en öll leiðindi eru á bak og burt, þökk sé árangri hans með íslenska liðið.

„Hann er vinsælli núna en áður. Hann hefur fengið algjöra uppreisn æru og er elskaður og dáður meira en þegar hann var sem vinsælastur hérna. Og þetta eru stór orð hjá mér því um tíma var hann gríðarlega vinsæll hérna. Það var bara þetta síðasta ár sem skildi eftir smá óbragð í munni allra,“ segir Börjesson.

„Nú er Lars búinn að gera íslenska liðið betra en það sænska. Það var sjokk að sjá FIFA-listann á sínum tíma en við erum að átta okkur á að þetta er sátt og við fögnum með Lars.“ **tomas@365.is**


RENAULT
Passion for life

Renault MASTER
Þú tankar sjaldnar á Renault




Verð: 3.991.935 kr. (án vsk.)
4.950.000 kr. m. vsk.
RENAULT MASTER
2,3 l. vél, dísil, 128 hestöfl.
Eyðsla 7,8 l/100 km*

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri
ENNEMM / SÍA / NM70710

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 9. september 2015 | 20. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## VÖLUNDARHÚS **REGLUGERÐANNA**

**➜ Stjórnvöld áforma að einfalda regluverk atvinnulífsins.**

**➜ Stóri bróðir ákveður hve mörg klósett eiga að vera á veitingastöðum.**

**➜ Vandinn bæði hjá ríkinu og sveitarfélögunum.** **SÍÐA 6**

## Sáttur við kaupréttarsamninga



Síminn hefur þurft að glíma við mikla starfsmannaveltu og samkeppni um lykilfólk. Þetta kom fram á hluthafafundi þar sem samþykkt var að starfsmenn fengju að kaupa hlut í Símanum fyrir 600 þúsund á þremur árum. Orri Hauksson, forstjóri Símans, segist telja að kaupréttinn geti átt sinn þátt í að draga úr starfsmannaveltunni, þó hann muni ef til vill ekki ráða úrslitum einn og sér. „Við viljum hafa kerfi til að ná í og viðhalda góðu starfsfólki. Þetta eru lágar upphæðir og breyta því einar og sér ekki öllu.“ ➜ SÍÐA 2

## Fékk hugmyndina á Íslandi

Eftir ferð til Íslands árið 2010 stofnaði Andrew Buerger ásamt konu sinni fyrirtækið B'more Organic til að framleiða skyr-smoothie fyrir Bandaríkjamarkað. Fyrirtækið leggur mikið upp úr lífrænni og sjálfbærri framleiðslu og notar einungis vörur úr nágrenninu. Í upphafi var varan einungis seld á austurströnd Bandaríkjanna í WholeFoods og öðrum sérvöruverslunum. Nýlega gerði Buerger hins vegar samning við bandarísku verslanakeðjurnar Kroger, Harris Teeter og Lowes Foods ➜ SÍÐA 4

## Kynni sér menningu Kínverja



Íslensk fyrirtæki hafa ekki gert nóg til að takast á við þann menningarmun sem er milli Íslands og Kína. Aðgerðarleysið dregur úr möguleikum viðskiptum við Kínverja. Þetta er niðurstaða meistararitgerðar Ingu Dísar Júlíusardóttur í alþjóðasamskiptum við Háskólann í Reykjavík. ➜ SÍÐA 8

**STJÓRNARMAÐURINN**
@stjornarmadur

**Það er í raun lyginni líkast að í jafn fámennu landi sé rekin jafn metnaðarfull deildarkeppni, bæði í karla- og kvennaflokki.** ➜ SÍÐA 12


Er þitt fyrirtæki framúrskarandi?

FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI SKILA ÁRSREIKNINGI TÍMANLEGA.

Kynntu þér forsendur fyrir styrkleikamatinu á creditinfo.is/framurskarandi

Listi yfir fyrirtæki sem uppfylla skilyrðin verður birtur 3. febrúar 2016.

2015
Framúrskarandi fyrirtæki

www.creditinfo.is
CREDITINFO

# Gróði eða græðgi?

Skjóðan



**UNDANFARIN** ár hafa verið hin bestu í sögu íslensks sjávarútvegs. Stóru útgerðarfyrirtækin, sem ráða þorra aflaheimilda, græða á tá og fingri og á örfáum árum hefur fjárhagsstaða þeirra gjörbreyst. Upp úr hruni voru mörg þessara fyrirtækja skuldsett upp fyrir reykháf m.a. vegna fjárfestinga í fjármálafyrirtækjum. Nú eru stóru fyrirtækin í sjávarútvegi á góðri leið með að verða skuldlaus, greiða eigendum sínum mikinn arð og fjárfesta í skipum og tækjum auk þess að fjárfesta duglega í öðrum atvinnugreinum en sjávarútvegi.

**ÁSTÆÐUR** þessa viðsnúnings eru margvíslegar. Hrun íslensku krónunnar styrkti stöðu útflutningsgreina. Fiskstofnar við Ísland eru sterkari nú en marga undangengna áratugi og nýir fiskstofnar á borð við makríl hafa synt inn í íslenska fiskveiðilögsögu. Allt hefur þetta haft mjög jákvæð áhrif á íslenskan sjávarútveg.

**EKKI** má gleyma því að íslensk stjórn dekrar beinlínis við stórútgerðina í landinu. Einkaaðgangur hennar að sameiginlegri þjóðarauðlind okkar Íslendinga er stórlega niðurgreiddur þar sem handhafar kvótans greiða ekkert í námunda við það raunverð sem markaðurinn myndi setja á slíkan aðgang. Þessu til viðbótar býr útgerðin við margvíslegt samkeppnisforskot gagnvart innlendum keppinautum, sem ekki hafa aðgang að hinni takmörkuðu auðlind og verða að kaupa allt sitt hráefni á fiskmörkuðum á jafnvel 30-40 prósentum hærra verði en tíðkast í beinum viðskiptum innan útgerðarfyrirtækja.

**NÚ** geta sjálfsagt flestir tekið undir það sjónarmið að mikilvægt sé fyrir þjóðarbúið að útgerðin sé rekin með gróða. Öðruvísi getur hún ekki endurnýjað skipakost og tækjabúnað eða stundað mikilvægt þróunarstarf.

**ÞAÐ** er hins vegar ekki eðlilegt að arðurinn af sameiginlegri þjóðarauðlind renni í vasa örfárra aðila en ekki þjóðarinnar allrar. Fullyrðingar talsmanna núverandi gjafakvótakerfis, sjálfskipaðra og annarra, um að arðurinn renni til þjóðarinnar með sköttum og dreifist út um samfélagið með ýmsum hætti er brauðmolakenning sem vitibornir menn sjá í gegnum.

**PÍRATAR** hafa sett fram þá stefnu í sjávarútvegi að bjóða skuli upp kvóta. Samfylkingin og Viðreisnarhópurinn í Sjálfstæðisflokknum hafa talað fyrir slíkri stefnu.

**Í RAUNINNI** er aðeins til ein leið til að reikna rétt endurgjald fyrir aðgang að verðmætri auðlind. Markaðurinn er látinn ráða verðinu og þeir fá kvóta sem eru tilbúnir að borga hæsta verðið fyrir hann. Eðlilegt er að bjóða upp kvótann til langs tíma, t.d. 20 ára í senn, t.d. þannig að á hverju ári séu t.d. 5 prósent heildarkvótans innkölluð og boðin upp.

**ÚTGERÐIN** ætti sjálf að bjóðast til að greiða þjóðinni markaðsverð fyrir aðgengi að auðlindinni. Útgerð þarf að reka með gróða en ekki af græðgi.

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 9. SEPTEMBER**
**Lánamál ríkisins – Mánaðarlegar markaðsupplýsingar um lánamál ríkisins**

**FIMMTUDAGUR 11. SEPTEMBER**
**Lánamál ríkisins – Útboð ríkisvíxla**
**Hagstofan – Landsframleiðsla á 2. ársfjórðungi**
**Hagstofan – Landsframleiðsla 2014, endurskoðun**

**MÁNUDAGUR 14. SEPTEMBER**
**Hagstofan – Efnahagslegar skammtímatölur í september**

**ÞRIÐJUDAGUR 15. SEPTEMBER**
**Hagstofan – Efnahagslegar skammtímatölur í september 2015**
**Hagstofan – Fjármál hins opinbera 2014, endurskoðun**
**Hagstofan – Vísitala launa á 2. ársfjórðungi 2015**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*


FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

## Próf í verðbréfaviðskiptum 2015-2016

Prófnefnd verðbréfaviðskipta stendur fyrir prófum í verðbréfaviðskiptum veturinn 2015-2016 sem hér segir: Próf í I. hluta verða haldin **31. október, 4. og 7. nóvember 2015**, próf í II. hluta **23., 27. og 30. janúar 2016** og próf í III. hluta **4., 7., 11. og 14. maí 2016**. Um prófin fer samkvæmt reglugerð nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum, með áorðnum breytingum. Vakin er athygli á að próf í verðbréfaviðskiptum **verða ekki haldin nema að a.m.k. 10 manns hafi skráð sig í próf**, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum. Sama á við um haustpróf 2016. Öllum er heimilt að skrá sig til verðbréfaviðskiptaprófs.

Prófnefnd verðbréfaviðskipta tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr á verðbréfaviðskiptaprófi og semur prófsefnislýsingu, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 633/2003. Í prófsefnislýsingu greinir jafnframt upplýsingar um leyfileg hjálpargögn í prófum o.fl., en lýsinguna má nálgast á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis, www.fjr.is. Lengd hvers prófs er allt að 4 klukkustundir. Um undanþágur frá töku prófa fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 633/2003. Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaviðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þreytt og skal próftaki hafa lokið öllum nauðsynlegum prófum með fullnægjandi árangri **innan þriggja ára frá því að hann tók fyrsta prófið**. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0. Nánari upplýsingar um verðbréfaviðskiptapróf má nálgast á fyrrgreindri vefsíðu prófnefndar.

Próftökum verður tilkynnt um nákvæmari tíma- og staðsetningu er nær dregur prófunum, sem þreytt verða í húsakynnum á vegum Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík.

Skráning í prófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans *http://www.ru.is/opnihaskolinn/prof-i-verdbrefamidlun/*. Próftakar verða að hafa skráð sig og greitt prófgjald minnst einni viku fyrir sérhvert próf.

Prófgjald verður auglýst síðar á heimasíðu prófnefndar á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis *http://www.fjarmalaraduneyti.is/raduneytid/nefndir/nr/16884*.

*Reykjavík, 9. september 2015*
*Prófnefnd verðbréfaviðskipta*



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
S A F T


# Orri telur áætlun um kauprétti sanngjarna

***Forstjóri Símans segist ánægður með að sátt varð um kaupréttaráætlun starfsmanna Símans á hlutafé. Fyrirtækið glímir við mikla starfsmannaveltu. Stefnt er á skráningu á markað snemma hausts.***



Sigríður Hrólfsdóttir stjórnarformaður og Orri Hauksson, forstjóri Símans, á hluthafafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kaupréttaráætlun starfsmanna Símans á hlutafé sem nær til allra starfsmanna fyrirtækisins var í gær samþykkt. Starfsmenn Símans geta því keypt hlutafé fyrir allt að 600 þúsund krónur á ári í þrjú ár. Virði kaupréttarins nemur 1,2 milljörðum króna.

Orri Hauksson, forstjóri Símans, segist mjög ánægður með niðurstöðuna. „Við sem stjórnendur erum bara mjög ánægðir með það að ákvörðun hluthafa liggur fyrir. Þetta er hóflegt og mjög afmarkað kerfi, en skattalega hagkvæmt, og við teljum að það tvinni saman langtíma hagsmuni starfsmanna og fyrirtækisins. Við erum ánægð með að fá í hendur svona tæki sem við teljum að geti verið mjög praktískt fyrir fyrirtækið,“ segir Orri.

Á fundinum kom fram að Síminn hefur þurft að eiga við mikla starfsmannaveltu og samkeppni um lykilfólk. Spurður um hvort hann telji að kaupréttur starfsmanna geti dregið úr starfsmannaveltunni segist Orri telja að allt skipti máli, þó að þetta eitt og sér ráði ef til vill ekki úrslitum. „Við viljum hafa kerfi til að ná í og halda góðu starfsfólki. Þetta eru lágar upphæðir og breyta því einar og sér ekki öllu. En þetta mun hjálpa til við að minnka deildarveggi innan fyrirtækisins. Þetta er stórt fyrirtæki með mjög margþætta starfsemi, það skiptir því máli að hafa einhvern sameiginlegan völl fyrir okkur öll. Auðvitað þarf margt annað að koma til, fyrst og fremst þurfum við að vera með góða fyrirtækjamenningu og standa okkur vel sem stjórnendur í að laða að gott starfsfólk og góða stefnu, en þetta hjálpar klárlega til og við hlökkum mjög til að útfæra þetta nánar,“ segir Orri.

Fyrri tillaga stjórnar Símans um kaupréttt starfsmanna hljóðaði svo að starfsmenn gætu keypt hlutafé í fimm ár en vegna gagnrýni sex lífeyrissjóða, sem samanlagt eiga 15% hlut í Símanum var gildistíminn styttur í þrjú ár. Spurður um hvað honum hafi fundist um að þurfa að breyta tillögunni segir Orri aðalmálið vera sátt um þá útgáfu sem varð ofan á. „Aðalmálið er að geta farið af stað með eitthvað sem er stuðningur við. Það skiptir meira máli en útfærsluatriði,“ segir Orri. Síminn stefnir á markað í haust, Orri segir að ef allt gangi eftir sé enn stefnt á skráningu snemmhausts og vonast hann til að allt verði yfirstaðið í október.

saeunn@frettabladid.is

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**14**
**Á UPPLEIÐ**
Félög sem hækkuðu í verði

**2**
**Á NIÐURLEIÐ**
Félög sem lækkuðu í verði

**0**
**STÓÐU Í STAÐ**
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**
**NÝHERJI**
**145,9%** frá áramótum
**FJARSKIPTI**
**7,1%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**
**TM**
**-20,7%** frá áramótum
**NÝHERJI**
**-2,4%** í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 133,00 | 27,9% | 2,3% |
| Eik fasteignafélag* | 7,33 | 7,8% | 0,7% |
| Eimskipafélag Íslands | 245,00 | 3,4% | 1,2% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 46,95 | 34,1% | 7,1% |
| Hagar | 40,75 | 0,7% | 2,6% |
| HB Grandi | 40,50 | 19,8% | 3,8% |
| Icelandair Group | 29,70 | 38,8% | 5,7% |
| Marel | 198,00 | 43,5% | 3,7% |
| N1 | 42,60 | 83,6% | 2,9% |
| Nýherji | 12,74 | 145,9% | -2,4% |
| Reginn | 16,90 | 24,7% | 1,2% |
| Reitir* | 73,50 | 15,7% | 0,8% |
| Sjóvá | 12,15 | 1,7% | 0,7% |
| Tryggingamiðstöðin | 20,85 | -20,7% | 1,2% |
| Vátryggingafélag Íslands | 8,50 | -6,1% | 1,1% |
| Össur | 482,00 | 33,5% | -0,2% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.634,58 | 24,7% | 3,5% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 27,50 | 21,7% | -2,5% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,40 | -24,3% | 0,0% |

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).*

Stefnt á 100 nýjar borgir:

## Uber stækkar í Kína

Leigubílafyrirtækið Uber hyggst hefja starfsemi í 100 borgum í Kína á næstu 12 mánuðum.

Travis Kalanick, framkvæmdastjóri Uber, tilkynnti þetta á ráðstefnu í Peking sem einn af eigendum Uber í Kína boðaði til.

Uber er nú þegar starfandi í 20 borgum í Kína. – **jhh**

Samið við bankamenn:

## Laun hækka um 16,5 til 22,2 prósent

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og Samtök atvinnulífsins skrifuðu undir kjarasamning í gær sem gildir til ársloka 2018. Undirskriftin er með fyrirvara um samþykki félagsmanna SSF.

Launahækkanir á samningstímanum fyrir þá sem hófu störf fyrir 1. janúar 2015 og eru enn í starfi við undirritun kjarasamnings eru 16,5 til 22,2 prósent. – **jhh**



Þjónusta við fyrirtæki

# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Rósa Júlía Steinþórsdóttir hefur veitt sveitarfélögum og opinberum aðilum fjármálaþjónustu í meira en 10 ár.

**Rósa Júlía er viðskiptastjóri sveitarfélaga hjá Íslandsbanka.**

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki


Veldu þína **uppgjörsleið**

Söluaðilar geta valið á milli **þriggja uppgjörsleiða**, allt eftir þörfum hvers og eins. Daglegt, vikulegt eða mánaðarlegt uppgjör – **þitt er valið.**

ÞÚ SÉRÐ UM **SÖLUNA** – VIÐ SJÁUM UM **UPPGJÖRIÐ**

VALITOR

525 2080 // sala@valitor.is // www.valitor.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 15-0919





**FJÖLBREYTTUR** Skyr-smoothie fæst nú með mörgum mismunandi bragðtegundum, meðal annars caffe latte. MYND/BUERGER

# Skyr-smoothie í fjörutíu fylkjum Bandaríkjanna

***Bandaríkjamaðurinn Andrew Buerger taldi sig hafa uppgötvað hollustu matvöru heims þegar hann smakkaði skyr í fyrsta sinn. Nú framleiðir hann skyr-smoothie í fjölmörgum tegundum.***

Skyr-smoothie, sem fyrirtækið B'more Organic framleiðir í Maryland, er nú komið í sölu í fjörutíu fylkjum Bandaríkjanna. Andrew Buerger, stofnandi fyrirtækisins, segir mikla eftirspurn hafa verið eftir próteinríkum og hollum drykkjum í Bandaríkjunum og fara nú vinsældir B'more vaxandi.

Eftir ferð til Íslands árið 2010 stofnaði Andrew Buerger ásamt konu sinni fyrirtækið B'more Organic til að framleiða skyr-smoothie fyrir Bandaríkjamarkað. Nafnið er tilvísun í Baltimore, borgina þar sem skyrið er framleitt. Fyrirtækið leggur mikið upp úr lífrænni og sjálfbærri framleiðslu og notar einungis vörur úr nágrenninu. Í upphafi var varan einungis seld á austurströnd Bandaríkjanna í WholeFoods og öðrum sérvöruverslunum. Nýlega gerði Buerger hins vegar samning við bandarísku verslanakeðjurnar Kroger, Harris Teeter og Lowes Foods og fór frá því að selja vörurnar í 10 fylkjum yfir í 40 samtals.




**GENGUR FJÖLL** Andrew Buerger gekk upp á Hvannadalshnjúk til styrktar Jodi's Climb for Hope og smakkaði þá skyr í fyrsta sinn. MYND/BUERGER

Forsaga fyrirtækisins er sú að þegar Buerger var í göngu á Hvannadalshnjúk til að safna áheitum fyrir góðgerðarsamtökunum Jodi's Climb for Hope, sem fjármagna rannsóknir á MS og brjóstakrabbameini, var honum gefið skyr. Buerger, sem er með mjólkuróþol, smakkaði það sem hann taldi vera jógúrt en veiktist ekki af því. Þegar honum var sagt betur frá skyrinu taldi hann sig vera búinn að uppgötva heilsusamlegustu vöru heims; próteinríka með engri fitu og nánast engum sykri. Buerger ákvað strax að hann vildi fara að flytja inn skyr til Bandaríkjanna. Fljótlega kom þó í ljós að það voru nokkrir aðilar á markaðnum að gera það. Hann fann þó sitt eigið sérkenni og hóf að framleiða skyr-smoothie í staðinn.

Uppskriftin er íslensk að uppruna en var svo þróuð með vísindamönnum úr háskólanum í Vermont. Engir Íslendingar hafa komið að henni. Buerger segir að því miður vinni þeir ekki með Íslendingum. Hins vegar sé hann í viðræðum við íslenskan fjárfesti.

Buerger hefur ekki snúið aftur til Íslands frá fyrstu ferðinni en segir þau hjónin elska Ísland og geta ekki beðið eftir að koma aftur. Aðspurður segist hann bjartsýnn á framtíðina. Fyrirtækið fer stækkandi og telur hann að það sérkenni drykkjarins að hafa engan viðbættan sykur geri hann einstakan. saeunn@frettabladid.is

**Tíu milljarðar lagðir í skaðleysissjóð fyrir slitastjórn Glitnis svo ábyrgðin lendi ekki á slitastjórnarmönnum:**

# Samþykktu stöðugleikaframlag

Kröfuhafar Glitnis samþykktu í gær að greiða svokallað stöðugleikaframlag að uppfylltum skilyrðum. Þannig geti þeir fengið undanþágu frá gjaldeyrishöftum og stuðlað að því að nauðasamningar verði samþykktir fyrir íslenskum dómstólum fyrir næstu áramót. Slitastjórnin áætlar að greiða á milli 210 og 260 milljarða í stöðugleikaframlag eða á milli 21 og 29 prósent af eignum slitabúsins. Mismunurinn felst í því hvort tekst að selja Íslandsbanka fyrir erlendan gjaldeyri eða ekki.

Takist ekki að ljúka nauðasamningum fyrir áramót mun Glitnir þurfa að greiða stöðugleikaskatt, sem mun vera á milli 330 og 380 milljarða króna eða sem nemur milli 34 og 39 prósentum af eignum Glitnis samkvæmt áætlun slitastjórnarinnar. Upphæð stöðugleikaskattsins mun velta á því hvort Glitnir geti farið í ákveðnar fjárfestingar hér á landi.

Þá telur slitastjórnin hagræði vera fólgið í því að stöðugleikaframlagið verði greitt að hluta í óseldum eignum en greiða þurfi stöðugleikaskattinn í reiðufé.

Á kröfuhafafundinum í gær var einnig samþykkt tillaga um að leggja til eitt prósent eigna Glitnis, um tíu milljarða króna, í svokallaðan skaðleysissjóð. Sjóðurinn á að standa straum af þeim kostnaði sem kann að falla til vegna málsókna á hendur meðlimum slitastjórnar Glitnis vegna starfa þeirra fyrir Glitni. – ih



**FORMAÐUR SLITASTJÓRNAR** Tíu milljarðar hafa verið lagðir í skaðleysissjóð fyrir Steinunni Guðbjartsdóttur og aðra meðlimi slitastjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Eru þetta
þín skilaboð?
Einelti rænir mörg börn og unglinga gleðinni sem þau ættu að njóta.
**Á allra vörum** styrkir Erindi og uppbyggingu samskiptaseturs fyrir ungmenni sem glíma við einelti.
**Með því að kaupa Á allra vörum varasettið leggur þú þessu brýna málefni lið.**
Varasettið fæst á yfir 150 sölustöðum um land allt. Nánar um sölustaði, átakið og starfsemi Erindis á **aallravorum.is**, **erindi.is** og **facebook.com/aallravorum.is**
**#eineltieroged**
Á ALLRA VÖRUM
benecos
LIPGLOSS
Með því að kaupa **Á allra vörum** varasettið leggur þú þitt lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn einelti.
benecos
náttúrleg fegurð
PIPAR\TBWA • SÍA
STÓRVELDIÐ
PIPAR\TBWA
benecos
GASSI STUDIO
vodafone



Fulltrúi Reykjavíkurborgar kom að máli við eigendur Nam rétt fyrir áætlaða opnun staðarins og tilkynnti þeim að borð og stólar mættu ekki vera sjáanleg frá götunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Minni fyrirtæki kæfð í reglugerðum

***Eftir 10 ára rekstur þurfti Austurlandahraðlestin að breyta rekstri sínum vegna þess að staðurinn var ekki með næg klósett fyrir gesti. Hagfræðingur Viðskiptaráðs segir atvinnurekendur standa frammi fyrir of mörgum áskorunum vegna flókins regluverks. Þetta komi verst niður á litlum og meðalstórum fyrirtækjum.***

**ÚTTEKT**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Efnahags- og framfarastofnunin telur mjög mikilvægt að opinberu regluverki sé stillt í hóf. Þetta sé mikilvægt til þess að efla samkeppni og auka skilvirkni í hagkerfinu. Í nýrri skýrslu um Ísland segir að regluverkið hér sé að jafnaði álíka umfangsmikið og í öðrum ríkjum sem eiga aðild að Efnahags- og framfarastofnuninni. Hvatt er til þess að meira verði gert til þess að draga úr regluverkinu, einkum í þágu nýsköpunarfyrirtækja.

Í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins er kveðið á um að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. Markmiðið er að minnka skrifræði og einfalda samskipti við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið niðri. Á þeim rúmu tveimur árum sem liðin eru frá því að ríkisstjórnin var mynduð hefur þessi vinna ekki verið áberandi.

Hingað til hefur farið fram vinna í forsætisráðuneytinu við að bæta reglugerða- og lagasetningu. Á skrifstofu löggjafarmála eru öll frumvörp lesin yfir og lögfræðingar veita umsögn um frumvörpin til ríkisstjórnarinnar. Þá hefur verið gefin út handbók um það hvernig ráðuneytin skuli haga vinnu við gerð frumvarpa. Brýnt er fyrir ráðuneytum að hafa samráð um gerð frumvarpanna og meta áhrif þeirra bæði á ríkissjóð og ekki síður atvinnulífið.

**Mikil vinna í vetur**

Fyrirheitin sem gefin voru í stjórnarsáttmálanum ganga þó miklu lengra en þetta og þegar kjarasamningar voru undirritaðir á almennum markaði í vor voru þessi fyrirheit ítrekuð. Enn er stefnt á að draga úr reglubyrði og einfalda samskipti atvinnulífs við opinbera aðila. Þannig megi draga úr kostnaði fyrirtækja, auka framleiðni í atvinnulífinu, bæta samkeppnishæfni þess og stuðla að auknum kaupmætti. Því var heitið að ríkisstjórnin myndi skipa samstarfsnefnd sem hafi það hlutverk að semja tillögur til breytinga á löggjöf sem miði að sameiningu eftirlitsstofnana, endurskoðun leyfisveitinga og eftirlits með atvinnurekstri. Umrædd samstarfsnefnd um starfshætti eftirlitsstofnana hefur ekki enn verið mynduð, en samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu er unnið að því og er búist við að áhersla verði lögð á þennan málaflokk í vetur.

Þessi samstarfsnefnd mun horfa til þátta eins og leyfisveitinga. Þar verður horft til þess í hvaða tilfellum verði hægt að breyta leyfisskyldri starfsemi og gera hana frekar tilkynningaskylda en leyfisskylda. Í slíkum tilfellum verður þó lögð áhersla á gott eftirlit með starfsemi og beitingu þvingunarúrræða ef skilyrðum sem sett eru fyrir slíkri starfsemi er ekki mætt.

Annað verkefni sem starfshópurinn mun fá er að skoða sameiningu og samvinnu stofnana á sviði opinbers eftirlits. Þar verður annars vegar horft til sameiningar tiltekinna stofnana. Hins vegar verður skoðað hvort mögulegt er að sameina einstök verkefni eða færa þau til. Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu verður þar horft til tillagna sem þegar hafi litið dagsins ljós. Til dæmis þeirra hugmynda sem komu fram í skýrslu hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar. Hlutverk samstarfsnefndarinnar verður þá einkum að vega og meta það sem til er og leggja áherslu á tiltekna þætti þar. Í tillögum hagræðingarhópsins er til að mynda lagt til að fjölmiðlanefnd verði lögð niður.

**Of margar áskoranir**

Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, segir að atvinnurekendur standi frammi fyrir allt of mörgum áskorunum þegar kemur að opinberu regluverki. Og Bato Miroslav Manojlovic, einn eigenda veitingastaðarins Austurlandahraðlestarinnar á Hverfisgötu, kann sögu af því. Staðurinn hefur verið rekinn síðan 2003. Eftir tíu ára veitingarekstur á Hverfisgötu var eigendum bannað að þjóna fólki til borðs þar. „Okkur var sagt af því að við erum bara með eitt klósett þá væri ekki hægt að bjóða fólki að borða á staðnum og af venjulegum diskum. Það þurfti að vera „take-away box“ og plasthnífapör,“ segir Bato. Ennþá er fólki leyft að sitja inni á staðnum á meðan það borðar en með fyrrgreindum skilyrðum.

Björn Brynjúlfur segir brýnt að haldið verði áfram að endurskoða regluverkið vegna þess að það bitni verst á litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þau hafi ekki her sérfræðinga sem geti skoðað regluverkið og löggjöfina og hafa þess vegna minni burði til að vinna úr því. „En það sem við höfum verið að horfa til og er ekki síður vandi en regluverkið sjálft eru vinnubrögð í stjórnsýslunni. Við teljum að þau megi bæta verulega. Það er skortur á leiðbeiningum, mjög langur málsmeðferðartími og almennur ósveigjanleiki og skortur á þjónustulund hjá mjög mörgum opinberum stofnunum. Þannig að þó að ríkisstjórnin hafi lýst yfir að regluverkið eigi að vera einfaldara og skilvirkara fyrir atvinnulífið þá er stjórnsýslan ekki að fylgja því,“ segir Björn Brynjúlfur. Með reglugerðarbreytingunni þurfi því einnig að fylgja viðhorfsbreyting hjá opinberum stofnunum.

> **En það sem við höfum verið að horfa til og er ekki síður vandi en regluverkið sjálft eru vinnubrögð í stjórnsýslunni. Við teljum að þau megi bæta verulega. Það er skortur á leiðbeiningum, mjög langur málsmeðferðartími og almennur ósveigjanleiki.**

**Kvaðir í veitingarekstri**

En Björn Brynjúlfur bendir á að það sé ekki einungis á sviði ríkisvaldsins þar sem einfalda þurfi regluverkið. Hið sama eigi við um sveitarfélögin. Þar vísar hann meðal annars til dæmis sem kom upp í Reykjavíkurborg nýlega. Eigendur veitingastaðarins Nam hugðust opna veitingastað á Laugavegi sem yrði í sama húsnæði og ferðaskrifstofan Around Iceland. Allt er reiðubúið fyrir opnun en borgaryfirvöld banna nýja veitingastaðinn. Ástæðan er sú að hlutfall veitingastaða og verslana á að vera 30/70.

Emil Helgi Lárusson, eigandi Nam, segir að þegar eigendur Around Iceland höfðu samband og viðruðu þá hugmynd að Nam myndi opna þar hefðu þeir tekið hugmyndinni strax vel og ákveðið að fara í framkvæmdir til að breyta staðnum innandyra. „Staðurinn er fullkláraður. Það var fenginn hönnuður til að tvinna saman þessi konsept sem inni eru; verslun, ferðaþjónustu og matsölu,“ segir hann. Rétt fyrir opnun hafi komið inn aðili frá byggingafulltrúa Reykjavíkurborgar og bent á skilyrði frá skipulagsnefnd á svæðinu. Þar sé kveðið á um skilyrði um að veitingasalan mætti ekki sjást frá framhlið hússins. „Sem er merkilegt. Þú mátt vera þarna inni, en þú mátt ekki sjást og það má enginn vita af þér sem gengur fram hjá,“ segir Emil Helgi. Hann segir að þeir eigendurnir hafi sent inn erindi til skipulagsnefndar með hugmynd að lausn. Málinu hafi verið vísað til nefndarfundar en erindinu hafi verið frestað. Því hafi síðan verið frestað um nokk-

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## FJÖLDI FERÐAMANNA Í ÁGÚST

Um 189 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá landinu í ágúst síðastliðnum samkvæmt talningum Ferðamálastofu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, eða 36 þúsund fleiri en í ágúst í fyrra. Aukningin nemur 23,4% milli ára og hefur hún ekki mælst svo mikil milli ára í ágúst frá því Ferðamálastofa hóf talningar.


White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >



Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:



- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.

Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Halla Birgisdóttir fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jónas Þór fararstjóri, Höskuldur Frímannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Ferðamálaskóli Íslands

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



Allt það besta hjá 365

ENDALAUST TAL OG
10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

365




**Á ÆFINGU** Gústaf mætti á sína fyrstu æfingu hjá hjólreiðafélaginu Tindi í júlí í fyrra og í september byrjaði hjólabúðin Kría að styrkja hann. MYND/GVA

# LIGGUR EKKI Í LETI Í SUMARFRÍINU

**HJÓLAFRÍ** *Hjólreiðamaðurinn Gústaf Darrason gerði sér lítið fyrir í fjölskyldufríi á Englandi og náði öðru sætinu í fjallahjólakeppni sem hann tók þátt í þar.*

Gústaf Darrason hjólreiðamaður er ekki mikið fyrir að taka því rólega og slaka á þótt hann sé í fríi. Í sumar fór hann til Englands með fjölskyldunni til að heimsækja afa sinn og ömmu sem búa í London. „Ég var búinn að keppa mikið á hjólinu í sumar og langaði að prófa að keppa á Englandi. Bæði til að fá reynsluna og sjá hvort það væri mikill munur á því og heima. Einnig til að vita hvort ég væri samkeppnishæfur. Ég skoðaði því á netinu áður en ég fór út og fann eina keppni sem var í Essex. Það gekk miklu betur hjá mér en ég átti von á og ég lenti í öðru sæti,“ segir Gústaf.

Keppnin úti var öll stærri í sniðum en Gústaf á að venjast heima enda um þrjú hundruð keppendur í allt. „Ég keppti í undir sextán ára flokki og þar voru átján keppendur. Hér heima erum við þrír eða fjórir í hverri keppni. Umgjörðin ▶




Antiac



Bólurnar burt

20% afsláttur í september

Náttúrulegar húðvörur

Liquid Sprey, Gel Serum,
Face Wash og Face Wipes
Valið besti bólubaninn*
Einfalt í notkun



- Bólur - Kýli - Fílapenslar -

*Embarassing Bodies Channel 4, UK.

www.gengurvel.is

Fáanlegt í öllum helstu apótekum og heilsubúðum

Inniheldur EKKI: stera, paraben, sýklalyf, alkóhól og peroxíð

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

um keppnina var öll stærri en heima og brautin úti var líka stærri og tæknilegri. Það var mjög gaman að keppa við svo marga, þá verður meiri hasar og skemmtun.“

Sumarið hjá Gústafi var meira og minna undirlagt af hjólreiðum enda fór hann tvisvar til Danmerkur að keppa auk þess að keppa á Englandi. „Ég tók þátt í tveimur keppnum í Danmörku með liðinu mínu, Tindi. Ég fór líka í vetrarfríinu í fyrra til Bandaríkjanna og tókst að taka þátt í keppni þar líka,“ segir Gústaf og hlær. Í keppninni í Bandaríkjunum sem var götuhjólakeppni, varð hann í þriðja sæti þannig að segja má að Gústaf sé hjólreiðamaður á heimsmælikvarða enda stundar hann nám á íþróttalínu FÁ sem hjólreiðamaður og segir að sig langi að fara eins langt og hægt er og stefnir á toppinn.

Frí Gústafs á Englandi snerist ekki eingöngu um hjólreiðar því hann vildi ekki hjóla allt of mikið þar sem Íslandsmeistaramótið fór fram helgina eftir að hann kom heim. „Við fórum í nokkra garða, í bæinn og ég hitti frændfólk mitt sem býr í úthverfi London, Harrow. Ég var úti í viku en hin voru lengur því ég fór heim að keppa á Íslandsmeistaramótinu.“

Það þarf varla að taka það fram að Gústaf gerði sér lítið fyrir og vann Íslandsmeistaramótið og segir gott að hafa endað sumarið þannig.

**liljabjork@365.is**




**GÓÐUR ÁRANGUR** Gústaf hefur alltaf haft gaman af því að hjóla en byrjaði þó ekki að æfa af alvöru fyrr en í fyrrasumar. Hann hefur náð góðum árangri á mótum í sumar og lenti í öðru sæti í keppni á Englandi. MYND ÚR EINKASAFNI



**ÞAÐ HELSTA Í HANDTÖSKUNA** Plástra ætti alltaf að hafa með á ferðalögum fyrir hælsæri og blöðrur.

# FLÍSATÖNG OG PLÁSTUR Í FERÐ

**GOTT AÐ HAFA MEÐ** *Ýmislegt getur komið upp á þegar ferðast er um erlendar grundir. Þegar raðað er í ferðatöskuna er því skynsamlegt að áætla pláss undir helstu hluti úr sjúkrakassanum. Flestir ættu þeir að rúmast í veskinu.*

Farangur miðast að sjálfsögðu við það hvert ferðinni er heitið en alltaf ætti að pakka niður einhvers konar fyrstuhjálpargræjum, fjárfesta í þægilegu ferðasetti eða grípa það helsta úr sjúkrakassa heimilisins.

Gott er að hafa með: lítil skæri, flísatöng, einnota hanska, plástra og sáraumbúðir, spritt og hitamæli og verkjatöflur. Þá þarf að muna eftir að endurnýja lyfseðil tímanlega ef tekin eru einhver lyf að staðaldri og oft er mælt með að taka ljósrit af lyfseðlinum og hafa með í ferðina. Hægt að græja það um leið og ljósrit er tekið af vegabréfinu, eins og margir gera fyrir ferðalög. Þá er gott að grípa með sér hluti eins og eyrnatappa og sterkt límband ef ferðataskan gefur sig á ögurstundu eða jafnvel skórnir.

**ÞAÐ NAUÐSYNLEGASTA**
Þegar á áfangastað er komið er þó óþarfi að dröslast með allan sjúkrakassann í daglegum skoðunarferðum um borgir og bæi. Þó er gott að hafa nokkra hluti með í handtöskunni eða bakpokanum í styttri ferðum:

**VATNSFLÖSKU** Þar sem hætt er við ofþornun í hlýrra loftslagi en við eigum að venjast. Handspritt og sótthreinsandi blautklúta er gott að geta gripið í.



**SJÚKRASETT Í FERÐALAGIÐ** Alltaf ætti að pakka niður einhvers konar fyrstuhjálpargræjum fyrir ferðalög.

**PLÁSTRAR** Nokkrar mismunandi stærðir af plástrum fyrir smáskrámur og eins er ómissandi að hafa plástur í handtöskunni fyrir hælsæri og blöðrur.

**SÓLARVÖRN**
Nauðsynleg og eins er gott að eiga Aloe vera krem ef svo illa vill til að húðin sólbrennur.

**SKORDÝRAKREM** Til að losna við bit og öryggisnælur ef einhver flík rifnar eða slitnar er gott að geta lappað upp á það í snarheitum ef langt er heim á hótelherbergið.



Erum flutt í Síðumúla 30

Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

Salsa
Break
Zumba
Hip Hop
Freestyle
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámsskeið fyrir hópa
Börn - Unglingar - Fullorðnir

Frístundakortið

ZUMBA fitness

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar
www.dansskoli.is | dans@dansskoli.is | sími 553 6645

NORÐURKRILL
Astaxanthin
Omega 3
Omega 3 í sinni hreinustu og öflugustu mynd

Fyrir andlegt heilbrigði




Neysla **Omega-3** fitusýra getur **hindrað geðrof** og hægt á **þróun geðklofa** og annarra geðsjúkdóma samkvæmt niðurstöðum **rannsóknar vísindamanna** við Háskólann í Melbourne. www.medicalexpress.com

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT

RAKI & MYGLA

MIÐVIKUDAGUR 9. SEPTEMBER 2015

Kynningarblað BYKO, EFLA, Gró og góð ráð.



Sveinlaug Sigurðardóttir leikskólakennari er einn af stofnendum Grós, samtaka um tengsl heilsu við raka og myglu. Hún veiktist sjálf vegna myglusvepps fyrir sjö árum og við það gerbreyttist líf hennar. MYND/GVA

# Tuttugu nætur í tjaldi

**Sveinlaugu Sigurðardóttur** líður best úti undir beru lofti. Hastarleg veikindi vegna myglusvepps veiktu ónæmiskerfi hennar svo hún hefur tvisvar neyðst til að flytja og skipta um vinnu. Veikindin gera henni erfitt fyrir en hún reynir að hugsa í lausnum.

Allt mitt daglega líf er snið-ið í kringum þetta. Hvar ég bý, hvar ég vinn, hvert ég fer í heimsókn. Ég get hvorki heimsótt foreldra mína né ýmsa aðra fjölskyldumeðlimi og vini, húsin þeirra gera mig veika. Þau koma til mín eða við förum út að borða. Ég hefði aldrei trúað því að líf mitt gæti orðið svona flókið,“ segir Sveinlaug Sigurðardóttir, leikskólakennari og einn stofnanda Grós, samtaka um tengsl heilsu við raka og myglu, en hún veiktist hastarlega af völdum myglusvepps fyrir sjö árum.

Veikindin umbyltu lífi Sveinlaugar. Vegna þeirra hefur hún þurft að flytja tvisvar og skipta tvisvar um vinnu en hún hafði alltaf verið hraust.

„Ég fór skyndilega að fá endurtekið eyrnabólgu, ennis- og kinnholusýkingar, augnsýkingar og verki í brjóstholið. Ég var með verki ofan í lungum og hósta og slæma verki undir höfuðleðrinu. Ég fékk einnig streptókokkasýkingar endurtekið. Ég fór í hverja rannsóknina á fætur annarri, skanna og lungnamyndatökur en engar skýringar fundust. Þá benti einhver mér á að mögulega væri eitthvað í húsinu mínu sem ylli veikindunum,“ útskýrir Sveinlaug.

Hún hafði keypt sína fyrstu íbúð árið 2007 og tekið hana alla í gegn, fyrir utan gólfefnin. Hún hafði búið í íbúðinni í ár þegar veikindin byrjuðu og eftir ábendinguna tengdi Sveinlaug líðan sína við heimilið.

„Ég veitti því athygli að verkirnir í brjóstinu fóru þegar ég fór út og að heiman. Þó það væri 10 stiga frost úti fannst mér alltaf gott að anda að mér útiloftinu, um leið og ég fór inn fékk ég verki í brjóstholið. Ég leitaði því að myglu í íbúðinni og fann blett undir parketinu við uppþvottavélina. Myglan var fjarlægð en ég lagaðist ekki . Á endanum reif ég upp allt gólfefnið og þá kom í ljós kolsvört, blaut mygla, rúmlega fermetra stór blettur í hverju herbergi. Parketið hafði verið lagt ofan á línoleumdúk og einhvern tíma hafði komist raki meðfram gluggum inn í gólfplötuna og undir dúkinn.“

Sveinlaug hreinsaði mygluna, pússaði upp steypuna og lét skipta um glugga en neyddist samt til að flytja. Á sama tíma vaknaði grunur um myglu á vinnustað hennar og neyddist Sveinlaug einnig til að skipta um vinnu.

„Þetta tók ekki síður á andlega, ég gat ekki búið í fallegu íbúðinni minni sem ég hafði lagt mikla vinnu í, ekki í hverfinu sem ég vildi búa í og gat ekki unnið á vinnustaðnum þar sem ég elskaði bæði vinnufélagana og vinnuna. Ég flutti í nýbyggt hús í úthverfi og fór einnig að vinna í nýju húsi og náði mér vel í eitt og hálft ár áður en ég veiktist aftur. Þá var farið að leka bæði í íbúðinni og á vinnustaðnum, bæði glæný hús. Ég fékk öll sömu einkennin og neyddist aftur til þess að flytja og skipta um vinnu. Í dag hef ég búið í nýrri íbúð í nokkra mánuði og enn sem komið er er allt í lagi. Í vinnunni sinni ég aðallega útikennslu,“ segir Sveinlaug.

„Hjá mörgum dugar sem betur fer að hreinsa húsnæðið af myglunni. En svo eru nokkrir eins og ég þar sem ónæmiskerfið verður svo lélegt að fólk hrekst hús úr húsi. Hátt hlutfall þeirra sem veikjast vegna myglu fá einnig í kjölfarið fjölefnaóþol og það á við um mig. Þá geta nýir hlutir gert mann veikan, ilmvötn, sápur, þvottaefni og fleira. Nýr sófi þarf til dæmis að standa í herbergi heima hjá mér í nokkra mánuði, án þess að ég fari þar inn, áður en ég get notað hann. Þetta flækir lífið enn meira og hefur gert mér erfitt fyrir,“ segir Sveinlaug.

> **Ég hefði aldrei trúað því að líf mitt gæti orðið svona flókið.**

Hún lætur veikindin þó ekki buga sig þó þau hafi óneitanlega stór áhrif á hennar daglega líf. „Maður finnur bara leiðir til að lifa með þessu og hugsar í lausnum. Ég er yfirleitt alveg verkjalaus ef ég er úti og segi oft að ég ætti bara að búa í tjaldi. Ég eyddi sumarfríinu til dæmis í útilegum og var tuttugu nætur í tjaldi í sumar. Maður verður bara að gera gott úr þessu.“



# *Hægar framfarir*



Mygla getur komið upp í bæði timburhúsum og steyptum húsum og skiptir aldur þeirra litlu máli. Þeir sem lenda í tjóni vegna myglusvepps hérlendis standa illa lagalega séð eins og málum er háttað í dag. Tryggingar hér á landi ná ekki yfir tjón af þessu tagi en gera það víða annars staðar, meðal annars sums staðar á Norðulöndum.

GRÓ, nýstofnuð samtök um tengsl heilsu við raka og myglu, hafa það að markmiði að berjast fyrir úrbótum á þessu sviði. Þau benda m.a. á að mörg slíkra mála endi þannig að fólk hrökklist af heimilum sínum og þurfi jafnvel að hefja nýtt líf á nýjum stað. Margir missa einnig vinnufærni sína um tíma og því hafi myglan afgerandi áhrif á lífsafkomu fólks. Úrbótum á þessu sviði miði þó hægt og rólega í rétta átt.

Á Alþingi var t.d. lögð fram tillaga til þingsályktunar veturinn 2013-2014 um endurskoðun laga og reglna með tilliti til myglusveppa og tjóns af völdum hans. Í kjölfarið skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra starfshóp sem tók til heildstæðrar endurskoðunar lög og reglur á sviði byggingarmála með tilliti til myglusveppa og tjóns sem þeir geta valdið.

Fyrr á árinu skilaði hópurinn skýrslu þar sem m.a. kemur fram sú tillaga að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefji viðræður við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um að hið síðarnefnda fylgist með reglusetningu í Danmörku um sérstaka tryggingavernd í eigendaskiptatryggingu sem taki til raka og myglusvepps. Einnig verði kannað hvort sú reglusetning væri hagkvæm hér á landi með aukna neytendavernd í huga.

Samtökin GRÓ eru á Facebook en næsti fræðslufundur verður 17. september kl. 18 á Café Meskí.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is s. 512 5446
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson.

**MOSEY EHF**

**er þinn þjónustuaðili þegar kemur að ástands- og mygluskoðunum fasteigna**

Við greinum vandamálin og bendum á raunhæf úrræði.

Þakklæti okkar viðskiptavina er vísbending þess, að við erum með réttar lausnir og efni sem geta unnið á vandamálunum.

**MOSEY ehf.** Símar: **568 8076 / 865 8076.**
Netfang: mosey@mosey.is
Heimasíða: **www.mosey.is**

**Útsölustaðir á efnunum okkar:**

Verslanir Húsasmiðjunnar,
Slippfélagið,
Málningarverslun Íslands,
Lyfjaver,
Þín verslun,
Máningarbúðin Ísafirði og
Tálknakjör



Ríkharður Kristjánsson verkfræðingur og Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir líffræðingur. Þau starfa nú saman hjá EFLU verkfræðistofu eftir að Hús og heilsa sameinaðist fyrirtækinu. MYND/GVA

# Forvarnir eru framtíðarsýnin

**Nýlega sameinaðist fyrirtækið Hús og heilsa EFLU verkfræðistofu. Með sameiningunni varð til nýtt og öflugt fagsvið innan Byggingarsviðs EFLU sem ber nafnið Hús og heilsa. Sviðið mun starfa þverfaglega með öðrum sviðum EFLU við að rannsaka og veita ráðgjöf um vellíðan notenda í byggingum.**

Fyrstu verkefni nýs fagsviðs eru að halda áfram að óbreyttu rannsóknum og ráðgjöf vegna raka, myglu og loftgæða og stefnan er svo sett á heildstæða ráðgjöf er varðar heilbrigði notenda í byggingum.

„Hús og heilsa var frumkvöðlafyrirtæki í að rannsaka raka og myglu í húsnæði hér á landi. Okkar stefna er að við fyrirbyggjum vandamálið strax á byrjunarstigi meðan hönnun húsa stendur yfir auk þess að leggja til lausnir í eldra húsnæði í stað þess að leysa úr þeim eftir á. Nú er sífellt meiri áhersla á að hanna byggingar með tilliti til líðanar notenda. Þá þarf að huga að umhverfi, aðgengi, skipulagi, loftgæðum, innivist, hljóðvist, efnisvali, lýsingu og öryggi svo eitthvað sé nefnt,“ segir Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, líffræðingur hjá EFLU.

„Markmiðið með stofnun þessa fagsviðs innan EFLU er að þar verði meðal annars unnið forvarnarstarf. Að þar starfi saman þverfaglegur hópur sérfræðinga sem býr yfir reynslu og þekkingu og geti veitt ráðgjöf á þessum málaflokki,“ segir Ríkharður Kristjánsson, verkfræðingur hjá EFLU.

> **Nú er sífellt meiri áhersla á að hanna byggingar með tilliti til líðanar notenda.**

Ummerki um raka og leka í byggingum eru oft ekki sjáanleg, að sögn Sylgju. „Ef merki um leka- og rakaskemmdir eru sjáanleg ætti fólk að sjálfsögðu að bregðast við og hafa samband við sérfræðinga. Í langflestum tilvikum eru ummerkin um raka eða myglu hins vegar falin og eru þá inni í veggjum, inni í þökum, bak við skápa og undir gólfefnum. Einkenni hjá fólki vegna rakans geta verið mjög mismunandi og einstaklingsbundin. Allt frá því að vera augnþurrkur og einkenni frá öndunarvegi, almenn þreyta og slappleiki, flensueinkenni og í að fólk fái síendurteknar sýkingar,“ útskýrir Sylgja.

EFLA býður heildarþjónustu þar sem þættir eins og hljóðvist, lýsing, loftræstikerfi og loftgæði eru kannaðir. Einnig að forvarnir gegn raka séu unnar í öllu byggingarferlinu, við hönnun, uppbyggingu, viðhald og framkvæmd bygginga. „Þegar raka- og mygluvandamál eru hins vegar til staðar er mikilvægast að finna orsökina. Síðan þarf að uppræta rakann og í framhaldi mygluna, stundum með því að endurhanna húsnæðið, og finna lausnir til að koma í veg fyrir að vandamálið endurtaki sig. Núna sjáum við aukin tækifæri til þess að þjónusta fyrirtæki, vinnustaði og stærri byggingar auk þess að halda áfram þjónustu við húseigendur og húsfélög,“ segir Sylgja.

## GÆTIÐ AÐ INNILOFTINU

**Umhverfisstofnun hefur** gefið út bækling þar sem eru leiðbeiningar fyrir almenning um myglu og raka. Þar koma fram margar nytsamar upplýsingar sem gott er að kynna sér.

**Meðal annars má finna eftirfarandi gátlista:**

1. Lofta út, leyfa gegnumtrekk tvisvar á dag í 10 mínútur í senn.
2. Loftræsa vel þar sem föt eru þurrkuð.
3. Ekki leyfa reykingar innandyra.
4. Þurrka af og þrífa heimilið reglulega (sér í lagi ef gæludýr á heimilinu).
5. Fylgjast með merkjum um raka og mygluvöxt (sjá kafla 3 og 4).
6. Hreinsa myglu í burtu (sjá kafla 6).
7. Þurrka svæði sem hafa orðið fyrir vatnsleka innan 24-48 klukkustunda til að varna mygluvexti.
8. Gera við vatnsleka.
9. Þvo lök og sængurföt reglulega í heitu vatni (60°C eða hærra).
10. Nota ofnæmisprófaðar rúmdýnur og koddaver.
11. Tryggja meindýravarnir með því að loka fyrir sprungur og rifur og gera við vatnsleka, ekki láta matvæli liggja frammi.
12. Loftræsa eldhús og rými sem í er arineldur eða kamína.
13. Tryggja að arinn eða kamína sé rétt uppsett, notað og viðhaldið.
14. Fylgja leiðbeiningum framleiðanda um rétta notkun hreinsiefna.
15. Tryggja nægt ferskt loft og loftræsingu (opna glugga eða nota viftur) þegar málað er, gerðar endurbætur á húsnæði eða notaðar vörur sem að gætu losað frá sér rokgjörn lífræn efni.
16. Aldrei skal blanda saman efnavörum, s.s. hreinsiefnum, nema leiðbeiningar séu um slíkt á umbúðum.




17. Forðast að kaupa hreinsiefni og aðrar efnavörur sem innihalda mikil ilmefni, eiturefni eða rokgjörn efni.
18. Tryggja að ofnar/hitun húsnæðis sé í lagi.

# Greinir myglu á einfaldan hátt

**BYKO** býður upp á sérstök próf sem greina þær tegundir myglusveppa sem geta valdið fólki heilsutjóni. Niðurstaðan liggur fyrir á fimm til fimmtán mínútum. Í BYKO má einnig finna fjölmörg öflug hreinsiefni sem vinna meðal annars á myglu.

Umræða um myglu í híbýlum fólks hefur verið áberandi undanfarin ár, bæði í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Þannig er almenningur orðinn mun meðvitaðri um það tjón sem mygla getur valdið heilsu fólks.

Oft getur reynst erfitt að meta hvort myglu sé að finna í húsnæði og einnig hvort hún sé skaðleg eða ekki. BYKO hefur lausnina en þar er hægt að fá svokallað IAQ Pro próf sem hefur reynst notadrjúgt.

„Svartmygla, Aspergillus- og Penicillum-sveppir eru þær tegundir sem rannsóknir hafa sýnt að geti valdið fólki heilsutjóni. IAQ Pro prófið er hannað til að greina þessar tegundir myglusveppa á fljótlegan og einfaldan hátt,“ segir Örn Haraldsson, sölustjóri BYKO.

Hann bendir á að þetta greiningarpróf hafi verið tekið til rannsóknar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands áður en það var sett á markað fyrir um þremur árum til að fá staðfestingu á því að það sýndi réttar niðurstöður.

## Skjót niðurstaða

Í pakkanum eru tvö greiningarpróf. Niðurstaðan liggur fyrir á aðeins fimm til fimmtán mínútum, hvort sem hún er jákvæð eða neikvæð. „Ef niðurstaðan er jákvæð þýðir það að skaðleg mygla er til staðar. Þá þarf að meta hvert tilfelli fyrir sig og hvaða ráðstafanir þurfi að gera. Oft getur þurft að leita til fagaðila en þegar mygla hefur eingöngu safnast fyrir á yfirborði eins og til dæmis í kverkum á flísum á baðherbergjum getur verið nægjanlegt að nota hreinsiefni sem eyðir myglu,“ upplýsir Örn.

## Eyðir myglu

Í BYKO eru á boðstólum nokkrar gerðir af slíkum hreinsiefnum. Þar má nefna Oxivir sem er öflugt hreinsiefni. Það þarf þó að notast með varúð á fleti sem eru viðkvæmir fyrir sýru, líkt og marmara. „Rodalon er einnig mjög gott hreinsiefni og hefur þann stóra kost að vera lyktarlaust. Það hentar til dæmis mjög vel til að eyða ólykt, til dæmis úr íþróttafatnaði og skóm, og einnig til að hreinsa sveppamyndanir sem vilja myndast í þvottavélum og uppþvottavélum.“

## Spornað við myglu

Þó ýmsar leiðir séu færar til að losna við myglu er mun farsælla að koma í veg fyrir að hún myndist. „Til að minnka líkurnar á því að raki þéttist innanhúss er alltaf gott að hafa rifu á gluggum þó vetur sé fram undan. Gott er að hækka aðeins í ofnum í stað þess að loka gluggum.“ Örn bendir á að taurþurrkarar, baðferðir og eldamennska gefi frá sér marga lítra af vatni í formi raka. Þessi raki safnist fyrir og þéttist við réttar aðstæður, sér í lagi þegar engin loftskipti verða. „Gullna reglan er sú að hafa jöfn og góð loftskipti í híbýlum og minnka þannig líkur á að raki þéttist og myndi kjöraðstæður fyrir myglumyndun.“



Örn segir ýmislegt hægt að gera til að sporna við raka- og myglumyndun í húsum. En ef komið er í óefni býður BYKO upp á ýmsar lausnir. MYND/ANTON



Niðurstöður á IAQ-myglusveppaprófi. Ein lína þýðir neikvætt svar, tvær línur jákvætt.


# BERJUMST VIÐ MYGLUNA




AÐEINS 5 MÍN. MYGLUSVEPPAPRÓF

Alexeter's IAQ Pro mygluPróf.
4.995 kr.
Vnr. 41132003

## MYGLUSVEPPAPRÓF

Alexeter's IAQ Pro greiningarprófið er einfalt í notkun og gefur nákvæmar niðurstöður á 5 mínútum. Það greinir margar tegundir myglusveppa sem líklegt er að hafi slæm áhrif á heilsu fólks þegar þær vaxa innanhúss.

Einfalt í notkun


Pinninn tekinn í sundur.


Látið smella tvisvar í vökvafylltu kúlunni.


Hvíta lokið snúið af.


Setjið 5 dropa á hvort greiningarpróf.

## ER MYGLUSVEPPUR HEIMA HJÁ ÞÉR?




Eyðir bakteríum í sveppum og slæmri lykt úr íþróttafatnaði, sótthreinsun án klórs.
**RODALON,** 5% lausn, 1 l.
1.895 kr.
41111123

**OXIVIR sótthreinsir** með dælu, 0,72 l.
1.395 kr.
41166001

Drepur myglusveppi, notist aðeins við góða loftræstingu.
**HG myglueyðir,** 500 ml.
1.595 kr.
16001952

byko.is

SJÁÐU MYNDBAND UM MYGLUSVEPPAPRÓFIÐ Á WWW.IAQPRONOW.COM

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



## ÚT MEÐ RAKANN

**Of mikill** raki í húsum getur haft neikvæð áhrif á híbýlin og heilsu og þægindi þeirra sem þar dvelja. Þegar talað er um raka innandyra er einfaldlega átt við uppgufað vatn í loftinu. Þegar heitt loft lendir á köldu yfirborði kólnar það og þá verður svokölluð rakaþéttting og vatnsdropar eða móða verður sýnileg, oft við rúður.

Til þess að minnka líkur á að raki myndist er mikilvægt að lofta vel út úr íbúðinni reglulega með með því að opna hurðir og/eða glugga og nota viftur eftir þörfum. Gott er að leiða raka út úr húsi frá heimilistækjum sem framleiða raka, svo sem þurrkarar, eldavélar og gashitarar. Einnig ætti að hafa baðherbergisviftu í gangi eða glugga opinn þegar farið er í bað eða sturtu, nota skal útsogs-viftu eða opna glugga þegar eldað er, uppþvottavél er notuð eða vaskað er upp.

Auk þess er mikilvægt að draga gluggatjöld frá gluggum á daginn. Ef rakaþéttingar verður vart, svo sem á rúðum, veggjum eða pípulögnum, skal bregðast fljótt við með því að þurrka rakt eða blautt yfirborðið og lagfæra það sem þarf til að komast fyrir rakann.

**Heimild: ust.is (Umhverfisstofnun)**



## EINKENNIN AÐALLEGA FRÁ ÖNDUNARFÆRUM

**Fólk** er misviðkvæmt fyrir myglu. Örfáir eða innan við 2 prósent eru með mygluofnæmi og eiga þá mjög erfitt með að vera í híbýlum þar sem leynist mygla. Ofnæmisviðbrögð tengjast eiturefnum (mycotoxin) sem myglusveppir framleiða. Einkenni geta verið mæði, útbot, nefrennsli, rauð augu, hósti og aðrir öndunarfæraerfiðleikar. Þá getur fólk fengið sýkingar í lungu, ennis- og kinnholur.

Sveppasýkingar í blóði eru þekktar en þær verða nær eingöngu hjá fólki með bælt ónæmiskerfi. Rannsóknir á þessu sviði eru enn af skornum skammti en þeim fjölgar þó ár frá ári. Þeim sem eru með þrálát einkenni eins og hér er lýst sem erfitt er að skýra er í auknum mæli ráðlagt að kanna híbýli sín og vinnustað með tilliti til myglu.

**Heimild: husogheilsa.is**

## VANDA ÞARF VALIÐ

**Raki er** mikill í baðherbergjum. Sem dæmi fara um 420 grömm af raka í loftið við tíu mínútna sturtuferð. Öll notkun á vatni á baðherberginu eykur rakastigið og ef ekki eru gerðar ráðstafanir blandast rakafyllt loftið öðru lofti í íbúðinni og eykur rakastig loftsins á öllum íverusvæðum.

Því er mikilvægt að vera með góða viftu í baðherbergjum en hvernig ætli sé best að velja slíka viftu. Á vefsíðunni viftur.is er að finna nokkrar leiðbeiningar:

- Stærð herbergisins ræður hversu öflug viftan þarf að vera. Því stærra rými, því öflugri vifta. Flestar viftur afkasta frá um 80 $m^3$/klst. Þar sem dæmigert baðherbergi er um 20 rúmmetrar tekur um 15 mínútur að skipta um loft í baðherberginu.
- Huga þarf að því að velja hljóðláta viftu. Ef mikill hávaði er af viftunni eru minni líkur á að fólk láti hana ganga.
- Ákveða þarf hvernig stýringu á að nota á viftuna. Til dæmis er hægt að fá viftu sem gengur í ákveðinn tíma eftir að hún ræst, eða viftu með rakastýringu, eða viftu með hreyfi-skynjurum.
- Gott getur verið að velta fyrir sér orkunotkun viftunnar sem er mismunandi eftir tegundum. Sumar eyða töluverðu rafmagni sem getur verið kostnaðarsamt.






# DEKKVERK

Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ
Sími: 578 7474 www.dekkverk.is
OPIÐ ALLA DAGA 10-19

# NEGLDU ÞETTA FYRIR VETURINN

**50% AFSLÁTTUR AF UMFELGUN MEÐ HVERJUM KEYPTUM WESTLAKE GANGI. 50%**

## WESTLAKE SW606 FÓLKSBÍLADEKK

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | TILBOÐSVERÐ | UMFELGUN TILBOÐ | NEGLING |
|---|---|---|---|---|
| 175/65R14 | 62.000 .- | 42.000.- | 2.250.- | 8.000.- |
| 195/65R15 | 74.000.- | 52.000.- | 2.750.- | 8.000.- |
| 205/55R16 | 82.000.- | 58.000.- | 3.000.- | 8.000.- |

## WESTLAKE ALL TERRAIN ALHLIÐA JEPPADEKK

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | TILBOÐSVERÐ | UMFELGUN TILBOÐ | NEGLING |
|---|---|---|---|---|
| 225/70R16 | 116.000.- | 84.000.- | 3.000.- | 12.000.- |
| 265/75R16 | 158.000.- | 119.000.- | 3.000.- | 12.000.- |
| 235/65R17 | 120.000.- | 92.000.- | 3.250.- | 12.000.- |
| 285/70R17 | 218.000.- | 167.000.- | 4.250.- | 12.000.- |

## WESTLAKE MUD LEGEND SL386

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | TILBOÐSVERÐ | UMFELGUN TILBOÐ | NEGLING |
|---|---|---|---|---|
| 33X12,50R15 | 210.000. | 159.000.- | 3.750.- | 8.000.- |
| 35X12,50R17 | 255.000.- | 192.000.- | 4.250.- | 12.000.- |

Netgíró

TILBODID GILDIR TIL 30. SEPT. EDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST :)
- DREIFÐU GREIÐSLUNNI -

VALITOR VISA

WEST LAKE®
HARÐKORNADEKK

"AF ÞVÍ ÞAU ERU GÓÐ"

## BÍLAR & FARARTÆKI

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn
sími:5671800 www.bbv.is



KIA Ceed lx 1.4 bensín beinsk.. Árgerð 2010, ekinn 95 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.232384. Bílamarkaðurinn S567-1800



KIA Ceed lx 1.4 new . Árgerð 2015, ekinn 36 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.780.000. Rnr.107531. hægt að fá 80 % fjármögnun Bílamarkaðurinn S567-1800



M.BENZ Glk 200 cdi. Árgerð 2011, ekinn 108 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 5.690.000. Rnr.107285.



KIA Rio ex 1.4 disel. Árgerð 2015, ekinn 41 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.190.000. Rnr.107530. hægt að fá 80 % fjármögnun. Bílamarkaðurinn S567-1800



FORD E150 econoline xl v8 van. Árgerð 2003, 7 manna ekinn 131 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. tilboð 1.990.000. skipti verð 2290 þús Rnr.232461. Bílamarkaðurinn S567-1800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílalíf



**SJÁLFSKIPTUR!!!**
BMW 1 120i h/b. Árgerð 2004, ekinn aðeins 95þ.km., sjálfskiptur. Góð smurbók og virkilega flott eintak! Verð 1.680þ. Rnr.126986. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi 2, s:562-1717.



**NÝR BÍLL**
MMC OUTLANDER INTENSE DÍSEL. Árg.2015, sjálfskiptur. Verð 6.290.000.- er á staðnum. Rnr.127099. S:562-1717.



**TILBOÐ 990.000.-**
MERCEDES BENZ SPRINTER 412D 17 MANNA.Árg 1998,ekinn 751.þ km,dísel,5 gírar.Tilboð aðeins 990.000. 100 % lán möguleg - eigum til 6 svona bíla á lager á aðeins 990.000.- Rnr.127037. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Kletthóls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



BMW X5 4.0d e70 . Árgerð 2013, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 12.990.000. Rnr.141595. Mikið af aukahlutum.



KIA Ceed ex 1.6 dísel sjálfsk.. Árgerð 2014, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.850.000. Rnr.161401.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

HEIMS BÍLAR



TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árgerð 2005, ekinn 152 Þ.KM, DÍSELL, 5 gírar. krókur Verð 1.670.000. Rnr.337342.



AUDI A6 new 2.0t. Árgerð 2007, ekinn 83 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. í toppstandi, mjög laglegur bíll. Verð 2.790.000. Rnr.336018.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

MB bílar



SKODA Octavia ambiente. Árgerð 2012, ekinn 62 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.790.000. Rnr.110339.



RENAULT Kangoo express. Árgerð 2011, ekinn 107 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.250.000. ÁN VSK

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

BORGARBÍLASALAN



**2012 ÁRGERÐ**
MMC Pajero instyle árg 2012 ekin aðeins 98 þkm 7 manna leður sjálsk besta verð 5.900.000 Rnr.104118.sími 6952015



**VINNUBAUKURINN**
VW Caddy sendibíll. Árgerð 2006, ekinn 202 þ km toppviðhald Verð 790.000. Visdalán í boði Rnr.450055. sími 6952015

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ GLK 220 CDI 4matic. Árgerð 2014, ekinn 35 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.400.000. Rnr.991426.



HONDA Accord. Árgerð 2013, ekinn 33 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.590.000. Rnr.240481.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

### 250-499 þús.



**FLOTTUR - SPARIBAUKUR**
Opel Corsa - C 16v comfort árg. 01 ek. 168þús 5 dyra beinsk. sk.'16 Nýskoðaður og flottur bill. Verð 430 þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

### 500-999 þús.



**TILBOÐ 590 ÞÚS**
VW GOLF HIGHLINE 4motion station 2003 ek.168 þús,topplúga,dráttarkrókur ofl. mjög þettur og góður bíll, ásett verð 690 þús TILBOÐ 590 þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955



**YARIS - TILBOÐ 590 ÞÚS**
Toyota Yaris 1,3 vvti árg 2004 ek.182 þús,beinskiptur, 5 dyra, heilsarsdekk, sk.16 dráttarkrókur, fínn bíll, einhvað um hurðadældir, Tilboðsverð 590 þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

**Vörubílastöðin Þróttur**
ÞRÓTTUR 577-5400
**Vörubílar - Kranabílar**
**Sandur - Mold**
**Jarðvinna**
**Sími 577 5400**

### Vörubílar



BENZ ATEGO 1224 ár. 05/2007 ekinn 250 þ.km. Með kæli, 2,5 tonna lyftu, Webesto miðstöð í topp standi,verð 5.950 þ. fæst á 4.500 þ. kr. stgr. + vsk. Uppl. í S. 820 6030

### Lyftarar




### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

### Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**ÁRATUGA REYNSLA**
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA www.gardlist.is




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**GRÖFUÞJÓNUSTA AUBERTS.**
Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, kranabílar, vörubílar, gámaleiga, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.
**Sími 892 1663.**

### Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?**
JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
**www.jáiðnaðarmenn.is**

**MeistaraMúr**
- Flísalagnir
- Múrverk
- Múrviðgerðir
- Flotun • Plötuslípun
- Pípulagnir

S: 866-6291 / 824-0824
meistaramur@meistaramur.is

Hreinsa þakrennur, laga rið á þökum og tek að mér ýmis verkefni. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss, uppslátt og fl. Áratuga reynsla. S. 867 7753

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## HEILSA

### Nudd

**NUDD**
Heilsu-Slökunarnudd. Nuddstofan, opið frá 9-18. Opið á lau. S. 855 3199

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Kennsla

**GÍTARNÁM! GÍTARNÁM!**
Gítarstofan, Auðbrekku, býður upp á nám fyrir fólk á ÖLLUM aldri. Gítarstofa Steingríms s. 898 2263

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.



urra vikna skeið. Þegar erindið var loks tekið fyrir í síðustu viku hafi skipulagsnefnd tekið neikvætt í tillöguna. „Þarna finnst mér skipulagsnefnd vera farin að segja svolítið hvernig á að raða upp innandyra,“ segir Emil og bætir við að þetta sé svolítið merkilegt. Og hann líkir þessu við það að skipulagsráð myndi skipta sér af því hvar húfum og peysum væri raðað upp í fataverslun.

Emil Helgi telur að fjárfestingin hjá Serrano og Around Iceland vegna húsnæðisins sé komin samtals í á annan tug milljóna. Around Iceland hafi reyndar verið opnað eins og til stóð en starfsemin í húsinu sé engu að síður ekki eins og þeir gerðu ráð fyrir. Þetta sé því tjón bæði fyrir Nam og Around Iceland. En Emil Helgi er þó bjartsýnn á að ná lausn í málinu. „Við eigum fund núna á miðvikudag með starfsmanni borgarinnar og við ætlum að mæta þar og munum finna lausn.“

### Ekkert samræmt átak hjá sveitarfélögum

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að ekki sé neitt heildstætt samræmt átak í gangi eins og er hjá sveitarfélögum til að einfalda regluverkið.

„En menn eru alltaf að reyna að einfalda stjórnsýsluna og gera hana einfaldari. En heildstæð umfjöllun um það hefur ekki átt sér stað. En við tökum þátt í ýmsum nefndum og ráðum og stjórnum þar sem þessi mál eru rædd. Með það að markmiði að auka skilvirkni stjórnsýslunnar og hagkvæmni og bæta þjónustuna,“ segir Karl. Hvatt hafi verið til þess að sveitarfélögin nýti sér rafræna stjórnsýslu og rafræna tækni. Þannig að vinnan sé sífellt í gangi.



Byggingaverktakar telja að hægt sé að lækka kostnað með breytingu á byggingarreglugerð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Kostnaðarsöm krafa um meira rými í byggingareglugerð

Annað sem ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga lofuðu í vor, samhliða kjarasamningum, var að lækka byggingarkostnað, meðal annars með endurskoðun byggingarreglugerðar og gjaldtöku sveitarfélaga. Eftir því sem Markaðurinn kemst næst mun sérstök nefnd fjalla um breytingar á byggingarreglugerðinni.

Flestir þeir aðilar sem starfa innan byggingargeirans sem Markaðurinn talaði við segja að það sem helst íþyngjandi í núgildandi byggingarreglugerð, sem er að grunni til frá árinu 2012, sé krafa um aukið rými. Guðmundur Gunnlaugsson arkitekt segir að reglugerðin sé verulega til kostnaðarauka við byggingu íbúðarhúsnæðis, sérlega ef byggja á litlar íbúðir. Það eigi einkum við um heildræna hönnun „allra“ íbúða, en áður hafi íbúðir á fyrstu hæðum fjölbýlishúsa verið sérhannaðar. Guðmundur, sem hefur unnið fyrir BYGG, segir að reynsla byggingarmeistara sé aftur á móti sú að þrátt fyrir að hafa byggt á þriðja þúsund íbúða hafi aðeins 3 íbúðir verið seldar fyrir fatlað fólk. „Vissulega styðjum við eindregið jafnrétti og allir geta lent í hjólastól eða fötlun en krafan er mjög rýmisaukandi frá því sem áður var og erfitt að hanna litlar hagkvæmar íbúðir,“ segir hann. Þá segir Guðmundur að krafa um lyftur í húsum sem eru þriggja hæða hafi aukið byggingarkostnað verulega, en áður hafi verið gerð krafa um lyftur í fjögurra hæða húsum. „Þriggja hæða fjölbýli er mjög eðlileg og falleg gerð fjölbýlishúsa í borgum og bæjum, lyftur eru mjög dýr búnaður og einnig er rekstur þeirra verulega íþyngjandi fyrir húsfélögin,“ segir Guðmundur.





KOMDU OG PRÓFAÐU CITROËN BERLINGO VAN

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

Frábær vinnuaðstaða með góðu aðgengi fyrir farm og farþega. 180° opnun á afturhurðum, rennihurð, þægileg hleðsluhæð, há sætisstaða og fjöldi geymsluhólfa. Öflug en sparneytin 90 hestafla dísilvél ásamt spólvörn og ESP stöðugleikakerfi gera Berlingo Van að öruggum og hagkvæmum kosti fyrir þinn rekstur.

Brimborg er stærst í sölu atvinnubíla á Íslandi. Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjaflota.

15 ára afmæli Citroën hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Kári stefnir á Ríó

***Kári Steinn Karlsson hóf störf við rekstrarráðgjöf, með áherslu á framleiðslu- og innkaupastjórnun, hjá KPMG í mars. Hann er þekktur maraþonhlaupari en starfaði áður hjá Icelandair Technical Services sem verkefnastjóri á rekstrarstýringar- og fjármálasviði.***

Kári Steinn Karlsson hóf nýlega störf hjá KPMG í rekstrarráðgjafarteymi, með áherslu á framleiðslu- og innkaupastjórnun. Hann mun koma að ráðgjöf í verkefnum á sviði straumlínustjórnunar (e. Lean Management).

„Lean felur það í sér að gera rekstur og ferli hagkvæmari. Undirstaðan í þessum fræðum er að taka út öll skref í ferli sem ekki skapa virði. Flutningur í ferli er til dæmis ekki að auka virði vörunnar og þá vill maður lágmarka flutning,“ segir Kári Steinn. Hann segir nýja starfið leggjast alveg svakalega vel í sig. „Það er mikill vöxtur á ráðgjafarsviði, það er verið að bæta við sig fólki hérna alveg hægri vinstri og rosa. Það er góð stemning og flott að vera hérna því það er svo mikil þekking innanhúss,“ segir hann.

Kári Steinn er þekktur maraþonhlaupari, hann hljóp meðal annars maraþon á Ólympíuleikunum í London árið 2012. Hann hefur haldið fjölda fyrirlestra um markmiðasetningu, hugarfar og þjálfun. Kári Steinn útskrifaðist með B.Sc. í rekstrarverkfræði frá University of California, Berkeley, árið 2011 og stundar meistaranám í fjármálum fyrirtækja og endurskoðun og reikningsskilum samhliða störfum. Hann starfaði áður hjá Icelandair Technical Services sem verkefnastjóri á rekstrarstýringar- og fjármálasviði.

Kári Steinn er trúlofaður Aldísi Arnardóttur, rekstrar- og sölustjóra hjá 66°Norður, og eru þau í sambúð. Kári Steinn er ennþá að hlaupa. „Það hefur gengið hálfilla í sumar en ég er búinn að ná mér á strik núna og kominn í gott form. Ég er ennþá ekki búinn að ná lágmarkinu, en stefni á að hlaupa maraþon í vor og ná lágmarkinu fyrir Ólympíuleikana í Ríó á næsta ári,“ segir Kári Steinn.

saeunn@frettabladid.is



KÁRI STEINN KARLSSON ER ÞEKKTUR HLAUPARI OG STEFNIR Á ÓLYMPÍULEIKANA Í RÍÓ NÆSTA SUMAR. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## HEFUR HLAUPIÐ 70 ÞÚSUND KÍLÓMETRA



Kári er ótrúlega mikið ljúfmenni og vill öllum í kringum sig vel. Hann er einhver mest drífandi og metnaðarfulla manneskja sem ég þekki. Ég man alveg sérstaklega eftir einu atviki, fyrir mörgum árum síðan spurði ég hvort hann væri til í að koma að leigja spólu og hann sagði bara nei því miður, að hann væri að plana hlaupið á morgun. Hann settist nefnilega niður og skipulagði sig, hvernig hann ætti að hlaupa. Hann skoðaði millitímana hjá öllum sem voru að keppa og planaði hvenær hann ætlaði að taka fram úr og allt þannig. Ef er einhver sem ég þekki sem er kröftugur í markmiðasetningu og skipulagningu þá er það Kári. Ástæðan fyrir að Kári er góður í hlaupum er einfaldlega sú að hann er búinn að hlaupa yfir 70 þúsund kílómetra á ævinni með þennan líka þvílíka metnað.
*Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, rekstrarstjóri Plain Vanilla og vinur Kára*



Kári Steinn er alveg rosalega metnaðarfullur og duglegur að setja sér markmið. Á sama tíma er hann nokkuð rólegur og hlédrægur. Ég held að það sýni sig vel í gegnum hlaupin hvað hann er duglegur. Hann sló Íslandsmet í sínu fyrsta maraþoni og komst inn á Ólympíuleikana, það var virkilega háleitt markmið og hann náði því, eins og langflestu sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann er líka vel fókuseraður og tekur verkefni svo rosalega sterkum tökum, bæði í hlaupum og í vinnu.
*Aldís Arnardóttir, unnusta Kára*


# Inflúensu-bólusetningar

**Inflúensubólusetningar draga úr hættu á sýkingu þann vetur sem bólusett er.**

**Læknar og hjúkrunarfræðingar Vinnuverndar ehf. koma í fyrirtæki og bólusetja.**

**Erum að taka niður bókanir í síma 578 0800 og á vinnuvernd@vinnuvernd.is**

Vinnuvernd ehf.
Brautarholt 28
105 Reykjavík
s: 5780800
www.vinnuvernd.is
vinnuvernd@vinnuvernd.is



VINNUVERNDehf
vellíðan í vinnu




KOSTNAÐARSAMT GETUR VERIÐ AÐ KLIKKA Á AÐ KYNNA SÉR KÍNVERSKA KAUPSÝSLUHÆTTI. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Mæta til Kína óundirbúnir

***Íslensk fyrirtæki tapa á því að kynna sér ekki kínverska menningu og viðskiptahætti. Þau eru meðvituð um vandann en hafa lítið gert til að bregðast við honum.***

Íslensk fyrirtæki hafa ekki gert nóg til að takast á við þann menningarmun sem er milli Íslands og Kína. Aðgerðaleysið hefur að líkindum kostað fyrirtækin háar fjárhæðir og gæti átt þátt í að skýra hve lítið viðskipti við Kínverja hafa aukist frá því fríverslunarsamningur við Kína tók gildi um mitt síðasta ár. Þetta er niðurstaða meistararitgerðar Ingu Dísar Júlíusdóttur í alþjóðasamskiptum við Háskólann í Reykjavík. Ritgerðin byggði á viðtölum og spurningalistum sem forsvarsmenn 24 íslenskra fyrirtækja sem stunda viðskipti í Kína svöruðu.

> En mjög fáir voru með þjálfun fyrir starfsmenn í tengslum við menningarmun og samskipti.



Inga Dís Júlíusdóttir, meistari í alþjóðasamskiptum frá Háskólanum í Reykjavík

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, sagði fyrr í sumar að að það væru vonbrigði hve lítið viðskipti við Kína hefðu aukist frá því fríverslunarsamningurinn tók gildi. „Þetta kemur okkur á óvart. Við fundum fyrir miklum áhuga í aðdraganda samningsins, við ýttum á að þessi samningur yrði gerður og fögnuðum honum sérstaklega,“ sagði Andrés. Innflutningur til Kína nam dróst saman á tímabilinu janúar til júlí á þessu ári miðað við árið 2014 en útflutningurinn nam 3.628 milljónum króna á fyrstu mánuðum ársins 2015 en 3.628 milljónum króna á sama tímabili í fyrra. Útflutningur hefur hins vegar aukist talsvert og nam 587 milljónum króna milli janúar og júlí árið 2014 en hefur numið 1.313 milljónum króna á sama tímabili á þessu ári.

Inga segir flest fyrirtæki vera meðvituð um menningarmuninn þó þau hafi lítið gert til að bregðast við honum. Mörg fyrirtækjanna hafi svarað því að tekjur, hagnaður og markaðshlutdeild þeirra myndu að líkindum aukast ef þau myndu læra betur inn á kínverska menningu og bæta samskipti sín við kínversk fyrirtæki. „Það var eitthvað sem mér fannst áhugavert, að vita af vandamálinu en gera ekki nógu mikið til að laga það eða bæta úr því,“ segir hún.

Inga segir að líklega sé ekki hægt að koma alfarið í veg fyrir árekstra í alþjóðlegum viðskiptum en hægt sé að lágmarka skaðann sem af þeim geti hlotist með nægum undirbúningi. Hún bætir þó við að einhver fyrirtæki hafi sagst senda starfsmenn sína til þeirra landa þar sem þau stunda viðskipti til að læra inn á menninguna og viðskiptahætti. „En mjög fáir voru með þjálfun fyrir starfsmenn í tengslum við menningarmun og samskipti.“

ingvar@frettabladid.is

# Félögin fluttu hálfa milljón

Samtals voru farþegar í millilandaflugi WOW air og Icelandair 520 þúsund í ágúst síðastliðnum, að því er lesa má úr tilkynningum félaganna.

Icelandair segir farþegum hafa fjölgað um 17 prósent á milli ára, en þeir voru um 413 þúsund talsins, meðan aukningin er heldur meiri milli ára hjá WOW air, eða 45 prósent. Þar voru farþegar í ágúst um 107 þúsund.

Í tilkynningu WOW er haft eftir Skúla Mogensen, stofnanda og forstjóra flugfélagsins, að um hafi verið að ræða „langbesta“ sumar WOW air frá stofnun félagsins. „Í júlí síðastliðnum flutti WOW air fleiri farþega en allt fyrsta árið okkar 2012 og aldrei hafa verið fluttir jafnmargir farþegar í einum mánuði og nú í ágúst,“ segir hann.

Þá kemur fram í tilkynningum félaganna að Icelandair hafi aukið framboð sitt á sætum í millilandaflugi um 17 prósent á milli ára, en WOW air um 65 prósent. – óká

# 5. KYNSLÓÐ FRÁ INTEL

## NÝJASTI OG HRAÐASTI ÖRGJÖRVINN · STÓRAUKIN RAFHLÖÐUENDING

ASUS



INTEL i5

ASU-F302LAFN073H

139.995

# HRAÐVIRK MEÐ SSD

Ein sú flottasta í úrvalinu hjá okkur. Nýjasti 5. kynslóðar i5 örgjörvinn og 128GB SSD diskur tryggja frábæran vinnsluhraða í krefjandi forritum og snögga ræsingu. Nýji örgjörvinn tryggir líka lengri rafhlöðuendingu. Intel HD Graphics 5500 skjákjarninn skilar stórbættri grafískri vinnslu og einstökum myndgæðum. Mjög nett og létt 13,3" fartölva sem auðvelt er að taka með sér hvert sem er.

## FRÁBÆR KAUP FYRIR KRÖFUHARÐA!

| | | | |
|---|---|---|---|
| INTEL i5 ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | HD5500 GRAFÍKKJARNI | 13,3" SKJÁR |




tl.is

TÖLVU LISTINN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

Búið verði í haginn fyrir framtíðina með ríflegum afgangi á fjárlögum:

# Markmiðið verði hallalaus rekstur

Angel Gurría, framkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunarinnar, heimsótti okkur Íslendinga í síðustu viku. Tilefni heimsóknarinnar var að kynna nýja skýrslu stofnunarinnar um íslenskt efnahagslíf. Grunntónninn í skýrslunni er jákvæður. Samfelldur hagvöxtur hefur verið á Íslandi í fimm ár, opinberar skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu eru að minnka og skuldir heimilanna einnig. Þá hefur verðbólgan um margra mánaða bil verið innan þolmarka Seðlabankans og horfur á að hún verði það áfram.



**Markaðshornið**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

**Íslendingar geta ekkert gert til þess að breyta ytri aðstæðum. Þeir þurfa að einbeita sér að því að rækta eigin garð.**

Í skýrslunni bendir Efnahags- og framfarastofnun þó á að það eru ljón í veginum. Við þekktum þau flest fyrir. Stærstu áskoranirnar eru afnám fjármagnshafta. Þótt nú sé hafin vegferð með aðgerðaáætlun sem þykir mjög trúverðug er góður árangur ekki gulltryggður. Í öðru lagi er bent á að vinnumarkaðurinn hér á landi er mjög viðkvæmur. Of miklar launahækkanir, langt umfram framleiðniaukningu, eru þegar farnar að kalla á vaxtahækkanir Seðlabankans með tilheyrandi kostnaði fyrir atvinnulífið og gæti það ógnað verðstöðugleika. Og fullnægjandi lausn þarf að finnast á framtíð Íbúðalánasjóðs sem er ríkistryggður og hefur kostað skattgreiðendur tugi milljarða frá hruni. Illa virðist ganga að koma skikki á reksturinn og er fyrirséð að áfram muni þurfa að veita stórfé úr ríkissjóði til þess að greiða úr vanda hans.

Aðrir utanaðkomandi þættir munu einnig hafa áhrif á þróun efnahagsmála á næstunni. í skýrslunni er vikið að þróun heimsmarkaðsverðs á olíu. Það er lágt um þessar mundir, sem er hvati fyrir flugfélögin til að draga úr verði á fargjöldum og þannig ýta undir þann vöxt sem hefur verið í ferðaþjónustu. En þar gætu orðið skjótar breytingar á. Annar þáttur er þróun efnahagsmála á evrusvæðinu þar sem okkar helstu útflutningsmarkaðir eru. Frekari efnahagsslaki á evrusvæðinu gæti orðið til þess að eftirspurn eftir íslenskri vöru og þjónustu minnkaði. Að auki gæti svo þróun efnahagsmála í Kína og ófriður milli Rússa og Úkraínu haft áhrif.

Skilaboð Angels Gurría í samtali við Markaðinn í síðustu viku voru þó nokkuð einföld. Íslendingar geta ekkert gert til þess að breyta ytri aðstæðum. Þeir þurfa að einbeita sér að því að rækta garðinn sinn og skapa þau skilyrði sem raunhæft er að skapa til að stuðla að frekari hagvexti.

Þessi orð hans komu upp í huga mér núna af því að í gær voru fjárlög næsta árs kynnt og að fram undan er mikil vinna við afgreiðslu þeirra. Og í fjárlagavinnunni er mikilvægt að hafa í huga að einn sá þáttur sem við getum sannarlega haft áhrif á til að skapa okkur góð skilyrði fyrir framtíðina er að myndarlegur afgangur verði á fjárlögunum. Þannig verði hægt að ganga hraðar fram við að ná raunlækkun ríkisskulda og ná niður gríðarlegum vaxtakostnaði ríkissjóðs. Það er einmitt þess vegna sem það er eðlilegt að fagna því að stefnt skuli að 15 milljarða afgangi á fjárlögunum. Meiri afgangi en nokkru sinni frá hruni. Og þingmenn ættu að sameinast um þá stefnu að þetta markmið náist. Peningar greiddir í vexti munu nefnilega ekki nýtast til að auka velferð okkar.

## Mótmæla hlutlausum tóbakspakkningum




**TÓBAKSFRAMLEIÐENDUR ÓSÁTTIR** Franskir tóbakskaupmenn klæddir í kengúrubúninga sturtuðu nokkrum tonnum af gulrótum fyrir utan franska fjármálaráðuneytið og mótmæltu þar með áformum stjórnvalda um að skylda tóbaksframleiðendur til að hafa hlutlausar umbúðir utan um vörur sínar. Mótmælendurnir segja hlutlausar pakkningar ekki hafa virkað í Ástralíu og munu því heldur ekki virka í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Enn af gengislánum



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Félag atvinnurekenda vakti síðastliðið vor athygli á stöðu gengislána fyrirtækja. Sjö árum eftir hrun, að gengnum um 200 héraðsdómum og 70 hæstaréttardómum um gengislán, er enn ágreiningur um gríðarlegar fjárhæðir á milli bankanna og fyrirtækja sem tóku gengislán fyrir hrun. Þessi staða stendur mörgum fyrirtækjum fyrir þrifum og dregur úr þeim kraftinn til sóknar og fjárfestinga.

Samkvæmt úttekt sem unnin var fyrir FA voru gengislán upp á um 547 milljarða króna enn í ágreiningi í byrjun þessa árs. Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) báru brigður á þessa tölu og segja lán í ágreiningi nær 100 milljörðum. Ekki voru þó lögð fram nein gögn frá bönkunum sem staðfesta þá fullyrðingu. Vandinn við að meta umfangið nákvæmlega liggur einmitt í því að bankarnir og Fjármálaeftirlitið hafa ekki viljað gefa upplýsingar um stöðu mála.

### Bankarnir veita ekki upplýsingar

Vonir um að umræðan yrði til þess að auka upplýsingagjöf um stöðu gengislánanna af hálfu stóru viðskiptabankanna urðu að engu í byrjun sumars, þegar fjármálaráðuneytið birti svar sitt við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar alþingismanns um stöðu gengislánanna. Bankarnir neituðu allir að gefa þær upplýsingar sem ráðuneytið fór fram á fyrir hönd Alþingis.

Stærstur hluti gengislána fyrirtækja er í Landsbankanum og flestir hæstaréttardómar vegna þeirra hafa jafnframt fallið í ágreiningsmálum ríkisbankans og viðskiptavina hans. Það hefur þó ekki dugað til að leysa mál fjölmargra fyrirtækja. Bankinn hefur stuðzt við mjög hæpna túlkun á dómi Hæstaréttar í máli Haga ehf. gegn Arion banka, þar sem dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að Hagar hefðu vegna stærðar sinnar og sérþekkingar á fjármálum ekki verið í aðstöðumun gagnvart bankanum eða viðbótarkrafa bankans valdið fyrirtækinu þeirri fjárhagslegu röskun að fullnaðarkvittanareglan svokallaða gilti gagnvart fyrirtækinu. Í henni felst að viðkomandi félag hafi samkvæmt kvittunum staðið skil á vöxtum og afborgunum og verði ekki krafið um frekari vexti, þ.e. almenna óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands sem voru mjög háir, fóru hæst í 21% um tíma.

### Hæpin túlkun og gengur ekki jafnt yfir alla

Landsbankinn virðist hafa ákveðið að miða við skilgreiningu Evrópusambandsins á litlu fyrirtæki, með minna en u.þ.b. 1,5 milljarða króna veltu, þegar ákveðið er hvaða fyrirtæki eigi að njóta fullnaðarkvittanareglunnar. Fyrirtæki sem eru með meiri veltu eru þá samkvæmt túlkun bankans ekki í aðstöðumun gagnvart honum, burtséð frá eðli starfseminnar. Í því felst að mikill fjöldi fyrirtækja á Íslandi, þar með talin smærri fyrirtæki sem hafa enga sérþekkingu á lánamálum, eru ekki talin vera í aðstöðumun gagnvart bankastofnunum.

Þessi túlkun á dómi Hæstaréttar orkar augljóslega mjög tvímælis. Ofan á það bætist að henni virðist ekki vera haldið fram jafnt gagnvart öllum viðskiptavinum bankans. Félagi atvinnurekenda hafa þannig borizt ábendingar, studdar gögnum, um að fyrirtæki sem eru vel yfir veltumörkunum hafi fengið að njóta fullnaðarkvittanareglunnar og fengið lán sín endurútreiknuð á grundvelli hennar, um leið og sambærileg fyrirtæki af svipaðri stærð eru sett í flokk með Högum og ekki talinn hafa verið aðstöðumunur á þeim og bankanum þegar gengið var frá gengisláninu.

### Sér ekki fyrir endann á vandanum

Mörgum fyrirtækjaeigendum hefur komið spánskt fyrir sjónir að samkvæmt niðurstöðum dómstóla fái sambærileg gengislán fyrirtækja í sambærilegri stöðu, jafnvel keppinauta, mjög ólíka meðferð eftir formsatriðum í lánasamningum. Þegar við það bætist að dómar Hæstaréttar eru enn túlkaðir með hæpnum hætti af lánastofnunum og jafnvel ekki eins gagnvart sambærilegum fyrirtækjum er augljóst að við sjáum ekki fyrir endann á þeim vandræðum sem gengislánin valda enn íslenzku viðskiptalífi.

# Alí Baba og reykvískar okurbúllur

**Hin hliðin**

Auður Jóhannesdóttir
kaupmaður hjá Lífa ehf.



Í 1001 nótt má lesa um Alí Baba, fátækan skógarhöggsmann sem rambaði fram á helli sem þjófagengi hafði fyllt stolnum gullum. Alí var svo lánsamur að hlera leyniorðin sem opnuðu hellinn og þar með snarbatnaði efnahagur hans. Ekki tókst honum að halda uppgötvuninni leyndri og upphófst mikið blóðbað en með aðstoð ambáttar einnar sat Alí Baba að lokum einn eftir með fjársjóðinn.

Rétt fyrir síðustu aldamót stofnaði kínverskur frumkvöðullinn Jack Ma vefsíðuna Alibaba.com með það að markmiði að tengja saman kínverska framleiðendur og kaupmenn utan lands, þar með lagði Jack grunninn að miklu viðskiptaveldi sem hefur vaxið hratt síðustu árin. Annað afkvæmi Jacks, Aliexpress.com, sem tengir kínverska kaupmenn og vestræna neytendur er flestum Íslendingum kunnugt og mætti segja að fríverslunarsamningurinn við Kína jafngilti töfraorðunum „Sesam, opnist þú“ þegar kemur að aðgengi að þeim fjársjóðum sem á síðunni finnast.

En ekki er allt gull sem glóir og á meðal þess sem selt er hjá hinum kínverska Ali er mikið af eftirlíkingum og vörufölsunum. Sjálf hef ég nýlega látið fjarlægja eftirlíkingar úr smiðju Alis af vörum, sem mitt fyrirtæki dreifir hér á landi, úr sölu í tveimur íslenskum netverslunum og ég geri ráð fyrir að slíkum tilfellum eigi eftir að fjölga.

Nýlega rakst ég á færslu á Facebook frá verslun einni sem vildi vekja athygli á því að hjá þeim væri vara, sem væri einnig til sölu í „fínni búð“ í Reykjavík, miklu ódýrari. Í færslunni var klykkt út með orðunum: „Sama vara, sömu umbúðir nema hvað við erum ekki í því að fara illa með fólk sem langar að eiga fallega hluti.“ Þegar ég gerði athugasemd og tók fram að fínubúðarverðið á þessari þekktu skandínavísku hönnun væri ekki óeðlilegt í samanburði við verð í erlendum vefverslunum var mér svarað af fullum hálsi af færsluhöfundi sem virtist meðvitaður um að hann væri að selja eftirlíkingu en fannst það bara allt í lagi, enda virtist viðkomandi ekki gera sér grein fyrir því að það væri hann sem færi illa með fólk sem hann ar og býr til vörur. Færslan var að lokum fjarlægð af Facebook og varan tekin úr sölu, en áður en það gerðist höfðu rúmlega 200 manns smellt á „like“ og margir hrósað hinum framtakssama kaupmanni fyrir viðskiptahættina.

Þurfum við ekki aðeins að taka til í viðhorfi okkar til hugverkaréttar? Fæstir myndu kaupa ljósrit af nýjustu bók Yrsu. Það er heldur ekki í lagi að stela hugverkum með því að kaupa eða selja eftirlíkingar og falsaðar vörur.



ÖLL BESTU LÖG
GCD
11. SEPTEMBER Í ELDBORG HÖRPU
BUBBI OG PÁLMI GUNNARS
ÁSAMT HLJÓMSVEIT
Í MINNINGU RÚNARS JÚLÍUSSONAR SEM ORÐIÐ HEFÐI SJÖTUGUR Á ÁRINU
prime
EITT LAGENN
HARPA
MIÐASALA Á HARPA.IS OG TIX.IS

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 128,96 | DKK 19,33 | NOK 15,58 | CHF 132,13 |
| GBP 198,06 | EUR 144,20 | SEK 15,28 | JPY 1,07 |

**FTSE 100**
6146,10 71,58 (1,18%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## 14,3 prósent

### Innflutningur til Kína dregst saman

Innflutningur til Kína dróst saman um 14,3 prósent og útflutningur frá Kína um 6,1 prósent í ágúst í júönum talið. Samdrátturinn er helst talinn skýrast af lægra vöruverði, sérstaklega á hráolíu. Hagvöxtur í Kína árið 2014 var samkvæmt nýuppfærðum tölum lækkaður úr 7,4 prósentum í 7,3 prósent. Þá dróst gjaldeyrisforði Kínverja saman um 93,9 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði um 12 þúsund milljarða íslenskra króna, sem er metsamdráttur í einum mánuði.

**06.08.2015** Við þurfum að byggja leikvang fyrir fólkið. Þetta er allt of lítill leikvangur og við þurfum að fá meiri stuðning við þessa frábæru drengi sem við eigum. Í Laugardalnum eða hvar sem er á Íslandi. Við þurfum að byggja nýjan þjóðarleikvang – menningarhús þjóðarinnar.

*Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ*



## 8.568 TONN

### Sæunn veiddi mest

Heildarafli strandveiðibáta á nýafstaðinni vertíð var 8.568 tonn í 14.942 löndunum. Mest var veitt af þorski eða 7.643 tonn og þar á eftir ufsi, eða 773 tonn. Frá því að strandveiðar hófust vorið 2009 hefur meðalafli í róðri aldrei verið meiri, en hann var 575 kíló. Mest veiddi Hulda SF-197 sem gerð er út frá Hornafirði, rúm 40 tonn. Næst kom Sæunn SF-155 sem einnig er gerð út frá Hornafirði með tæp 39 tonn.

## STJÓRNARMAÐURINN

**KNATTSPYRNUSAMBANDIÐ** á von á mikilli fjárinnspýtingu eftir að ljóst varð að íslenska landsliðið tekur þátt í Evrópumótinu á næsta ári. Af fregnum að dæma fær sambandið að lágmarki 12 milljónir evra (eða rétta 1,7 milljarða króna) fyrir þátttökuna eina saman.

**SÚ** upphæð hækkar svo væntanlega í samræmi við árangur í mótinu, og við hana má bæta ýmsum afleiddum tekjum sem sambandið á von á, svo sem bættum styrktarsamningum, aukinni aðsókn í æfingaleiki í aðdraganda mótsins og svo mætti áfram telja. Áhugavert verður að sjá rekstraráætlun KSÍ fyrir árið 2016.

**GEIR** Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, lýsti því yfir í miðjum fagnaðarlátum á Ingólfstorgi að þeim fjármunum sem til falla verði varið til aðildarfélaga KSÍ. Það hljómar skynsamlega enda má með sanni segja að árangur karlalandsliðsins (og kvennalandsliðsins) sé uppskera gríðarlega öflugs grasrótarstarfs.

**ÞAÐ** er í raun lyginni líkast að í jafn fámennu landi sé rekin jafn metnaðarfull deildarkeppni bæði í karla- og kvennaflokki. Hér eru líka menntaðir og metnaðarfullir yngriflokkaþjálfarar sem sjá til þess að áhugasamir fái bestu leiðsögn sem völ er á allt frá fyrstu spyrnu. Stjórnarmaðurinn er ekki viss um að fólk geri sér grein fyrir hversu einstakt þetta er í alþjóðlegu samhengi.

**ÞVÍ** hljómar skynsamlegt hjá framkvæmdastjórunum að beina fjármununum til aðildarfélaganna sem hingað til hafa sýnt að þeim er treystandi fyrir fé.

### AÐ ÞEKKJA SINN VITJUNARTÍMA

**FORSETINN** setti í gær Alþingi í „síðasta sinn“ að eigin sögn. Hann eftirlætur hins vegar þjóðinni og fréttamönnum að túlka orð sín, og hvort hann eigi þarna við þetta tiltekna Alþingi sem nú situr, eða hvort hann er að boða að hann hyggist ekki bjóða sig fram að nýju.

**YFIRLÝSINGIN** er í anda þess sem áður hefur heyrst úr þessari átt, eða hver man ekki eftir „haltu mér slepptu mér“ senunni fyrir síðustu forsetakosningar?

**FORSETINN** unir sér aldrei betur en þegar hann er á milli tannanna á fólki, og telur vafalaust að ekki sé um annað gasprað á heimilum landsmanna en hvort hann hyggist heima sitja eða af stað fara í enn eitt skiptið.

**UM** þessar mundir er þó um mun áhugaverðari og skemmtilegri hluti að ræða. Velgengni knattspyrnulandsliðsins og frækilega framgöngu körfuboltamannanna á Evrópumótinu í Berlín, til dæmis.

**HÁTTVIRTUR** forseti, það er ólíklegt að jörðin hætti að snúast þótt þú látir af embætti.

**ÞETTA** er orðið gott.

@stjornarmadur

**Fremstur í flokki eignastýringar**

annað árið í röð

Alþjóðlega fjármálatímaritið World Finance hefur annað árið í röð valið MP Straum fremstan á sviði eignastýringar meðal íslenskra banka og fjármálafyrirtækja.

**Við erum bæði stolt og þakklát.**




Hafðu samband við sérfræðinga okkar og kynntu þér kosti eignastýringar MP Straums.

mp.is/eignastyring

mpbanki STRAUMUR

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**EIGUM TIL AFHENDINGAR STRAX**

Ný TRIMO 20ft gámahús, fullfrágengin með ljósum, 2 gluggum og útidyrahurð. Tilboðsverð kr. 975.000.- auk vsk DS-Lausnir ehf s.561-8373

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**

**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**BILAÐUR SÍMI**

Átt þú síma sem þú ert hætt/ur að nota? Er að leita biluðum símum borga vel fyrir símana. www.facebook.com/biladursimi s. 780 7459

## Verslun




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**

129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**www.lundurfasteignir.is**

**S. 690 3031 / 661 7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

Til leigu 10fm herb. í Kóp. Aðgangur að WC og sturtu. Verð 30þús. Reglusemi skilyrði. S. 823 0068

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**

Til sölu eða leigu mjög góð 50 m2 iðnaðarbil í Steinhellu 14, Hfn. Fjölbreyttir möguleikar. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

**AUÐBREKKA - HERBERGI TIL LEIGU**

Vinnuherbergi/skrifstofur til leigu í Auðbrekku. 15-19 fermetrar. S. 897 9743

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**

Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 899 9339 & solbakki311@gmail.com Sólbakki.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**DEVITOS PIZZA**

Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og pizzabakara. Dagvinna, næturvinna og um helgar.

**Uppl. í s. 697 8434**

Jói Fel

**HJÁ JÓA FEL - KRINGLUNNI**

Óskum eftir að ráða manneskju í fullt starf hjá okkur í Jóa Fel Kringlunni

**Upplýsingar á kringla@joifel.is**

**LEITUM EFTIR DUGMIKLUM STARFSKRÖFTUM Á HJÓLBARÐASTÖÐVAR DEKKJAHALLARINNAR Á AKUREYRI OG Í REYKJAVÍK.**

18 ára aldurstakmark.

Umsóknareyðublöð á dekkjahollin.is eða thorgeir@dekkjahollin.is

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.**

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Vinnutími frá 12:00 - 18:30 virka daga. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

Aðstoðarmaður bakara óskast. umsókn sendist á bjornsbakari@bjornsbakari.is

Starfsmann vantar í afgreiðslustarf. Vinnutími frá kl 10-18 alla virka daga. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar og umsóknir á vinnaibodi@gmail.com

Óskum eftir að ráða starfsmann á lager og í útkeyrslu. Umsóknir sendist á einar@solning.is.

Heimilisaðstoð óskast við þrif og tiltekt þrjá daga vikunnar. Greitt samkvæmt kjarasamning NPA og Eflingar Upplýsingar á hannamaria@hive.is

Verkstjóri óskast í steypuvinnu. Upplýsingar í síma 840 0609.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Parkinsonsamtökin á Íslandi

Kór Parkinsonsamtakanna heldur sína fyrstu æfingu í Seljakirkju í kvöld kl. 19.30. Nánari upplýsingar í s. 552-4440 eða á www.parkinson.is

## Einkamál

**ÍSLENDINGAR.EU**

Nýr, frjálslyndur stefnumóta- og samskiptavefur, mjög sérstakur, sérsniðinn að stefnumóta- og samskiptamenningu íslendinga. Almenn samskitpi, stefnumót, makaleit, stundargaman, swingers (makaskipti) - blogg, dagbækur, hugrenningar, stöðufærslur - vefurinn dekkar regnbogann. Líttu við. www.islendingarl.eu.




# MIÐSTRÆTI 3 - 101 REYKJAVÍK

## OPIÐ HÚS Í DAG, MIÐVIKUDAGINN 9. SEPTEMBER KL. 17:30 – 18:00








### Einstakt einbýli á besta stað í bænum - Algjör miðbæjarperla!

Húsið er á þremur hæðum og með sólríkum og privat garði. Ástand hússins er mjög gott að innan sem að utan og er húsið glæsilegt ásýndar. Ytra byrði hússins er friðað.

Húsið er skráð 130,1 fm. skv. FMR en gólfflötur eignarinnar er stærri þar sem efsta hæð er að hluta til undir súð. **Verð. 69.5 m**



*Kristján Baldursson hdl.*
*Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari*

Fáið frekari upplýsingar hjá Kristjáni Baldurssyni hdl. og löggiltum fasteignasala í síma 867-3040 eða á netfanginu kristjan@trausti.is

TRAUSTI fasteignasala

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Gísli Thoroddsen**

matreiðslumeistari,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 2. september, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 11. september kl. 13.00.

**Bryndís Þ. Hannah**
**Arnar Eggert Thoroddsen Móheiður Hlíf Geirlaugsdóttir**
**Curver Thoroddsen**
**Eva Engilráð Thoroddsen Friðrik Hjörleifsson**
**Ísold, Karólína, Hrafnkell Tími, Sunna, Reginn**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Eva Kristjánsdóttir**

lést að Droplaugarstöðum 6. september. Bálför hennar verður frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 10. september kl. 13.00.

**Guðbjörg Eva Kristjánsdóttir**
**Þórdís Anna Kristjánsdóttir**
**Kristjana Kristjánsdóttir Stefán Magnússon**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,

**Þóra Þorvaldsdóttir**

Síðumúla, Hvítársíðu,

verður jarðsungin frá Reykholtskirkju laugardaginn 12. september kl. 11.00.

**Eyjólfur Andrésson**
**Andrés Eyjólfsson**
**Þorvaldur Eyjólfsson**
**og aðrir vandamenn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Eiríkur Ármann Guðmundsson**

bóndi,
Brimnesi, Fáskrúðsfirði

lést þann 6. september 2015 á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Útförin fer fram frá Fáskrúðsfjarðarkirkju laugardaginn 19. september kl. 14.00.

**Hulda Steinsdóttir**
**Sólveig Eiríksdóttir Björn Líndal**
**Vilborg Eiríksdóttir Einar Guðbjartsson**
**Guðmundur Eiríksson**
**Steinn Hrútur Eiríksson**
**Albert Eiríksson Bergþór Pálsson**
**Halldóra Eiríksdóttir**
**Árdís Hulda Eiríksdóttir Erling Örn Magnússon**
**afabörn, langafabörn og aðrir aðstandendur.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Sigurrós Fanney Elíasdóttir**

Burknavöllum 17a, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild LSH fimmtudaginn 27. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Alúðarþakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför hennar. Sérstakar þakkir til starfsfólks á krabbameinsdeild LSH og líknardeildar sem önnuðust hana af hlýhug og virðingu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á krabbameinsdeild LSH.

**Guðmundur Hálfdán Eyjólfsson**
**Bryndís Fanney Guðmundsdóttir Helgi Hinriksson**
**Breki Þór Helgason**
**Elías Hrafn Helgason**
**Kári Freyr Helgason**



**Sólveig Ebba, Þorbjörg og Sigþrúður ritstýrðu bókinni og vonast eftir því að börnin fái að kynnast barnamenningararfi þjóðarinnar og kynnist einnig bókasöfnum landsins.** Fréttablaðið/Anton

# Færa öllum fyrstu bekkingum bók að gjöf

**Út er komin bókin Nesti og nýir skór, úrval úr íslenskum barnabókum. Börn í 1. bekk grunnskóla landsins fá bókina að gjöf en þurfa að sækja hana á bókasafn í nágrenninu.**

„Öll börn í sex ára bekk fá bókina gefins en þurfa að taka á sig smá aukakrók til þess að sækja hana,“ segir Þorbjörg Karlsdóttir. Hún ritstýrir bókinni Nesti og nýir skór, úrval úr íslenskum barnabókum, ásamt þeim Sólveigu Ebbu Karlsdóttur og Sigþrúði Gunnarsdóttur. Á næstu dögum fá grunnskólanemendur í 1. bekk bréf þar sem þeim er boðið að koma að koma á almenningsbókasafn að sækja eintak af bókinni sem er gefin út af barnamenningarfélaginu IBBY á Íslandi með stuðningi margra aðila.

Bókin geymir sögur, myndir og ljóð frá fyrri tímum, sögur sem flestir foreldrar, kennarar, ömmur og afar þekkja frá fyrri tímum. Þannig kynnist börnin barnabókmenntum þjóðarinnar.

Bókin er búin að vera í vinnslu í nokkur ár en hún kemur út með kápum í tveimur litum og verður því líka hægt að kaupa hana fyrir þá sem ekki fá hana gefins. Bókin sem er gefin er með blárri kápu en sú sem verður til sölu er með rauðri kápu. Tilgangurinn með því að gefa bókina er að kynna yngstu kynslóðina fyrir barnamenningararfinum. Þau lesi hana til að byrja með fjölskyldunni en svo þegar fram líða stundir geti þau lesið hana sjálf. Og með því að beina börnunum og fjölskyldum þeirra á bókasöfnin þá muni þau kynnast almenningssöfnunum þar sem þau geta fengið aðgang að barnabókmenntum. „Hugsunin er að tengja börnin við almenningsbókasöfnin. Þau fá bréf í skólanum, fara með bréfið á næsta almenningsbókasafn og fá bókina afhenta. Þannig erum við að tengja almenningsbókasöfnin við börnin,“ segir Þorbjörg.

Í bókinni er að finna ýmsar perlur úr íslenskum barnabókmenntum. „Í Borgarbókasafninu er að finna svo til allar íslenskar barnabækur eftir íslenska höfunda. Við fundum bæði fallegar sögur og fallegar myndir með, því þessi aldurshópur vill hafa myndir með, ekki bara texta,“ segir Þorbjörg. Í bókinni er meðal annars að finna söguna um Búkollu, söguna Kötturinn sem hvarf eftir Nínu Tryggvadóttur og kafla úr bókinni Elsku besta Binna mín eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur.

> **Öll börn í sex ára bekk fá bókina gefins en þau þurfa að fara smá aukakrók til þess að sækja bókina.**
>
> Þorbjörg Karlsdóttir, einn ritstjóra bókarinnar Nesti og nýir skór

**viktoria@frettabladid.is**



☾

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Herborg Halíma Friðjónsdóttir**

lést á heimili sínu þann 7. september. Útför fer fram í Fossvogskirkju fimmtudaginn 10. september kl. 15.

**Ólafur Alí Halldórsson Anna María Halldórsdóttir**
**Erna María Halldórsdóttir Friðjón Stefán Guðjohnsen**
**makar, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Faðir okkar, sonur og bróðir,

**Ingólfur Wendel Birgisson**

lést 22. ágúst á gjörgæsludeild á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir til starfsfólksins og lækna á gjörgæsludeild. Sérstakar þakkir til Torfa Jónassonar, Nínu dóttur hans og Huldu Hrannar Elíasdóttur fyrir veitta aðstoð.

**Indiana, Magnús Alexander og Elvar Freyr Ingólfsbörn**
**Birgir Wendel Steinþórsson, Anna Edda Gísladóttir**
**og systkini**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma, og tengdamamma,

**Renata Erlendsdóttir**

dómtúlkur og skjalaþýðandi,

lést á heimili sínu þann 2. september. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 11. september kl. 15.00.

**Örn Erlendsson**
**Ormur Jarl Arnarson Amanda Garner**
**Rolf Hákon Arnarson Eva Sif Jóhannsdóttir**
**Íris Ormsdóttir, Nora, Leon og Ýmir Örn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Vélahreinsir Mótorhreinsir

LIQUI MOLY




## Viltu fá auka 20 hestöfl í bílinn þinn?

## Mjög einfalt með Liqui Moly-olíubætiefnum!

Hrein vél gefur meira afl fullyrðir bætiefnaframleiðandinn. En breytir það einhverju í raun? RSP Motorsports í Ontario í Canada gerði tilraun með LIQUI MOLY -olíubætiefni. Árangurinn vekur furðu: Afköst Porsche Cayenne GTS jukust um 20 hestöfl. Togið óx einnig að sama skapi. Varmi frá vélinni minnkaði um 25°C. Tilraunir með Mercedes-Benz C320 3.2L V6 og Porsche 993 gáfu samskonar niðurstöður.

„Á mínum 43 árum sem fagmaður í bílgreininni og hafandi unnið við evrópska glæsivagna og tryllitæki bæði í Evrópu og Kanada hef ég aldrei kynnst smurefnum sem bæta og endurnýja vélar og íhluti eins og LIQUI MOLY-vörur", segir Renato Fausch, forstjóri RSP-Motorsports. Bifreiðarnar voru settar á aflprófara við tilraunina og afköst þeirra mæld á undan og eftir meðferðina með olíubætiefnunum.

Hvað var gert hjá RSP- Motorsports? Fyrst, áður en skipt var um olíuna var LIQUI MOLY Engine Flush bætt í hana. Virka efnið losar um óhreinindin, leðjuna og önnur óþrif sem síðan eru losuð út ásamt gömlu olíunni. Nýja olían kemur þá inn í hreina vél og nær besta árangri sínum. Í öðru lagi þá setti RSP á vélina alsýntetísku olíuna LIQUI MOLY Low Viscosity High Tech 5W-40. Að síðustu voru tvö bætiefni sett í vélarolíuna. Annað þeirra var LIQUI MOLY Motor Oil Saver sem vinnur á hörðum þéttingum svo þær verða aftur mjúkar og sveigjanlegar. Þetta stöðvar olíuleka og kemur í veg fyrir frekari leka í framtíðinni. Hitt efnið var LIQUI MOLY Cera Tec. Þetta er hátæknileg slitvörn, bætiefni sem ver vélina á efnafræðilegan hátt með svonefndum „friction modifier" eða núningsbreyti og með áþreifanlegum hætti með örsmáum keramikögnum sem virka sem fast smurefni. Minni núningur þýðir minna orkutap í vélinni og minni hitamyndun.

Samanlagt gaf þessi meðferð verulega aflaukningu. Vélin ofhitnar nú síður og er því betur varin gegn sliti.

En hvar á þetta tap á afli upptök sín? Ein ástæðan er notkun rangrar vélarolíu. Þeir sem halda að þeir spari í þessum efnum sóa ekki aðeins hestöflum heldur auka við óhreinindi í olíunni og þar með sliti í vélinni. Önnur ástæða á sér eðlilegar orsakir í notkun vélarinnar. Eldsneytis- og brunarestar komast í olíuhringrásina og mynda útfellingar sem hægja á vélinni. Þetta ferli gerist smátt og smátt án þess að ökumaðurinn taki almennt eftir. Því verður stund ánægjunnar meiri eftir að vélin fær hreinsunina. Ökumaðurinn finnur muninn samstundis. LIQUI MOLY-olíubætiefni eru frábært „tæki" til að tryggja viðskiptavild bílaverkstæða vegna þess að þau geta boðið augljósan og eftirtektarverðan árangur með fáum efnum á stuttum tíma.

Bætiefnin eru ekki töfralyf. Þau gera ekki kraftaverk en þau eru virk efnavara sem oft er virkur valkostur gegn vélaviðgerð. Án þeirra getur t.d. hreinsun vélar verið ansi snúið verk. LIQUI MOLY hefur meira en 50 ára reynslu af bætiefnavörum og er óumdeilt í markaðsforustu í heimalandi sínu.

**Um LIQUI MOLY**
LIQUI MOLY GmbH frá Ulm í suður Þýskalandi býður breitt svið af hágæða vörum svo sem vélarolíum, bætiefnum, umhirðu- og hreinsiefnum fyrir ökutæki og öðrum þjónustuvörum. Sviðið spannar um 4000 vöruheiti. LIQUI MOLY þróar og prófar framleiðsluvörur sínar í eigin rannsóknarstofum, framleiðir þær í Þýskalandi og markaðssetur þær. LIQUI MOLY var stofnað fyrir um 50 árum og er nú eitt af leiðandi fyrirtækjum í þessari grein. Framleiðsluvörurnar eru seldar í Þýskalandi og 110 öðrum þjóðlöndum.

**Stilling hf. er umboðsaðili og sér um dreifingu á LIQUI MOLY á Íslandi.**







Slagvatn í eldsneytinu getur aukið vélarbilanir. LIQUI MOLY íblendiefni fyrir eldsneyti verndar alla íhluti eldsneytiskerfisins gegn tæringu og sliti. Þau koma í veg fyrir tæringu vegna slagvatns í eldsneytisgeyminum, í eldsneytiskerfinu og brunakerfinu.

Tæringarvernd fyrir allt eldsneytiskerfið. Fyrirbyggjandi í hirðu ökutækja og fyrirbyggir frekari útfellingar.



Brunaleyfar og olíuleðja sem myndast í vélinni setjast í göng og rásir og mynda útfellingar á stimpilhringjunum. Þetta getur leitt til ófullnægjandi olíuflæðis, aukið hættu á sliti og skemmdum í vélinni.



LIQUI MOLY Engine Flush er bætt í olíuna fyrir olíuskipti til að hreinsa smurkerfið. Hreinsuð vél fær betri þjöppun, gildi mengunarlosunar verða lægri og hún nær aftur fullum afköstum við minni eldsneytisnotkun.

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Í nótt gekk suðaustanstormur yfir sunnan- og vestanvert landið með tilheyrandi rigningu, en síðan fer að lægja smám saman. Áfram verður þó vætusamt sunnanlands, en fremur hlýtt. Annað kvöld kemur síðan næsta lægð og hvessir þá aftur.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 8° | 11° |
| ↑ 11 | ↑ 14 | ↑ 10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 11° | 12° | 6° |
| ↑ 8 | ↑ 8 | ↑ 18 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 8° | 11° |
| ↑ 8 | ↑ 9 | ↑ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 11° | 9° | 4° |
| ↑ 4 | ← 5 | ↑ 10 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2 stagl
6 úr hófi
8 rölt
9 hamfletta
11 Í röð
12 goðmögn
14 kryddblanda
16 í röð
17 til sauma
18 bókstafur
20 þessi
21 velta

**LÓÐRÉTT**
1 gas
3 samtök
4 frárennsli
5 skjön
7 margbrotinn
10 svif
13 hress
15 skál
16 húðpoki
19 nudd

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** tafs, **6.** of, **8.** ark, **9.** flá, **11.** aá, **12.** tótem, **14.** karri, **16.** hi, **17.** nál, **18.** enn, **20.** sá, **21.** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** loft, **3.** AA, **4.** framrás, **5.** ská, **7.** flókinn, **10.** áta, **13.** ern, **15.** ílát, **16.** hes, **19.** nú.

### Skák Gunnar Björnsson

Hoffmann átti leik gegn Langer í Austurþýskalandi árið 1988.



**Hvítur á leik**
**1. Dxe7+! Kxe7 2. Bc5+ Kd8 3. Be7+ Ke8 4. Bxb4+.** Svartur gafst upp enda manni undir. Jón L. Árnason endaði í 3.-7. sæti á alþjóðlegu móti í Rhodos.
www.skak.is: Einar Hjalti skákmeistari Hugins.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 2 | |
| 2 | 7 | 8 | 5 | | | | 3 | |
| 3 | | 4 | | | | | 5 | |
| 7 | | 1 | | | 9 | | | |
| | 2 | | 4 | 8 | 1 | 3 | | |
| 4 | 6 | | | 2 | | | | 1 |
| 5 | 3 | | | 6 | 8 | 7 | | 4 |
| | | | | | 3 | 2 | 6 | |
| 1 | | | | 5 | 7 | 9 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 8 | | 9 | | | 4 | |
| | | | 1 | | 7 | | 2 | 8 |
| 9 | | | | 2 | | 7 | | |
| 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | | | 8 | |
| | | | | | | 6 | | |
| | 1 | 2 | 7 | | 9 | | 5 | |
| | 3 | | | | | 5 | | 2 |
| | 8 | | | 3 | 2 | | 6 | |
| | 5 | | | | | | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | | | | 9 | | 8 | |
| | 4 | | 3 | | | | | |
| | 9 | | | 4 | | | | |
| | | 7 | | 1 | | | | |
| | | | | 3 | 5 | 9 | 2 | |
| 8 | | | | 6 | | | | 4 |
| | | | 1 | 5 | | 2 | | 8 |
| | 7 | 5 | | | | | 4 | 1 |
| | | 2 | | 9 | | 6 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 2 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 4 | 1 | 6 | 9 | 8 | 7 | 2 | 5 | 3 |
| 7 | 2 | 8 | 6 | 3 | 5 | 4 | 9 | 1 |
| 5 | 3 | 9 | 4 | 1 | 2 | 7 | 6 | 8 |
| 9 | 8 | 2 | 1 | 5 | 4 | 3 | 7 | 6 |
| 3 | 6 | 4 | 2 | 7 | 9 | 8 | 1 | 5 |
| 1 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 9 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 |
| 6 | 5 | 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 6 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 8 | 6 |
| 8 | 2 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 2 | 6 | 9 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 1 | 3 | 2 |
| 5 | 1 | 2 | 3 | 6 | 9 | 8 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 | 7 | 9 | 2 |
| 4 | 6 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 6 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 9 | 1 | 4 | 2 | 5 | 8 |
| 8 | 1 | 5 | 2 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 |
| 9 | 4 | 2 | 5 | 7 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 |
| 7 | 9 | 4 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 | 5 |
| 1 | 3 | 8 | 4 | 5 | 7 | 6 | 2 | 9 |





**OPIÐ HÚS**
**fimmtudaginn 10.sept. kl.17:30-18:00**



Tvílyft parhús að stærð 214,2 m²
Fjögur svefnherbergi
Glæsileg alrými með útsýni
Bílskúr 24,0 m²
Stæði fyrir fjóra bíla á plani
Einstök staðsetning



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **63,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

ENDALAUST TAL OG
**10 GB Á 3.990 KR.***
Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.
*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365
365
1817
365.is


## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Sófa- og ljósadagar

**20%** AFSLÁTTUR

REYKJAVÍK - AKUREYRI



**BULLI** 3ja sæta Litir

Tilboð: 199.992. - Fullt verð: 249.900



Margir litir

TILBOÐ 231.900.-

Fullt verð: 289.900.-

## Svefnsófi - Cama

Vandaður svefnsófi, aðeins eitt handtak til að breyta í svefnsófa.



Ný vara

TILBOÐ 99.920.-

Fullt verð: 124.900.-

## Sófi - Skern

Frábær verð.



Litir

TILBOÐ 183.920.-

Fullt verð: 229.900.-

## Sófi - Winner

Nýjar gerðir af tausófum.
Mikið úrval, margar stærðir.



Ljósadeild

20% AFSLÁTTUR

## Loftljós

Mikið úrval af fallegum ljósum í nýrri og glæsilegri ljósadeild.



Ljósadeild

20% AFSLÁTTUR

## Gólflampar, borðlampar

Frábært úrval af gólf- og borðlömpum.

## OUTLET MARKAÐUR

40-70% AFSLÁTTUR

Rúm, sófar, stólar, handklæði, rúmteppi, mjúka varan, náttborð, höfðagaflar og margt fleira.
Metravaran 1.000 kr pr. l.metri

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Sófa og ljósadagar standa yfir í september 2015.



**Síðumúla 30** - Reykjavík | Sími 533 3500
**Hofsbót 4** - Akureyri | Sími 462 3504

Vogue FYRIR HEIMILIÐ

## Í heildina er þetta hvorki fugl né uppstoppaður fiskur

LEIKLIST

### Móðurharðindin

**Leikarar:** Árni Pétur Guðjónsson, Hallgrímur Ólafsson, Kjartan Guðjónsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson
**Handrit og Leikstjórn:** Björn Hlynur Haraldsson
**Dramatúrg:** Símon Birgisson
**Leikmynd:** Axel Hallkell
**Búningar:** Leila Arge og Axel Hallkell
**Lýsing:** Ólafur Stefánsson
**Hljóðmynd:** Kristján Sigmundur Einarsson

★★☆☆☆

Fjölskyldufaðirinn er látinn og uppkomin börn hans snúa aftur á grotnandi æskuslóðirnar til að mæta í jarðarförina. En fyrst verða þau að mæta ekkjunni og móður sinni, frú Friðriku, sem lifir á andúð og fornri frægð forfeðra sinna. Björn Hlynur Haraldsson flaggar klisjunum í fulla stöng en loforð um nýjan farveg liggur í loftinu.

Frú Friðrika, leikin af Kjartani Guðjónssyni, mætir á sviðið í öllu sínu veldi, með andlega ofbeldið að vopni og gífurlega hæfileika til að reita fólk til óstjórnlegrar reiði. Kjartan beitir aragrúa af brögðum til að gera Friðriku eins hlægilega hryllilega og hægt er; hann haltrar, er skrækróma og hádramatískur í fasi. Þrátt fyrir ágætis gervi líkt og eftirminnilegan jarðarfararklæðnað Friðriku verður brellan fljótlega þreytt. Nú til dags er nefnilega ekki nóg að dubba karlmann upp í kjól til að halda uppi sýningu. Nokkrir prýðilegir sprettir breyta því ekki að Kjartan nær aldrei jafnvægi með þessum fjölmörgu kækjum, raddbeitingin er misjöfn og haltrið síbreytilegt.

Arnmundur, hreyfilistamaður og óvirkur alkóhólisti, er frekar óspennandi persóna sem kemst aldrei á flug þrátt fyrir að vera skýrasta persónan á eftir Friðriku. Árni Pétur hefur sjaldan sést á sviði nýlega sem er mikil synd því hann er virkilega hæfileikaríkur. En upplestur Arnmundar í jarðarförinni var klárlega hápunktur.

Ólafía Hrönn er afburðagóð leikkona en fær fátt að gera í sýningunni. Áhorfendur vita lítið um hennar persónu fyrir utan að hún er alvörugefinn lögfræðingur sem situr reglulega undir skömmum frá mömmu sinni fyrir að ganga í kjólum. Sigurður Sigurjónsson hefur einnig afskaplega lítið að gera í sýningunni, en skilar sínu hlutverki vel. Aftur á móti er Hallgrímur Ólafsson frekar vandræðalegur í hlutverki prestsins Svalbrands og nær aldrei almennilega takti við sýninguna.

Kvikmyndin Psycho sem handritið vísar sterklega í er ekki um mömmuna í glugganum heldur soninn hennar, tilfinningalegt ástand hans og afleiðingar þess. Í Móðurharðindunum stelur mamman bókstaflega sviðsljósinu sem er spennandi hugmynd en aldrei framkvæmd á fullnægjandi hátt þrátt fyrir ýmsar tilraunir Björn Hlyns, bæði í handritinu og í leikstjórninni.

Aragrúinn af klisjunum er ekki vandamálið heldur hálfkláruðu karakterarnir, lausir þræðir í framvindunni og stefnuleysi sýningarinnar. Endurtekningar á klisjum með kaldhæðnislegum undirtónum er ekki nóg til að gagnrýna þær eða gera grín að þeim. Neistar kvikna en slokkna síðan snögglega aftur, gróteskan er prufuð en síðan pakkað saman og aldrei er gengið nægilega langt með hugmyndirnar til þess að þær myndi eina skiljanlega heild. Öllu er tjaldað til í hugmyndavinnunni en ekkert helst uppi nema í fáein fín augnablik, sérstaklega fyrir hlé.

Björn Hlynur snýr örlítið upp á leikhúsformið með því að brjóta fjórða vegginn og henda inn línum sem eiga að virka bæði sem díalógur fyrir persónurnar og eins konar leikrænt blikk til áhorfendanna. En afraksturinn er afar misjafn. Umgjörð sýningarinnar endurspeglar rótleysi leikstjórnarinnar og skort á dramatúrgískri yfirsýn, ágætis áherslur en heildarmyndina vantar. Eftir hlé verður algjör viðsnúningur á verkinu, stigið er frá farsaforminu og við tekur undarleg hádramatík í ætt við Strindberg. Skyndilega eru áhorfendur komnir í allt annað leikverk og tónbreytingin hæfir ekki verkinu.


Kjartan Guðjónsson og Sigurður Sigurjónsson í hlutverkum sínum.

Eftir sitja vonbrigði og depurð því grunnhugmyndin er virkilega spennandi, leikarahópurinn flottur og nýtt íslenskt leikverk á ferðinni. Móðurharðindin er brotakennd, á köflum gamaldags og oft hreinlega ófyndin sýning, sem er versta syndin.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Frábær hugmynd í ófullnægjandi útfærslu.

## Heillandi skapgerðarbrestir og skringilegheit hjá Deild Q

BÆKUR

### Stúlkan í trénu

**Höfundur:** Jussi Adler-Olsen
**Þýðing:** Jón St. Kristjánsson
**Forlagið**

★★★☆☆

Stúlkan í trénu er sjötta bókin í áætluðum tíbókaflokki hins danska glæpasagnahöfundar Jussi Adler-Olsen um rannsóknarteymið Deild Q hjá dönsku lögreglunni en þeirri deild er ætlað að upplýsa gömul og gleymd glæpamál. Bækurnar hafa notið mikilla vinsælda á Norðurlöndunum og í Þýskalandi og hlotið margvíslegar vegtyllur, verið þýddar á þrjátíu og tvö tungumál og komið út bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Aðalpersóna bókanna er Carl Mörck, fruntalegur og lífsleiður rannsóknarlögreglumaður sem leiðir deild Q, að því er virðist í refsingarskyni fyrir mistök í starfi. Undirmenn hans eru hinn mjög svo óútreiknanlegi múslimi Assad og ritarinn Rose sem þjáist af mótþróastreituröskun og saman leysir þetta breyska tríó hinar flóknustu gátur og rekur þræði sem margir hverjir eru löngu fyrndir og raknaðir upp.




Í þessari bók fær Carl Mörck símtal í svefnrofunum (eftir blund við skrifborðið) frá rannsóknarlögreglumanni á Borgundarhólmi sem biður hann um aðstoð. Mörck neitar umyrðalaust. Skömmu síðar kemur tilkynning um að maðurinn hafi stytt sér aldur í starfslokahófi og þá neyðist Deild Q til að taka málið upp á sína arma. Í ljós kemur að það snýst um dauða ungrar stúlku sem fannst sautján árum fyrr hangandi hátt uppi í tré. Atvikið var afgreitt sem umferðarslys en lögreglumaðurinn látni sætti sig ekki við þau málalok og fórnaði að lokum öllu til að komast að sannleikanum sem reynist ansi snúið – jafnvel fyrir Deild Q.

Það er hressandi hvað persónurnar (einkum aðalpersónurnar) eru lítið hátíðlegar, pirraðar og fúlar – og fyndnar. Sumir vilja meina að fyndni á réttum stöðum sé það sem skilur milli ágætrar glæpasögu og þeirra bestu og í þessu tilfelli er yfrið af henni. Söguþráðurinn er nógu spennandi til að halda lesandanum kyrfilega við efnið og í stuttu máli má segja að bókin hafi allt til að bera sem góða glæpasögu prýðir – snúna gátu, spennandi framvindu, fyndni og áhugaverðar aðalpersónur.

Þýðing Jóns St. Kristjánssonar er skemmtileg og hann leysir vel orðaleiki eins og þegar Assad gerir málvillur, sem aldrei er almennilega hægt að sjá hvort eru raunverulegar eða brandari af hans hálfu á kostnað fordómafullra Dana.

Ég hafði ekki lesið fyrri bækurnar um Deild Q og það sem helst truflaði mig í þessari bók var hversu sjálfsagt höfundurinn telur að allir lesendur þekki baksögu aðalpersónanna. Ég þekkti hana ekki og skildi þar af leiðandi lítið er einkalíf þeirra kom við sögu. Sjálfur hefur Adler Olsen sagt að bækurnar verði alls tíu og að saga aðalpersónanna komi alltaf betur í ljós eftir því sem líður á flokkinn en engu að síður hlýtur að mega splæsa nokkrum setningum í samantekt í hverri bók eins og er gert í öðrum glæpasögum með framhaldsþræði, jafnt til kynningar fyrir fyrstu lesendur og upprifjunar fyrir gamla kunningja.

Að því sögðu þá heillaðist ég af skapgerðarbrestunum og skringilegheitunum hjá Deild Q og einnig af sögunni sjálfri og stíl höfundar. Það er alltaf gaman að falla fyrir nýjum glæpasagnahöfundi og ekki verra þegar fimm bækur bíða lestrar. Ég hlakka til að eyða meiri tíma í kjallaranum hjá Deild Q.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Snúin gáta, spennandi framvinda og áhugaverðar aðalpersónur sem lesandann langar að kynnast betur.



# BÓKAMARKAÐUR FORLAGSINS

Ef keypt er fyrir 6.000 kr. eða meira fylgir gjöf

Gjafir fyrir öll tækifæri!

Allt að 90% afsláttur

Yfir 4000 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

## RISALAGERSALA á Fiskislóð 39

**OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19**

## STÓRVIRKI 4.990 kr. stk.







99 kr.




990 kr.




290 kr.




990 kr.




690 kr.




990 kr.

*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19**

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SELF/LESS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SELF/LESS VIP | KL. 5:30 - 10:30 | VIP |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. VIP | KL. 8 | VIP |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| ANT-MAN 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SELF/LESS | KL. 8 | 12 |
| THE TRANSPORTER REFUELED | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| STRAIGHT OUTTA COMPTON | KL. 10:10 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SELF/LESS | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 7:40 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| SELF/LESS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| VACATION | KL. 8 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 10:20 | 12 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SELF/LESS | KL. 8 | 12 |
| THE TRANSPORTER REFUELED | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 10:30 | 12 |
| VACATION | KL. 5:50 | 12 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |




LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| NO ESCAPE | 5:45, 8, 10:15 |
| TRANSPORTER REFUELED | 8 |
| STRAIGHT OUTTA COMPTON | 5, 10:20 |
| ABSOLUTELY ANYTHING | 6 |
| THE GIFT | 8 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

## Tónlist

**Hvað?** Skúli mennski og hljómsveit á stofunni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stofan kaffihús
Skúli mennski og hljómsveit stíga á svið á Stofunni. Þar munu þeir leika sín allra bestu lög í bland við önnur ögn síðri. Blús, búgí, rokk og ról. Það er frítt inn og fjör í húsinu. Skúli mennski syngur og leikur á gítar, Hjörtur Stephensen er einnig á gítar, Óskar Þormarsson spilar á trommurnar og Birgir Steinn Theodórsson leikur á bassa.

**Hvað?** Kimono / Ari Russo
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Húrra
Indírokk-hljómsveitin Kimono gaf út allar plöturnar sínar á vínyl á dögunum og vinnur einnig að glænýrri breiðskífu. Á tónleikunum má eiga von á því að heyra nýja tónlist ásamt klassískum lögum sem sveitin hefur gefið út í gegnum tíðina. Með þeim verður tónlistarmaðurinn Ari Russo frá Brooklyn sem hefur getið sér gott orð með því að gefa tónlistarflutningi sínum nýtt líf með flottum myndböndum í bakgrunninum.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Diktu
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hörpunni
Fimmta breiðskífa Diktu kom út 4. september og ber nafnið Easy Street. Af því tilefni ætlar hljómsveitin að halda útgáfutónleika í Norðurljósasal Hörpu og fagna plötunni. Öllu verður tjaldað til hvað varðar ljósa- og hljóðkerfi til að tónleikarnir verði sem glæsilegastir.

Platan var unnin á tveggja ára tímabili í Þýskalandi og Íslandi undir stjórn upptökustjórans Sky van Hoff.

**Hvað?** Krystal Carma DJ set
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó
DJ Krystal Carma eða Arnljótur Sigurðsson úr hljómsveitinni Ojba Rasta þeytir skífum í kvöld.

**Hvað?** Quiet Generation
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Quiet Generation snýr aftur á Café Rosenberg eftir sex mánaða pásu og ætla að halda uppi stuðinu.

**Hvað?** Trúbadorinn Alexander
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** American Bar
Flestir elska góðan trúbador og því ættu áhugasamir að kíkja á Alexander sem ætlar að taka góða slagara í kvöld á American Bar.

## Uppistand

**Hvað?** Uppistand á Skúla
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Skúli Craft Bar
Miðvikudaginn 9. september ætlar Hugleikur Dagsson að kíkja í heimsókn á Skúla og fylla húsakynnin af hlátri eins og honum er einum lagið. Þessir viðburðir hafa ávallt slegið í gegn, þar sem góður bjór og gott grín eiga einstaklega vel saman. Gott að mæta snemma til þess að tryggja sér borð.

## Hátíðir

**Hvað?** Gullmolinn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Molinn
Stuttmyndahátíðin Gullmolinn verður haldin hátíðleg í annað skipti í Molanum í Kópavogi. Hátíðin var stofnuð í fyrra í Skapandi sumarstörfum Kópavogsbæjar og festir það verkefni sig nú í sessi sem árlegur menningarviðburður í Kópavogi. Gullmolinn miðar að því að vera vettvangur upprennandi kvikmyndagerðarmanna og stuttmynda þeirra. Þar gefst þeim tækifæri á að prófa sig áfram og fá uppbyggilega gagnrýni. Á Gullmolanum fá þeir tækifæri til að taka þátt í hátíð og sýna myndir sínar fyrir víðan hóp áhorfenda annarra kvikmyndagerðarmanna. Vill Gullmolinn þannig stuðla að sköpun grasrótarsamfélags kvikmyndagerðarmanna sem geta rætt sín á milli og unnið saman í framtíðinni.

## Uppákomur

**Hvað?** Hvernig byrja ég að fjárfesta?
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólabíó
Ungir fjárfestar standa fyrir fræðslufundi í sal 1 í Háskólabíó. Þar mun Björn Berg fræðslustjóri VÍB fræða áhugasama um það hvernig hægt sé að byrja að fjárfesta. Hvað þarf að gera, hvert á að snúa sér, hversu mikinn pening þarf til o.fl. spurningum verður reynt að svara auk þess sem Björn mun svara spurningum áhugasamra. Fyrirlesturinn var haldinn í ágúst fyrir troðfullum sal í Háskólanum í Reykjavík og því má búast við að aðsókn verði mikil í dag.

**Hvað?** Yoga Moves
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Hörpunni
Þriðja árið í röð verður eitt af opnum rýmum Hörpunnar lagt undir eitt heljarinnar hugleiðslu-jóga-dans-partí með lifandi tónlist. Í ár mun Tómas Oddur Eiríksson, jógakennari og forsprakki Yoga Moves, leiða stundina í Háloftum. Rýmið er á áttundu hæð með glæsilegu útsýni yfir miðbæinn, Faxaflóann og Esjuna.

**Hvað?** Sagnakaffi: Forlagatrú og ferðalög
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Gerðubergi
Aðalsteinn Ásberg mætir með gítarinn, segir gestum sögur og brestur í söng á milli miðvikudaginn 9. september kl. 20 í Gerðubergi Sagnakaffi er ný viðburðaröð í Gerðubergi en þetta misserið er jafnframt boðið upp á handverkskaffi, heimspekikaffi og bókakaffi á miðvikudagskvöldum í Gerðubergi. Sagnakaffi er í umsjón Ólafar Sverrisdóttur. Í Gerðubergi verður reynt að víkka út ramma hefðbundinnar sagnamennsku. Sagðar verða sögur í tali, tónum, takti, ljóðum og leik. Fólk úr ýmsum geirum þjóðfélagsins verður fengið til leiks, svo sem tónlistarfólk, leikarar, uppistandarar, ljóðskáld og rapparar svo fátt eitt sé nefnt.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Small Talks: John Wood
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpan
John Wood er heiðursprófessor í hönnun við Goldsmith University í London, sem er einn virtasti hönnunarskólinn í Evrópu. Þar kennir hann við MA-deildina Designs Futures, sem hann tók einnig þátt í að stofna. Á fyrirlestri Hönnunarmiðstöðvar og Listaháskóla Íslands í Kaldalóni mun John fjalla um hlutverk hönnuða í samtímanum og hugtakið „metadesign“. John er skemmtilegur fyrirlesari sem ferðast viðstöðulaust um heiminn til að aðstoða skóla, fyrirtæki og fólk við að móta hlutverk hönnunar og framtíðarsýn um hönnun.

**Hvað?** Málþing um andlega líðan íþróttamanna
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Háskólanum í Reykjavík
Íþróttafræðisvið HR, Knattspyrnusamband Íslands og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands efna til málþings um andlega líðan íþróttamanna. Málþingið verður í stofu M208 í HR en þar mæta meðal annars Hafrún Kristjánsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir, Sævar Ólafsson og Ingólfur Sigurðsson þar sem þau ræða málin og svara spurningum. Fjallað verður um geðrænan vanda og algengi hans hjá íþróttamönnum, íþróttaiðkun í mótvindi og svartnætti og fleira.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt þá skrá þá inni á visir.is








FRÉTTABLAÐIÐ
TAKTU ÞÁTT Í BÍÓLEIK FRÉTTABLAÐSINS. SENDU TÖLVUPÓST Á LEIKUR@FRETTABLADID.IS MEÐ NAFNI, KENNITÖLU, SÍMANÚMERI OG NETFANGI. HEPPNIR ÞÁTTTAKENDUR FÁ MIÐA Á LOVE & MERCY
SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN

# Grímurnar falla í Hörpu í kvöld

„Ég er bara búinn að vera hérna að fara fram og til baka til að reyna að koma auga á aukapláss til að koma fleirum fyrir,“ segir Tómas Ó. Eiríksson, sem stendur fyrir Yoga Moves í Hörpu í kvöld. Fyrir löngu er orðið uppselt á viðburðinn, en alls komast eitt hundrað manns fyrir á háaloftinu. „Við erum að blanda saman jóga og tónlist, og það hefur alveg sýnt sig að innst inni langar okkur öll að dansa. Við Íslendingar höfum dálítið týnt danskúltúrnum okkar, en það er stutt í hann,“ útskýrir Tómas og bendir á að við þurfum í eðli okkar ekki að skjóta í okkur einum eða tveimur köldum áður en hægt sé að bresta í dans.

Segir Tómas Yoga Moves ekki aðeins blanda saman lifandi tónlist, jóga, dansi og hugleiðslu, heldur einnig kynslóðum. „Við höfum verið að fá til okkar fólk frá fimm ára aldri upp í sextíu og fimm ára, og allir gleyma sér í dansinum. Það er eitthvað við það að vera saman í rými, og þurfa ekki að tala. Að fá að vera bara í tengingu án þess að fylla rýmið af orðum og fá bara að vera í líkamanum. Hér tala allir sama tungumálið, en segja ekki orð.“

Fyrir þá sem ekki náðu að tryggja sér miða í Hörpu í kvöld, bendir Tómas á að Yoga Moves standi fyrir tímum á Dansverkstæðinu öll fimmtudagskvöld, þar sem vinsælustu plötusnúðar landsins líti við og spili tónlist. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á yogamoves.is. – ga

**VIÐ ERUM AÐ BLANDA SAMAN JÓGA OG TÓNLIST, OG ÞAÐ HEFUR ALVEG SÝNT SIG AÐ INNST INNI LANGAR OKKUR ÖLL AÐ DANSA.**



Tómas segir ríkt í manneskjunni að finna taktinn og það sé einkar frelsandi að tjá sig stundum án þess að tala út í eitt. Mynd/Mirta Kokali



Hljómsveitin verður klædd í sparifötin á tónleikunum í kvöld.

# Fagna útgáfu

Hljómsveitin Dikta fagnar í kvöld útgáfu sinnar fimmtu breiðskífu, Easy Street.

Útgáfu plötunnar verður fagnað í Norðurljósasal Hörpu.

„Við erum gríðarlega spenntir, þetta er í fyrsta skipti í Hörpunni og ný plata þannig að þetta eru ný lög fyrir okkur líka. Við höfum ekkert spilað þessi lög mikið, við vorum í svona smá hléi í spilamennsku,“ segir bassaleikari sveitarinnar, Skúli Z. Gestsson, og bætir við að öllu verði til tjaldað í kvöld. „Þetta verður eins og venjan er á útgáfutónleikum, aukahljóðfæraleikarar og allt í sparifötum. Við í sparifötum og lögin í sparifötum.“

Hljómsveitin hefur verið starfandi í fjölda ára og segir Skúli því ekki mikið stress í mannskapnum fyrir að koma fram. „Við erum búnir að vera hljómsveit í sautján ár þannig að það er ekkert mikið stress. Þetta er alltaf gaman,“ segir hann og bætir við: „Þetta er náttúrulega hljómsveit en líka bara vinátta þannig að stress er ekkert rosalega fyrirferðarmikið.“

Á næstunni mun hljómsveitin vinna að því að kynna nýju plötuna og meðal annars spila á tónlistarhátíðinni Airwaves sem fer fram í byrjun nóvember og á næsta ári ætlar hún að kynna plötuna erlendis en platan kemur út á næstunni í Þýskalandi.

Hljómsveitina Diktu skipa þeir Haukur Heiðar Hauksson, Jón Bjarni Pétursson og Jón Þór Sigurðsson auk Skúla. Tónleikarnir fara fram í Hörpu klukkan 21.00.

**ÞETTA VERÐUR EINS OG VENJAN ER Á ÚTGÁFUTÓNLEIKUM, AUKAHLJÓÐFÆRALEIKARAR OG ALLT Í SPARIFÖTUM. VIÐ Í SPARIFÖTUM OG LÖGIN Í SPARIFÖTUM.**







Bókmenntahátíð'15

VEISLA FYRIR LESENDUR Í IÐNÓ OG NORRÆNA HÚSINU 9.–12. SEPTEMBER

Lena Andersson / Andri Snær Magnason / Maziar Bahari / Bergsveinn Birgisson / Hassan Blasim / Teju Cole / Dave Eggers / Emil Hjörvar Petersen / Halldóra Thoroddsen / Jón Gnarr / Katja Kettu / Kristín Ómarsdóttir / Pierre Lemaitre / Lilja Sigurðardóttir David Mitchell / Nanna Rögnvaldardóttir / David Nicholls / Oddný Eir Ævarsdóttir / Ófeigur Sigurðsson / Óskar Árni Óskarsson Stine Pilgaard / Kim Stanley Robinson / Ana María Shua / Steinunn Sigurðardóttir / Timur Vermes / Vilborg Dagbjartsdóttir Vilborg Davíðsdóttir / Danny Wattin / Yrsa Sigurðardóttir / Þórdís Gísladóttir / Þórunn Erlu- og Valdimarsdóttir

KYNNTU ÞÉR DAGSKRÁNA Á WWW.BOKMENNTAHATID.IS



ÍSLENSK TÓNLIST!

21:15
**MISTRESSES**
Bráðskemmtilegir bandarískir þættir um fjórar vinkonur og skrautleg samskipti þeirra við hitt kynið. Þættirnir eru byggðir á samnefndri breskri þáttaröð. Í þessum þætti eru flutt tvö íslensk lög með hljómsveitunum Kaleo og Of Monsters And Men.

FRÁBÆR **MIÐVIKUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

20:10
**LÝÐVELDIÐ**
Ferskur íslenskur skemmtiþáttur þar sem þekktir einstaklingar gefa álit og ráð í ýmsum málum til dæmis um stefnumótamenningu landans.



20:35
**COVERT AFFAIRS**
Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.



22:45
**MAJOR CRIMES**
Hörkuspennandi þættir um lögreglukonu sem er ráðin til morðrannsóknadeildar innan lögreglunnar í Los Angeles.



22:00
**CAPTAIN PHILLIPS**
Stórmynd byggð á sannri sögu um skipstjórann Richard Phillips (Tom Hanks) og baráttu hans við sómalska sjóræningja árið 2009.



3 22:30
**COLD CASE**
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum rykföllnum sakamálum.



Krakka stöðin 07:00-20:30
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is


# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Middle Þriðja syrpan af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðurin Frankie hefur í mörg horn að líta.
**08.30** The Crazy Ones Geggjaðir gamanþættir með Robin Williams og Söruh Michelle Gellar í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um Zach Cropper, sjálfsöruggan en sérvitran textahöfund sem vinnur fyrir auglýsingastofu dóttur sinnar, Sydne.
**08.55** Mom
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.05** Höfðingjar heim að sækja.
**11.25** Heimsókn
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Nashville
**13.45** Nashville
**14.30** White Collar
**15.20** Restaurant Startup
**16.05** Big Time Rush
**16.30** Up All Night
**16.55** Raising Hope
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** The Simpsons
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.20** Víkingalottó
**19.25** The Middle
**19.45** Mindy Project
**20.10** Lýðveldið
**20.35** Covert Affairs
**21.15** Mistresses
**22.00** Rita
**22.45** Major Crimes
**23.30** NCIS
**00.15** Tyrant
**01.00** Death Row Stories
**01.45** Hyde Park On Hudson
**03.20** The Look of Love
**05.00** The Middle
**05.25** Fréttir og Ísland í dag



The Mindy Project 19.45

## SPORT

**11.20** Rússland - Svíþjóð
**13.00** Ítalía - Búlgaría
**14.40** Demantamótaröðin - Zurich
**16.40** Lettland - Tékkland
**18.20** Svíþjóð - Austurríki
**20.00** Euro 2016 - Markaþáttur
**20.50** Slóvakía - Úkraína
**22.30** Tyrkland - Holland
**00.10** UFC Now 2015
**00.55** Spánn - Slóvakía

## SPORT 2

**07.30** England - Sviss
**12.00** Southampton - Norwich
**13.40** Messan
**14.55** Goðsagnir - Tryggvi Guðmunds
**15.50** Georgía - Skotland
**17.30** Premier League World 2014/15
**18.00**Liverpool - West Ham
**19.50** England - Sviss
**21.30** Euro 2016 - Markaþáttur
**22.20** Færeyjar - N-Írland
**00.00** Tottenham - Everton

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** PGA Tour 2015
**12.00** PGA Tour 2015 - Highlights
**12.55** PGA Tour 2015
**16.55** Golfing World 2015
**17.45** Champions Tour Highlights 20
**18.40** PGA Tour 2015
**23.40** Inside The PGA Tour 2015
**00.05** Dagskrárlok

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.35** Cristela Skemmtilegir þættir um Cristelu sem er að klára lögfræðinám og fær tækifæri til þess að vinna á virtri lögfræðistofu en yrði þó ekki á launum. Því neyðist hún til að búa hjá systur sinni sem er nú þegar með fullt hús ættingja. Cristela er hæstánægð með tækifærið en það eru ekki allir jafn bjartsýnir fyrir hennar hönd.
**19.00** Hart Of Dixie
**19.45** Baby Daddy
**20.10** Legit
**20.30** The Originals
**21.15** The Mysteries of Laura
**22.00** Witches of east End
**22.45** Sirens

## KRAKKASTÖÐIN



Latibær 09.25

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Tommi og Jenni
**07.55** UKI
**08.00** Brunabílarnir
**08.22** Stóri og Litli
**08.35** Lukku láki
**09.00** Ævintýri Tinna
**09.25** Latibær
**09.47** Zigby
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.45** Doddi litli og Eyrnastór
**10.55** Leyndarmál vísindanna
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Tommi og Jenni
**11.55** UKI
**12.00** Brunabílarnir
**12.22** Lukku láki
**12.47** Stóri og Litli
**13.25** Latibær
**13.47** Zigby
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.45** Doddi litli og Eyrnastór
**14.55** Leyndarmál vísindanna
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Tommi og Jenni
**15.55** UKI
**16.00** Brunabílarnir
**16.22** Lukku láki
**16.47** Stóri og Litli
**17.00** Ævintýri Tinna
**17.25** Latibær
**17.47** Zigby
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.45** Doddi litli og Eyrnastór
**18.55** Leyndarmál vísindanna
**19.00** Alpha og Omega Bráðskemmtileg, talsett teiknimynd fyrir alla fjölskylduna. Hún fjallar um úlfahjörð sem býr í fallegum og friðsælum þjóðgarði.

## GULLSTÖÐIN

**17.45** Strákarnir **18.15** Friends
**18.40** New Girl
**19.00** Modern Family
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Tekinn
**20.15** Beint frá messa
**21.00** Grey s Anatomy
**21.45** Chuck
**22.30** Cold Case (22.23).
**23.15** Cold Feet
**00.05** Tekinn
**00.30** Beint frá messa
**01.20** Chuck
**02.00** Cold Case
**02.45** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.30** Cast Away
**13.50** The Clique
**15.15** The Decoy Bride
**16.45** Cast Away Robert Zemeckis, leikstjóri Forrest Gump, og Tom Hanks leiða saman hesta sína á ný í þessari dramatísku ævintýramynd. Myndin fjallar um metnaðarfullan vinnuþjark sem kemst einn af úr flugslysi og skolar upp að ströndum eyðieyju. Möguleikarnir á að komast aftur í siðmenninguna eru litlir og verður hann að bjarga sér á brjóstvitinu. Fjórum árum síðar hefur honum tekist að setja saman fleka með segli og freistar þess að komast heim á ný í faðm stúlkunnar sem hann ætlaði sér að eyða ævinni með.
**19.05** The Clique
**20.30** The Decoy Bride
**22.00** Captain Phillips
**00.15** The Lookout Mögnuð spennumynd um upprennandi íshokkístjörnu sem lendir í bílslysi sem kostar tvo vini hans lífið og hlýtur sjálfur alvarleg meiðsl. Einmana og bitur fellur hann brátt fyrir glæpalífinu og tekur þátt í bankaráni sem endar í æsilegri baráttu uppá líf og dauða. Með aðalhlutverk fara Joseph Gordon-Levitt, Jeff Daniels og Isla Fisher.
**01.55** Prisoners
**04.25** Captain Phillips

## RÚV

**15.30** Ítalía - Þýskaland Bein útsending frá Evrópumóti karlalandsliða í körfubolta. Leikið er í Berlín.
**17.30** Táknmálsfréttir
**17.40** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Landakort
**18.00** Fréttir
**18.20** Íþróttir
**18.25** Veður
**18.30** EM stofa
**18.50** Ísland-Spánn Bein útsending.
**20.45** EM stofa
**21.10** Víkingalottó
**21.15** Innsæi
**22.00** Tíufréttir
**22.20** Veðurfréttir
**22.25** EM stofa
**22.45** Jihadi brúðir Hvernig stendur á því að ungar konur yfirgefa öryggið í bresku heimalandi sínu til að gerast meðlimir Íslamska ríkisins? Heimildarþáttur þar sem könnuð eru fimm ólík tilfelli um slíkt, þar sem bakgrunnur kvennanna er skoðaður og athugað hvernig líf þeirra er í dag. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.40** Kóðinn
**00.35** Fréttir

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.22** Dr. Phil
**09.06** The Biggest Loser
**09.47** The Biggest Loser
**10.32** Pepsi MAX tónlist
**13.50** Cheers
**14.14** Dr. Phil
**14.55** Welcome to Sweden
**15.17** Reign
**15.59** Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course
**16.23** America's Next Top Model
**17.05** Royal Pains
**17.48** Dr. Phil
**18.33** The Talk
**19.12** Parks & Recreation
**19.33** Playing House
**19.53** Growing Up Fisher
**20.15** America's Next Top Model
**21.00** Girlfriends 'Guide to Divorce
**21.45** Satisfaction
**22.30** Madam Secretary
**23.15** Agents of S.H.I.E.L.D.
**00.00** Extant
**00.45** Girlfriend's Guide to Divorce
**01.30** Satisfaction
**02.15** Brooklyn's Finest
**04.30** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
JASON CLARKE
JOSH BROLIN
JOHN HAWKES
ROBIN WRIGHT
EMILY WATSON
KEIRA KNIGHTLEY
SAM WORTHINGTON
AND JAKE GYLLENHAAL
EVEREST
BYGGÐ Á ÓTRÚLEGRI SANNRI SÖGU
FORSALA HAFIN Á midi.is, Miði OG SAMbio.is
FRUMSÝND 18. SEPTEMBER
LAUGARÁS BÍÓ
SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN
BORGAR BÍÓ

# Leika leiðinlegustu & skemmtilegustu lögin

Nýdönsk spilar á tvennum tónleikum um helgina þar sem lögunum er skipt í flokka, skemmtilegustu og leiðinlegustu lögin.



**Kynna Nýlundann til leiks**
„Goggurinn á lundanum er í fánalitunum okkar. Þannig að þetta er mjög eigulegt fyrir aðdáendur sveitarinnar en um er að ræða 100 tölusetta og áritaða Nýlunda," segir Jón um hinn nýja söluvarning sveitarinnar.

Það er svo mikill húmor í hljómsveitinni og við reynum að hafa gaman af þessu og brydda upp á einhverju nýju á hverju ári," segir Jón Ólafsson, hljómborðsleikari Nýdanskrar, um árlega hausttónleika sveitarinnar.

„Flestir vilja heyra sömu lögin, það er bara þannig. Það vilja allir heyra vinsælustu lögin, skemmtilegustu lögin sem eru á safnplötum og spiluð í útvarpinu og svona," segir Jón. „Svo er náttúrulega fólk sem mætir á hverju ári og okkur langaði að auka þjónustustigið hjá okkur og bjóða upp á aðra tónleika sem væru með leiðinlegustu lögunum. Lögunum sem eru eiginlega aldrei spiluð í útvarpinu. Þau eru þyngri, lengri, dýpri eða á einhvern hátt flóknari. Skemmtilegustu lögin verða á laugardeginum í stóra Eldborgarsalnum, af því það er svo skemmtilegt á laugardögum," segir Jón sposkur og heldur áfram: „Leiðinlegustu lögin eru í minnsta salnum í Hörpu, Kaldalóni, á sunnudagskvöldið af því það er svo leiðinlegt."

Lífið fékk Jón til að fara yfir hvaða lög sveitarinnar falli í flokka skemmtilegustu og leiðinlegustu laga sveitarinnar. **gydaloa@frettabladid.is**



Hér má sjá hljómsveitarmeðlimi í misgóðum gír en þeir eru þó allir spenntir fyrir tónleikum helgarinnar.

Fréttablaðið/Pjetur

## SKEMMTILEGUSTU LÖGIN

**FLUGVÉLAR** Íslendingar hafa náð að tengja allverulega við þetta lag og það er ekki langt síðan yfir 10.000 manns sungu þetta með okkur í brekkunni í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum.

**NÝR MAÐUR** Óvenju fjörugt lag frá sveitinni. Eitt vinsælasta lagið af plötunni Diskó Berlín sem hljómsveitin sendi frá sér í fyrra. „Það er gott að dansa!"

**FRELSIÐ** Lag sem kom út árið 1990 á hljómplötunni Regnbogaland. Margir vísa gjarnan í texta lagsins til að lýsa líðan sinni: „Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil."

**ÞÁ KEMUR ÞÚ** Gullfallegt en jafnframt dramatískt lag og texti, samt ekki leiðinlegt. Þetta náði vinsældum þegar það kom út í annað sinn, á hljómplötunni Nýdönsk & Sinfó þar sem Björn Jörundur rífur úr sér hjartað við flutninginn.

**NOSTRADAMUS** Vinsældir þessa lags komu hljómsveitarmeðlimum töluvert á óvart á sínum tíma enda flókið í forminu með mörgum köflum. Síendurtekið viðlagið gerir þó sennilega gæfumuninn þannig að lagið fer í skemmtilega flokkinn.

## LEIÐINLEGUSTU LÖGIN

**STJÖRNURYK** Lag og texti eftir Jón Ólafsson af plötunni Deluxe sem skaut hljómsveitinni í fremstu röð árið 1991. Náði ekki eyrum útvarpsmanna og hefur sárasjaldan verið flutt á tónleikum.

**RÍKI KONUNGANNA** Stefán Hjörleifsson gítarleikari er með mjög persónulegan stíl sem lagahöfundur. Þetta lag ber öll hans höfundareinkenni og fer um víðan völl á akri tónfræðinnar. Flókið lag að spila og töluvert tormelt að auki.

**LEIÐINLEGASTA LAG Í HEIMI** Þetta lag verður að vera í flokki leiðinlegu laganna – þó ekki væri nema út af titlinum og yrkisefninu.

**SVITI** Flókin útsetning á töff lagi af hljómplötunni Hunang. Það var aldrei spurning um í hvorn flokkinn þetta lag færi.

**TRÉ** Eitt af fyrstu lögum Daníels. Í miklu uppáhaldi hjá mörgum en þetta er sjaldan flutt í útvarpi og hljómsveitin sennilega bara einu sinni leikið það opinberlega áður; á sjálfum útgáfutónleikum Regnbogalands. Marglaga músíktré með stofni, greinum og blöðum.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

LANDSBRAUÐ

Til styrktar Slysavarnafélaginu Landsbjörg

Íslenskir bakarar vilja vekja athygli á hollustu trefjaríkra brauða. Trefjarík blanda af höfrum, byggi og rúgi stuðlar að eðlilegri og góðri meltingu. Bakarar hafa nú á boðstólum Landsbrauð sem er trefjaríkt hollt brauð. Landsbrauð er mjúkt, milt á bragðið og einstaklega ljúffengt.

Slysavarnafélagið Landsbjörg fær 30 kr. í sinn hlut af hverju seldu brauði, til styrktar einingum félagsins.



Landsbrauð er trefjaríkt og inniheldur m.a. heilmalað korn.

TREFJARÍKT




ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Ka Trend Plus 3 dyra 1,2i bensín, 69 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 115 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# Þingmenn í sparifötunum



## EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

félags- og húsnæðismálaráðherra

Best klæddi þingmaðurinn var án efa Eygló. Hún tók áhættu með því að mæta á þingsetninguna í leðurbuxum og hlébarðakápu en það kom skemmtilega á óvart. Kápan fer henni einstaklega vel og hún sýnir það og sannar að þingmenn geta líka haft gaman þegar það kemur að tískunni.

## GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON



þingmaður Bjartrar framtíðar

„Jakkinn sem ég er í er frá Harris Tweed, keyptur í Herrafataverzlun Kormáks og Skjaldar. Tweedjakkarnir henta vel við íslenskar aðstæður enda var búið að spá stormi,“ segir Guðmundur en merkið Harris Tweed er eitt af hans uppáhalds. „Ég hef átt þennan jakka lengi enda er hann alltaf klassískur.“

## KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR



þingmaður Samfylkingarinnar

„Kjóllinn er nú bara úr H&M og er keyptur í Ljúbliana á tuttugu evrur. Ég var rosalega hrifin af honum,“ segir Katrín og bætir við að það hafi verið liturinn og sniðið sem heillaði hana hvað mest við kjólinn.
Skórnir eru frá merkinu Billi Bi. „Ég gifti mig í þessum skóm. Þeir eru orðnir svolítið gamlir og ég nota þá spari.“
Jakkinn er notaður og er úr versluninni Gyllta kettinum. „Hann er svona svolítið stór og eitthvað með herðapúðum og svona,“ segir Katrín glöð í bragði.

## PÁLL JÓHANN PÁLSSON



þingmaður Framsóknarflokksins

„Ég á nokkur dress sem ég fer í til skiptis þannig að ég bara man ekki hvaða merki þetta er,“ segir Páll um jakkafötin sem hann klæddist í gær.
Páll var með grænt bindi í stíl við flokkslitina. „Ég kaupi oft bindi þegar ég er á ferðinni einhvers staðar. Sérstaklega ef þau eru græn af því maður er nú í Framsóknarflokknum. Svo eru vinir og kunningjar að gefa manni græn bindi og svona.“

## RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR



iðnaðarráðherra

Ragnheiður var í öllu svörtu eins og svo margar íslenskar konur en það var eitthvað við dressið hennar sem var extra flott. Kjóllinn sem hún klæddist var með flottum smáatriðum og í flottu sniði sem fór henni vel.

## GUNNAR BRAGI SVEINSSON



utanríkisráðherra

Gunnar var í klassískum jakkafötum en skar sig úr fjöldanum með skemmtilegu skærbleiku bindi sem er ekki algengt hjá alþingismönnum. Jakkafötin voru flott í sniðinu og Gunnar labbaði fullur sjálfstrausts frá Dómkirkjunni inn í þingsalinn.

## HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR



þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Hanna Birna var frekar sumarlega klædd í ljósum litum og víðum sniðum. Hún lét haustlægðina ekki stöðva sig þegar hún gekk frá Alþingishúsinu og skar sig svo sannarlega úr fjöldanum.


Viltu vita hvað eignin þín hefur hækkað í verði ?
Frítt verðmat og framúrskarandi þjónusta í þína þágu.



Kristján Þ. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is



Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900
www.fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is


# Stórstjörnur spá Hrútum góðu gengi

Kvikmyndin Hrútar var valin sem framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna í kosningu innan Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar á mánudagskvöld. Mun myndin keppa fyrir Íslands hönd sem besta kvikmyndin á erlendu tungumáli. Segir Diljá Ámundadóttir, kynningarfulltrúi Hrúta, það þó ekki staðfestingu á að myndin fari alla leið til Hollywood.

„Nú þarf bara að bíða þar til 28. febrúar en þá mun akademían þar ytra tilkynna tilnefningar til Óskarsverðlaunanna 2016,“ útskýrir hún og vísar til hinna eftirsóttu Un Certain Regard verðlauna á Cannes sem Hrútar hrepptu, sem og smekkfullrar sýningar á myndinni um liðna helgi á Telluride-hátíðinni í Colorado í Bandaríkjunum þar sem færri komust að en vildu. Endaði svo með að blásið var til óvæntrar aukasýningar, slíkur var áhuginn á íslenskum hrútum.

Diljá segir að þar hafi þungavigtarfólk í kvikmyndaiðnaðinum á borð við Michael Keaton og Merryl Streep tjáð sig um ágæti Hrúta.



Sigurður Sigurjónsson og Theodór Júlíusson, aðalleikarar Hrúta.

„Bransinn er mikið að tala um myndina á jákvæðum nótum og telur líklegt að hún rati alla leið. Hvernig sem fer svo á endanum hefur þetta umtal klárlega komið íslenskri kvikmyndagerð enn betur á kortið,“ segir Diljá að lokum. Fari Hrútar alla leið verður kvikmyndin sú þriðja í sögu íslenskrar kvikmyndagerðar til að slást um Óskarinn fyrir hönd Íslendinga. – ga



SONY

# HORFÐU Í GÆÐIN

5 ÁRA ÁBYRGÐ Á ÖLLUM SONY SJÓNVÖRPUM

## SONY W80 androidtv



Afburðahönnun og frábær myndgæði frá meisturum Sony

X-Reality PRO · Live Football Mode · Motionflow XR 1000 · Full HD 1080

43" – Verð: 149.990 kr.
50" – Verð: 199.990 kr.
55" – Verð: 239.990 kr

## SONY X8 androidtv 4K



4K Ultra HD upplausn, sjáðu hvert smáatriði í nýju ljósi

X-Reality PRO · Live Football Mode · Motionflow XR 800 · Motionflow XR 1000

43" – Verð: 199.990 kr.
49" – Verð: 239.990 kr.
55" – Verð: 299.990 kr.

## SONY W85 androidtv



Sjáðu stærstu myndina í snjallasta sjónvarpinu

X-Reality PRO · Live Football Mode · Motionflow XR 800 · Full HD 1080

65" – Verð: 369.990 kr.
75" – Verð: 569.990 kr.

## SONY S85 androidtv 4K



Fullkominn bogi tryggir einstaka upplifun með 4K Ultra HD upplausn

X-Reality PRO · Live Football Mode · Motionflow XR 800

55" – Verð: 369.990 kr.
65" – Verð: 549.990 kr.

## SONY W70



Glæsilega hönnuð hágæða sjónvörp á frábæru verði

X-Reality PRO · Live Football Mode · Motionflow XR 200 · Full HD 1080

32" – Verð: 99.990 kr.
40" – Verð: 129.990 kr.
48" – Verð: 159.990 kr.

## SONY X90 androidtv 4K



Upplifðu hvert einasta smáatriði í 4K Ultra HD kristaltærri upplausn

X-Reality PRO · Live Football Mode · Motionflow XR 800

55" – Verð: 459.990 kr.
65" – Verð: 639.990 kr.

Nýherji / Borgartúni 37 / Kaupangi Akureyri / netverslun.is

NÝHERJI




SÉRHANNAÐIR HEILSUKODDAR



Hentar þeim sem sofa á hlið

TEMPUR® ORIGINAL HEILSUKODDINN

Þessum mælum við sterklega með fyrir þá sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda vegna líkamlegra ástæðna. Hönnun hans fylgir náttúrulegri sveigju hálsins til að styðja við mænu og hrygg til að veita þér fullkomna næturhvíld.

Verð kr. 18.900

CLASSIC COMFORT KODDAR




Hentar nær öllum svefnstellingum

TEMPUR® CLOUD COMFORT HEILSUKODDINN

Comfort koddinn er gerður sérstaklega úr TEMPUR® ES (Extra Soft) efninu og veitir einstakt jafnvægi í mýkt og stuðningi. Tilvalinn fyrir þá sem vilja stuðninginn sem TEMPUR® er þekkt fyrir, en mýktina líka.

Verð kr. 24.875




Hentar nær öllum svefnstellingum

TEMPUR® TRADITIONAL HEILSUKODDINN

Sígild lögun þessa kodda veitir unaðslega tilfinningu og þægilegan stuðning í öllum svefnstellingum. Fáanlegur mjúkur, medium og stífur – sígild þægindi fyrir alla.

Verð kr. 19.900

www.betrabak.is

Betra BAK

Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík · Sími 588 8477 | Opið virka daga frá kl. 10-18 & Laugard. frá kl. 11-16
Dalsbraut 1, Akureyri · Sími: 558 1100 | Skeiði 1, Ísafirði · Sími 456 4566 |

Barnaheill
Save the Children á Íslandi









Justin Bieber og Jason Derulo eru holdgervingar fuccboi-tískunnar í Hollywood. Það er greinilegt að margir íslenskir strákar líta upp til þeirra. Þeir eru báðir í ekta fuccboi-leðurjökkum og leðurskóm sem vekja mikla athygli.

# Hver er þessi fuccboi?

Ungir drengir virðast í auknum mæli klæða sig í fuccboi-stílnum en margir virðast eiga erfitt með að skilgreina þá tísku.



Hvort sem þú hefur heyrt um það eða ekki þá er fuccboi-tískan komin til Íslands og það er enginn sem getur stöðvað það. Margir hafa velt því fyrir sér hver þessi fuccboi sé sem allir eru að tala um. Af hverju er hann svona umdeildur? Hvaðan kemur hann? Fréttablaðið spurði nokkra sérfræðinga og hvort þessi tíska sem virðist vera að taka yfir efstu bekki grunnskóla og menntaskóla landsins sé góðs viti og hvort hún sé komin til að vera. Margir líkja fuccboi-num við hnakkann sem var vinsæll fyrir um það bil fimm árum.

Það helsta sem þú þarft að vita um fuccboi er að hann er ungur drengur á aldrinum 15 til 20 ára, lítur upp til poppsöngvara á borð við Justin Bieber og rappara eins og Kanye West. Þeir taka trendin alla leið, stundum aðeins of langt. Það er mikið af leðri, rennilásum, áberandi litum, síðum bolum, þröngum buxum og góð derhúfa er punkturinn yfir i-ið.

Fuccboi-tískan er ekki séríslenskt fyrirbæri heldur þekkist hún um allan heim. Hún er til í fleiri útfærslum í öðrum löndum. Hér á landi hafa þó ungu strákarnir þróað sína eigin týpu sem getur ekki verið neitt nema góðs viti. Eitt er víst, fuccboi-inn er ekki á förum og því gæti verið kominn tími til að Íslendingar fari að sætta sig við hann. **gunnhildur@frettabladid.is**



## Sindri Snær Jensson:

„Fuccboi-tískan þróaðist einhvern veginn upp úr poppkúltúrnum. Tónlistarmenn byrjuðu að „representa“ þetta útlit. Það hafa margir séð þessa tísku en það er erfitt að skilgreina hana. Leðurbuxur, síðir bolir með rennilásum á hliðunum, leðurbót á hnén og margt sem ég er ekkert sérstaklega hrifinn af. Það eru margir sem taka þetta allt of langt og eru of ýktir í þessu fuccboi-lúkki en það eru líka margir sem gera þetta fínt. Það eru til dæmis margir fótboltamenn sem innleiða þetta í sinn eigin stíl eins og til dæmis að vera í dýrum strigaskóm en eru samt ekki svona ógeðslega ýktir. Það þarf að fara fínt í þetta. Rennilásar á stuttermabolum og gervileðurermar á ekki að vera til. Fólk má samt auðvitað klæðast því sem það vill, sérstaklega ef því finnst það flott en ég hef mínar skoðanir.“



## Ólafur Kjaran Árnason:

„Justin Bieber er fyrirliðinn. Hann er allaf einu skrefi á undan og með allt þetta fuccboi-dæmi „á lási“. Í grunninn er þetta ekkert flókið: ef þú klæðir þig eins og fuccboi, hugsar eins og fuccboi og vilt bara gera einhverja fuccboi-hluti – þá ertu sennilega fuccboi. En hugtakið er mjög loðið og lifandi, sem gerir þetta svolítið erfitt fyrir fólkið á Árnastofnun. Í grófum dráttum erum við að tala um síða skyrtu eða bol og níðþröngar, klofsíðar buxur, helst smá rifnar eða með einhverju leðri eða rennilásum. Eitraðir skór og kannski veik „derra“ eða keðja. Hinn íslenski fuccboi hlustar líklega á Steinar, Gísla Pálma og Sturlu Atlas og hann biður ekki um mikið: dæmigerður fuccboi vill bara lifa í núinu, vera með pening, gott lúkk, nýjan síma og manneskju til að elska. Fuccboi var kannski neikvætt hlaðið orð í upphafi, en núna er þetta bara hugtak yfir það sem er að gerast í efri bekkjum grunnskóla og menntaskólum úti um allt land. Maður sér þetta alls staðar – og það er ekkert að þessu, þetta er mjög ferskt.“

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjalti Egilsson *hjalti@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir *geira@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


TVENNU
LOKUM
í kvöld kl. 20
Við á Domino's ætlum að fagna góðu gengi og skemmta okkur saman í kvöld.
Staðir Domino's verða því lokaðir frá kl. 20 í kvöld nema í Skeifunni en þar verður opið í alla nótt eins og venjulega. Við verðum síðan mætt á vaktina á hefðbundnum tíma á morgun. Sjáumst!
OPIÐ Í SKEIFUNNI
Mundu að panta tímanlega í kvöld!
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
Pósturdreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Birtu Björnsdóttur



# Talandi um mömmu

Öll eigum við í huganum lista yfir hluti sem vekja hjá okkur viðbjóð eða valda okkur einhvers konar hugarangri. Algengt er að rottur kalli fram gæsahúð hjá einhverjum á meðan geitungar og köngulær fá aðra til að missa stjórn á sér. Allt er þetta býsna hefðbundið og háir hverjum og einum mismikið.

Á dögunum játaði móðir mín fyrir mér hvað situr í efsta sæti á hennar ógeðslista. Það eru ekki farsóttir, hákarlar eða blóðsugur. Nei, ekkert veit móðir mín viðbjóðslegra í þessum heimi en tölur. Og ég er ekki að tala um tölur á blaði, líkt og stóraukin fjárframlög til þjóðkirkjunnar. Nei, ég á við litlar hvítar tölur sem sinna skyldu sinni þegar þær halda skyrtuklæddum einstaklingum í fötunum og sængum inni í sængurverum.

Það hvarflar ekki að mér að hæðast að þessari fóbíu móður minnar. Ég er bara hamingjusöm yfir að hún hafi loksins þorað að tala opinskátt um þetta. Ég sé talsvert margt í nýju ljósi með þessar upplýsingar í farteskinu. Minnist til dæmis skyrtu sem ég átti eitt sinn og þótti nokkuð ágæt. Mamma, sem studdi mig í öllum tískuslysum ævi minnar, að svörtum varalit meðtöldum, fann þessari meinlausu skyrtu allt til foráttu. Sagði að ég minnti á miðaldra kokk í blá- og hvítröndóttri flíkinni. Nú veit ég að röndótta skyrtan var ekki orsökin, heldur litlu hvítu tölurnar sem héldu henni saman.

Og greining liggur meira að segja fyrir. Nú get ég sagt í fyrsta skipti nokkuð sem ég bjóst ekki beint við segja nokkurn tíma, mamma mín þjáist af koumpouno-fóbíu. Og hún er hreint ekki ein. Tölur ollu ekki ómerkari manni en Steve Jobs álíka hugarangri og móður minni. Af hverju haldið þið að hann hafi alltaf verið í rúllukragabol? Nú þyrfti Lars Lagerbäck bara að stíga fram og segjast hafa óbeit á tölum, þá fyrst getur mamma borið höfuðið hátt.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland







KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS
Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, 999 kr. bókunargjald - og töskugjald ekki innifalið.